Menningarminjar í Tunguhreppi í Norður-Múlasýslu

Svæðisskráning

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS079-98088
Reykjavík 1999

Efnisyfirlit

Inngangur.....*3*

Skrá um menningarminjar í Hróarstungu.....*3*

NM-075 Stóribakki.....**3**

NM-076 Blöndugerði.....**6**

NM-077 Litlibakki.....**9**

NM-078 Hrærekslækur.....**13**

NM-079 Galtastaðir ytri.....**17**

NM-080 Bót.....**19**

NM-081 Heiðarsel.....**25**

NM-082 Rangá.....**28**

NM-083 Vífilsstaðir.....**32**

NM-084 Heykollsstaður.....**35**

NM-085 Dögunargerði/Dagverðargerði.....**39**

NM-086 Straumur.....**43**

NM-087 Litla Steinsvað.....**46**

NM-088 Galtastaðir fremri.....**48**

NM-089 Kleppjárnstaðir.....**51**

NM-090 Brekka.....**52**

NM-091 Brekkusel.....**55**

NM-092 Hallfreðarstaðir.....**56**

NM-093 Hallfreðarstaðahjáleiga.....**60**

NM-094 Fremrasel.....**61**

NM-095 Kirkjubær.....**62**

NM-096 Gunnhildargerði.....**69**

NM-097 Nefbjarnarstaðir.....**77**

NM-098 Geirastaðir.....**83**

NM-099 Húsey.....**85**

NM-611 Fornleifar á fleiri en einni jörð.....**89**

NM-612 Óstaðsetjanlegar fornleifar.....**90**

Heimildaskrá.....*91*

–

Inngangur

Nú er unnið að undirbúningi svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað. Samkvæmt þjóðminjalögum er fornleifaskráning lögbundin þáttur í skipulagsstarfi og var leitað til Fornleifastofnunar Íslands um skráningu fornleifa á Héraði og í Borgarfirði eystra. Öll skráningarvinnan fór fram eftir kerfi Fornleifastofnunar Íslands og að henni lokinni eru til upplýsingar um fornleifar á öllu skráningarsvæðinu í einum gagnagrunni.

Í þessari skýrslu er birt minjaskrá Borgarfjarðarhrepps hins forna og skrá um þær heimildir sem notaðar voru. Nánari greinargerð um aðferðir þær sem beitt var, byggðasögu og sögu fornleifaskráningar er að finna í skýrslunni *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Svæðisskráning*. Heildarfjöldi fornleifa í Tunguhreppi eru 689 staðir á 25 jörðum sem eru að meðaltali 27,6 fornleifar á jörð. Auk þeirra eru átta fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð og eru það helst götur og vegir innansveitar sem utan. Einnig er einn minjastaður sem ekki var unnt að staðsetja innan ákveðinnar jarðar. Heimildarkönnunin var unnin af Sædísi Gunnarsdóttur sem vann þessa skýrslu ásamt Orra Vésteinssyni.

Skrá um menningarminjar í Hróarstungu

NM-075 Stóribakki

12 hdr. 1695, 1847 Blöndugerði hjáleiga. “Landamörk S eru við Blöndugerði við Blönduós og Tíkartjörn, við Fremrasel norður vestanverða Sprekahlíð og Stóra-Bakkaháls í vörðuna Píku og þaðan móti Hallfreðarstöðum og Litla-Bakka niðru í Jökulsá um það bil mitt á milli bæjarhlutanna.” Stundum var þríbýli á jörðinni á 19. öld. SJM I, 319.

1918: Tún 5,7 ha, garðar 635 m2. Út frá túni og alla leið að mörkum Litla-Bakka liggur þurrt harðvellisflæmi, víðfrægt og óbrigðult heyskaparland, heyjað mjög bæði af heimamönnum og ýmsum bændum í grennd, Stóra-Bakkaþýfi. Ofan við þýfið er greiðfært hálfdeigjusvæði, Stóra-Bakkablá, nú að mestu framræst. Þetta er mesta samfelda engjasvæðið í sveitinni ...” SJM I, 319.

NM-075:001 *Stóribakki* bæjarhóll bústaður
“Á jörðinni voru 2 torfbæir í sama þorpi fyrst á öldinni, óvíst um aldur. Öðrum breytt og byggður upp um 1907. Baðstofa og bæjardyr undir reisifjöl, en önnur hús með rafti. Samk. F´18 frammihús, steypt á 3 vegu, með járni, virt 650 kr., en baðstofan á 300 kr. - 9x6 álnir. Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús. Búið í bænum til ´26.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 320

NM-075:002 heimild túngarður
“Forn garður um tún ...” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:003 heimild túngarður
“Fyrir 1920: Hlaðinn hár torfgarður um hluta túns, gaddavír um hinn hlutann.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:004 Bakkahús heimild fjárhús
“Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús.” segir í Sveitum og jörðum. “Norðar, á bakka Jökulsár, sem rennur norðan við túnið, var fjárhús kallað Bakkahús.” segir í örnefnalýsingu. Skrái ekki hlöðurnar 6 því líklegast er að þar hafi verið áfastar einhverjum af fjárhúsunum og hesthúsunum.
Heimildir: SJM I, 319; Ö-Stóribakki, 3

NM-075:005 *Bjarnakofi* heimild fjárhús
“Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús.” segir í Sveitum og jörðum. “Þar nokkru utar [en 004] var annað fjárhús, kallað Bjarnakofi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 319; Ö-Stóribakki, 3

NM-075:006 *Tvígarðahús* heimild fjárhús
“Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús.” segir í Sveitum og jörðum. “Utan við lækinn [Bæjarlækurinn] er Bjarnahóll; þar var fjárhús, kallað Tvígarðahús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 319; Ö-Stóribakki, 3

NM-075:007 *Austurhús* heimild fjárhús
“Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús.” segir í Sveitum og jörðum. “Beint austur af því [006] var enn fjárhús, kallað Austurhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 319; Ö-Stóribakki, 3

NM-075:008 heimild fjárhús
“Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:009 heimild hesthús
“Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:010 heimild hesthús
“Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:011 heimild hesthús
“Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:012 heimild hesthús
“Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:013 heimild hesthús
“Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:014 *Hvammssel* bæjarstæði býli
“1804 er hér með talin eyðihjáleigan Hvammssel.” segir í jarðabók 1847. “Hvammssel, afbýli frá Blöndugerði. Þar var búið 1703 og aftur á öndverðri 19. öld.” Sjá NM-123.

Heimildir: JJ 1847, 353-356; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 178.

NM-075:015 *Píka* varða landamerki
“Landamörk S eru við Blöndugerði við Blönduós og Tíkartjörn, við Fremrasel norður vestanverða Sprekahlíð og Stóra-Bakkaháls í vörðuna Píku og þaðan móti Hallfreðarstöðum og Litla-Bakka niðru í Jökulsá um það bil mitt á milli bæjarhlutanna.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:016 tóftir
“Fornar rústir eru nálægt Stórhól milli S og Litla-Bakka. Talið, að þar hafi býli verið, en nefn þess gleymt og rústirnar óglöggar.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:017 heimild áveita
“... leifar af áveitum við bæjarlæk, líklega frá s.hl. 19. aldar.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:018 *Hamrasel/Hamrahús* heimild beitarhús
“Rústir af tvennum beitarhúsum uppi á hálsinum, en þau þriðju enn í notkun.” segir í Sveitum og jörðum.
“Undir Hömrunum utan til eru rústir af beitarhúsum frá Stórabakka. Þar var kallað Hamrasel eða Hamrahús, en nú er þar kallað Hamratættur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 319; Ö-Stóribakki, 4

NM-075:019 *Hjallahús* heimild beitarhús
“Rústir af tvennum beitarhúsum uppi á hálsinum, en þau þriðju enn í notkun.” segir í Sveitum og jörðum.
“Neðan við Hálsinn út af Vegklauf eru rústir af öðrum beitarhúsum, sem kallaðar eru Hjallatættur (munu hafa verið kallaðar Hjallahús).” segir í örnefanlýsingu.
Heimildir: SJM I, 319; Ö-Stóribakki, 5

NM-075:020 *Geithús* heimild beitarhús
“Rústir af tvennum beitarhúsum uppi á hálsinum, en þau þriðju enn í notkun.” segir í Sveitum og jörðum.
“Út og upp af íbúðarhúsinu á Árbakka eru beitarhús, kölluð Geithús. Þau eru notuð enn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 319; Ö-Stóribakki, 5

NM-075:021 varða landamerki
“Landamerki Stórabakka og Blöndugerðis: Úr Blönduósi við Jökulsá, bein lína í vörðu á Hamraendum, þaðan bein lína í vörðu á Finnbogahrauni, þaðan bein lína í Tíkartjörn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóribakki, 2

NM-075:022 varða landamerki
“Landamerki Stórabakka og Blöndugerðis: Úr Blönduósi við Jökulsá, bein lína í vörðu á Hamraendum, þaðan bein lína í vörðu á Finnbogahrauni, þaðan bein lína í Tíkartjörn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóribakki, 2

NM-075:023 varða landamerki
“Landamerki Stórabakka og Fremrasels eru: Bein lína úr Tíkartjörn út norðan á Sprekahlíð í vörðu á svonefndum Hörgum. Þar mætast lönd Stórabakka, Hallfreðarstaða og Fremrasels.” segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 015
Heimildir:. Ö-Stóribakki, 2

NM-075:024 varða landamerki
“Milli Stórabakka og Hallfreðarstaða eru mörkin úr áðurnefndri vörðu á Hörgrum [023], bein lína í Skollaklett, þaðan bein lína í vörðu framan við Lækjardal.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóribakki, 2

NM-075:025 varða landamerki
"Landamerki milli Litlabakka og Stórabakka: Úr áðurnefndri vörðu [?], bein lína í Rauðalækjarfoss, þaðan bein lína í vörðu við Jökulsá. ... Varðan við Jökulsá er utan við svonefnda Sláttulág." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóribakki, 2

NM-075:026 *Hringur* örnefni
"Framan við bæ á Stórabakka er stykki, sem hét Hringur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóribakki, 3

NM-075:027 gata leið
"Utan við Hamrana heitir Vegaklauf. Þar liggja götur í Fremrasel, næsta bæ." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóribakki, 5

NM-075:028 *Réttardalur* örnefni rétt
"Utan við Hamrana heitir Vegaklauf. Þar liggja götur í Fremrasel, næsta bæ. Inn af Vegaklauf er Réttardalur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóribakki, 5

NM-075:029 heimild beitarhús
"Beint upp af bæ á Stórabakka eru víst rústir af þriðju beitarhúsunum, nafnlausar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóribakki, 5+

NM-075:030 bæjarstæði býli
"Spölkorn utan við Geitahús, neðan við Hálsinn, er malarhóll, sem heitir Stórihóll. Upp af honum heitir Kollóttimelur. Þarna er sagt, að séu rústir af fornbýli, en ekki vitan menn nafn á því." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóribakki, 6

NM-076 Blöndugerði

Hjáleiga Stórabakka 1847. Talið 3 hdr með eyðihjáleigunni Hvammseli. "Landamörk við Gil og um leið hreppamörk við Jökuldal eru frá Grásteini við Jökulsárgljúfur spöl innan við brúna og skáhallt sa. að vörðu við Dimmadal utanvert í Heiðarendanum, þaðan móti Fremraseli sjónhending norður í Tíkartjörn á norðanverðri Sprekahlíð og á móti Stóra-Bakka úr tjörninni niður í ós Blöndu í Jöklu skammt utan við bæ." SJM I, 316.

1918: Tún 1,8 ha, garðar 438 m2. "Engjar í B þóttu reytingssamar og oft snöggar, er greiðfærar. Túnið var 1,5-2 ha. um 1910. Það var heldur jarðgrunnt og bólar víða á klöppum og stórgrýti. Besti hluti þess var bæjarhóllinn greiðfær en harðslægur. Inn með brekkunum fyrir ofan var grasgefið stórþýfi, seilukennt." SJM I, 317.

NM-076:001 *Blöndugerði* bæjarhóll bústaður
"Gamli bærinn var íburstastíl á nær sama stað og núv. íbúðarhús. Bæjardyr í sa. Baðst. 9x4 álnir, tvískipt, alþiljuð undir reisifjöl. Bærinn byggður fyrir 1890, rifinn ´38-´39."Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 317

NM-076:002 kuml legstaður
"Árið 1942 fundu vegargerðarmenn fornt kuml á melhól á hálsinum austan við Jökulsárbrú, hægra megin vegarins, þegar austur er farið. Voru þar fúnar mannsbeinaleifar undir dálítilli upphækkun og grjót í, sem virðist raðað kringum þessa haugnefnu. Haugfé: Lykill úr járni, líkur Rygh 459. Hnífur (blaðið), úr járni. Finnanda virtist annað óhreyft kuml vera þarna rétt hjá."
Heimildir: KEKH 1956, 171

NM-076:003 *Krossvarða* varða landamerki
“Landamörk við Gil og um leið hreppamörk við Jökuldal eru frá Grásteini við Jökulsárgljúfur spöl innan við brúna og skáhallt sa. að vörðu við Dimmadal utanvert í Heiðarendanum, þaðan móti Fremraseli sjónhending norður í Tíkartjörn á norðanverðri Sprekahlíð og á móti Stóra-Bakka úr tjörninni niður í ós Blöndu í Jöklu skammt utan við bæ.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 316

NM-076:004 heimild beitarhús
“Utan í Brúarhálsi eru beitarhús um 20 mín. gang frá bæ, enn í notkun.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 317

NM-076:005 *Timbursel* bæjarstæði býli
“Ofan við Blöndu, sunnan við Hamraenda eru rústir smábýlis, er Timbursel hét og engjablettur við, Timburselsenni.” segir í Sveitum og jörðum. “Utan við Blöndu móti Brúarhálsi heitir Stórabakkaháls. Á þeim hálsi eru rústir af eyðibýli, sem heita Timbursel.” segir í örnefnalýsingu HS: “Timbursel, afbýli frá Stóra-Bakka. Þar var búið 1816.” 1816 búa þar hjón með syni sínum en býlið komið í eyði 1847.
Heimildir: SJM I, 317; Ö-Blöndugerði, 4; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum” 178.

NM-076:006 heimild fjárhús
“Enn torfhús fyrir 20 kindur og 6 hesta og 2 skálahlöður ...” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 317

NM-076:007 heimild fjós
“Torffjós f. 4 ...” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 317

NM-076:008 heimild mylla
“Myllutótt við Myllufoss í Blöndu.” segir í Sveitum og jörðum. “Inn af Hamraendum er foss í Blöndu, sem heitir Myllufoss; þar er Myllutótt (vatnsmylla).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 317; Ö-Blöndugerði, 4

NM-076:009 heimild vallargarður
“Vallargarður ævagamall, sýnilegur fram yfir ´40.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 317

NM-076:010 heimild
“Hagagirðing litlu síðar með hleðslum í klettaskörð, gaddavir og torfg.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 317

NM-076:011 varða landamerki
“Landamerki Blöndugerðirs og Fremrasels eru: Úr áðurnefndum steini á heiðarenda í vörðubrot utan við þjóðveg norðan við Dimmadal. þaðan sjónhending í smávörður norðan við Mjóadal ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Blöndugerði, 1

NM-076:012 *Stórhús* heimild fjárhús
“Rétt framan við bærinn er fjárhús, sem var kallað Stórhús.” segir í örnefnalýsingu. Rúmaðir 60 kindur
Heimildir: Ö-Blöndugerði, 2

NM-076:013 *Lambhús* heimild lambhús
“Rétt framan við bærinn er fjárhús, sem var kallað Stórhús. Nokkuð fyrir framan það hús er annað hús, sem kallað var Lambhús.” segir í örnefnalýsingu. Rúmaðir 50 lömb.
Heimildir: Ö-Blöndugerði, 2

NM-076:014 heimild nátthagi

“Út og upp á túni, utan við Bæjarlæk var nátthagi, og sér hans enn merki; þar heitir Hagi.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Blöndugerði, 2

NM-076:015 kuml legstaður

Um miðjan ágúst 1985 fann Guðbjörg Kolka, húsfreyja á Hvanná í Jökuldal, beinaleifar við vegarsneiðinginn hjá Jökulsá á Brú, Lágu beinin undir klettabelti sem að sumu leyti er til orðið við vegagerð. Haustið 1975 varð áður vart mannabeina á þessum slóðum, a.m.k. fannst þar lærleggur sem glataðist, og annar lærleggur mun hafa fundizt á þessum slóðum. Og á árunum milli 1920 og 1930 féll hauskúpa þarna niður af klettinum hjá manni, sem þar áði, en hún mun hafa glatazt einnig. Gunnlaugur Haraldsson safnstjóri á Akranesi kannaði staðinn vandlega og skrifaðir ýtarlega skýrslu um fundinn, sem kom til safnsins 16/10 1985. - Það sem þarna fannst voru leifar af tveimur höfuðkúpum, brot af kjálka, tennur, hálsliði- og fleiri beinaleifar, svo og brýni úr skífer með gati, járnbrot og viðarkolamolar. - Spanskgræna er á kjálkabrotinu, sem greinilega er frá bronshlut, sem þar hefur legið. Gunnlaugi virtist ótvírætt, að beinin myndu vera komin úr kumlum, er verið höfðu á brúninni ofan við klettabeltið, en nýlega hafði jarðýta skafið jarðveginn þar uppi og ýtt fram af klettunum, en í ruðningnum þar niðri voru beinin og hlutirnir, án nokkurs skipulags að sjálfsögðu, en hlutir þessir, þótt fábreytilegir séu, benda vafalaust til kumla. Einnig styður höfuðkúpanm sem áður varð vart þarna, það.

Á þessum slóðum fannst beinagrind árið 1929, sem sett hefur verið í samband við hvarf “silfursalans” svonefnda, sem á að hafa týnzt á þessum slóðum árið 1830. En þau bein eru örugglega talin af öðrum toga og munu yngri en þau sem nú fundust, og hefur jafnvel verið getið til, að þau munu vera að sakamanni, sem tekinn hafi verið af lífi á “Trébrúarþingi”, sem þarna var háð.

Heimildir: Rannsóknarskýrsla Gunnlaugs Haraldssonar, ds. 15/10/1985 í skjalasafni Þjms., og viðbætur Guðmundar Ólafssonar deildarstj., ds.21/10 1985.

NM-076:016 heimild rétt

“Klettarnir upp af bæ heita Bæjarklettar. Í þeim klettum er klauf, sem Bæjarlækurinn rennur eftir; hún er kölluð Lækjarklauf. Framan viðLækjarklauf er skora í klettinn. Þar var rétt, nú aflögð.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Blöndugerði, 3

NM-076:017 heimild kvíar

“Rétt ofan við túnið framan við lækinn voru Kvíar.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Blöndugerði, 3

NM-076:018 heimild stekkur

“Ofan við bæjarklettaendann eru rústir af Stekk.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Blöndugerði, 3

NM-076:019 *Tvívörður* varða

“Upp af bæ, á Brúarhálsi, eru tvær vörður á klapparhæð; þær heita Tvívörður.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Blöndugerði, 3

NM-076:020 *Háuvörður* varða

“Upp af bæ, á Brúarhálsi, eru tvær vörður á klapparhæð; þær heita Tvívörður. Inn af þeim norðan á hálsinum eru Háuvörður.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Blöndugerði, 3

NM-076:021 heimild beitarhús

“Austan í hálsinum austur frá bæ eru Beitarhús (notuð enn).” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Blöndugerði, 3

NM-076:022 *Trébrúarþing* heimild þingstaður

Trébrúar- eða Brúarþings er fyrst getið 1564 "Klettabelti liggur þarna fyrir ofan rétt hjá og hæst beint upp af þar sem beinin [023] lágu. Þar mundi gálgatréð hafa staðið fram af, og borið grjót á endann uppi."

Heimildir: Benedikt Gíslason, Smiður Andrésson, 129

NM-076:023 heimild legstaður

Mannabein fundust nálægt brúnni á Jökulsá á Brú sumarið 1929 "er verið var að ljúka við að gera hinn svokallaða Hróarstunguveg milli Lagarfljótsbrúar og Jökulsárbrúar … Hinn sama dag, er beinin fundust, og aðeins stuttri stund síðar, bar mig þar að á ferðalagi. … Verksmummerki voru þau, að stór steinn hafði klofnað í tvennt … og var þar komin allvíð glufa, á að gizka 14-18 þumlunga breið, á milli steinanna. Þarna lágu beinin í hrúgu í glufunni, en þó höfuðið efst. Síðan var raðað hellum yfir glufuna milli klofninganna, og svo þakið með torfi, hnaus og snyddu yfir hellurnar. … Eigi mun glufan hafa verið öllu meira en einn metri á dýpt. / Það, sem vakti athyglu mína fyrst og fremst, var, hvað haganlega og fallega var um allt búið, … Vegagerðarmennirnir höfðu stungið torfþakið ofanaf hellunum, því þarna var grýtt jörð og erfitt að afla efnis í veginn. Þá kom þessi umbúnaður í ljós. Hellurnar voru valdar af sem jafnastri þykkt, og raðað með hagleik, til hlífðar fyrir bein hins framliðna manns, og mun óhætt að segja, að að þeim hafi ekki komið deigur dropi síðan, er þau hlutu þennan umbúnað. … Hellu hafði verið lyft til hálfs ofan af grafhýsinu, og seildist ég til höfuðkúpunnar, og fylgdu henni ekki kjálkarnir. Ósköpduð, hvít og skinin, með afar sterklegum tönnum og öllum heilum. Bein öll hvít og skinin, og ekkert eyvi fata. Kom og ekkert í ljós í gröfinni, er benti til fata, hnappa eða þess háttar …"

Beinafundur þessi var snemma settur í samband við hvarf silfursala úr Reykjavík sem síðast sást til á Fossvöllum 1830. Benedikt Gíslason á Hofteigi hafnar þeirri skýringu og telur beinin eftir sakamann sem hafi verið tekinn af lífi á Trébrúarþingi og bendir á Þórð Andrésson sem tekinn var af lífi 1714 sem mögulegan kandídat.

Heimildir: Benedikt Gíslason, Smiður Andrésson og þættir, 127-128

NM-077 Litlibakki

6 hdr. 1695, 16 hdr. 1847. 1558: Kaupbréf fyrir Litlabakka í Tungu með landamerkjum. " ... med þessum takmaurkum wt j [Geirastadi. og sionhending nordur j Jokulsáá. og rettsyni vpp j Hrerikslék. og ör læknum og fram j Merkidal. er hann kalladi. En aa milli stora Backa og litla Backa. fyrr greindrar jardar. eru þessi takmaurk fram j Beriahol og vpp aa halsenn. og nordur j Jokulsaa." Jón Jónsson greiddi 4 hdr fyrir jörðina "skýlldi þar j vera þriu malnýtu kugilldi og þriu hundrut j aullum þarflegum peningum ..." DI XIII, 296-297.

1918: Tún 3,3 ha, garðar 350 m2. "Landamörk við Hrærekslæk eru yst á áðurnefndu Hagholti niður við Jökulsá og þvert austur í Hrærekslækinn, sem heitir Græfnalækur, þar sem hann liggur að landi L. Lækurinn deilir síðan löndum L og Hallfreðarstaða inn í krók niður af hallfreðarstöðum og þaðan liggja mörkin nokkrun vegin beint áfram í vörðuna Píku á Hálsenda og frá henni móti Stóra-Bakka þvert niður íJöklu nokkuð mitt á milli bæjanna og skurðgröfuskurður á mörkunum." Oft tvíbýli fyrir aldamót. SJM I, 321. f´18 er tún 2,5 ha, hálf slétt, hólótt, hálent og brunagjarnt. SJM I, 322.

NM-077:001 *Litlibakki* bæjarhóll bústaður

"Á Litlabakka hefur lengi verið tvíbýli; bærnir vour kallaðir Efri- og Neðribær. Þar sem Neðribærinn var, er nú íbúðarhúsið á Litlabakka. Efribær var utar og ofar á túninu; nú er búið að slétta yfir hann." segir í örnefnalýsingu.

"Gamli bærinn sneri 4 burstum fram á hlað, bæjardyr og stofa í sömu tótt, eldhús, búr og skemma. Baðstofa bak við 6x12 álnir, portbyggð, byggð um 1890. Reisifjöl á öllum bæjarhúsum, máttarviðir, flestir úr rekstrartrjám. Bærinn var rifinn ´30. 5 hlöður ´17." Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 322; Ö-Litlibakki, 3

NM-077:002 *Efribær* bæjarstæði bústaður

"Enn var Efribær, býli á hól í túninu. Það lagðist niður, er Ameríkuferðirnan hófust, og hefur verið sléttað yfir rústirnar." segir í Sveitum og jörðum. "Á Litlabakka hefur lengi verið tvíbýli; bærnir vour kallaðir Efri- og Neðribær. Þar sem Neðribærinn var, er nú íbúðarhúsið á Litlabakka. Efribær var utar og ofar á túninu; nú er búið að slétta yfir hann." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM I, 321; Ö-Litlibakki, 3

NM-077:003 *Gvendarbrunnur* lind vatnsból

“Fremst í gamla túninu sprettur upp lind nefnd Gvendarbrunnur.” segir í Sveitum og jörðum. “Inn af bæ er framræskt nýrækt, ca. 5 ha., þar er uppsprettulind, sem heitir Gvendarbrunnur, kenndur við Guðmund Arason (góða) biskup á Hólum; þar var tekið neyzluvatn í Neðribæinn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 321; Ö-Litlibakki, 3

NM-077:004 *Litla-Bakka-Skotta* þjóðsaga draugur
“Litla-Bakka-Skotta heitir slæðingur á bænum “mesta þarfagrey” ...” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 321

NM-077:005 heimild túngarður
“Fornir túngarðar.” segir í Sveitum og jörðum. “Út og niður frá bæ (Neðribæ) var kallað Hólhústún frá gömlum túngarði, sem enn sést móta fyrir, og heim að bæ.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 322; Ö-Litlibakki, 3

NM-077:006 heimild kálgarður
“Elsti matjurtagarðar frá um 1890, voru ræktaðar gulrófur aðallega.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 322

NM-077:007 heimild hlaða
“5 hlöður ´17” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 322

NM-077:008 *Geirsstaðir* bæjarstæði býli/beitarhús
“Tvö afbýli eða fornbýli eru í landi jarðarinnar, Geirsstaðir nálægt landamerkjum L og Hrærekslækjar og Gildrugerði. Á báðum stöðum eru miklar rústir. Þar voru síðar beitarhús og eru raunar enn á Gildrugerði. Á Geirsstöðum voru beitarhúsin lögð niður skömmu eftir aldamót ...” segir í Sveitum og jörðum. HS: “Geirsstaðir og Gildrugerði, afbýli frá Litla-Bakka.” Hér var grafið sumarið 1997. “Á þessum ás [við mörkin við Hrærekssstaðir], stuttan spöl innan við landamörkin, eru rústir af eyðibýli, sem heitir Geirsstaðir. Þar voru síðar beitarhús frá Litlabakka, nú aflögð. Hagholtið hefur verið afgirt með torfgarði og hefur tilheyrt þessu býli.” segir í örnefnalýsingu. 1558: Kaupbréf fyrir Litlabakka í Tungu með landamerkjum. “ ... med þessum takmaurkum wt j [Geirastadi. og sionhending nordur j Jokulsáá. og rettsyni vpp j Hrerikslék. og ör læknum og fram j Merkidal. er hann kalladi.”

Í landi Litla-Bakka í Hróarstungu er tótt sem ber nafnið Geirsstaðir. Skammt frá Geirsstöðum eru tætur beitarhúsa sem voru lögð niður skömmu eftir aldamót og tilheyrðu Litla-Bakka. Engin tenging virðist á milli þessa tveggja rústasvæða. Geirsstaðir eru svo að segja með öllu óþekktir og því fátt um staðinn að segja. Nafn bæjarins er einungis þrisvar sinnum skráð á spjöld íslennskra fornbréfa, öll frá sextándu öld. Í þessi þrjú skipti er um kaupbréf að ræða og þar er Geirsstaða allsstaðar getið sem örnefnis á landamerkjum Litla-Bakka og Hrærekslækjar.

Rústin á Geirsstöðum er mjög óljós og erfitt á átta sig á útliti hennar eða stærð. Endi hennar og jarðvegurinn umhverfis hana hverfa út í eitt undir lágvöxnu kjarri. Veggir hennar eru einnig útflattir. Hún liggur á lágum, margra kílómetra löngum ási. Vestan við ásinn rennur Jökulsá, nokkra kílómetra í burtu. Útsýni frá ásnum er gott yfir í Jökulsárhlíðina, sem liggur andspænis Hróarstungu, handan Jökulsána. Víða í ásnum má sjá kolagrafir.

Aðeins einn könnunarskurður var tekinn íu Geirsstaðarústina. Hann var einn metri á lengd. Skurðurinn var tekin frá miðju rústarinnar og út fyrir syðri langvegg hennar. Inni í rústinni kom í ljós þykkt, niðurgrafið gólflag. Í þeim voru engin kol. Utan við langvegginn kom aftur á móti í ljós mikið af morknum beinum og tréflísum. Bein þessi fundist í djúpri gryfju eða gröf, sem hafði verið tekin niður í óhreyfðan jarðveg og í gegnum þykkt lag af landnámsgjósku. Eitt beinanna náðist heilt úr jarðveginum með því að þurrka moldarköggulinn sem hélt því saman. Er Eva Klonowski, beinamannfræðingur, staðfesti síðan með greiningu að hér var um mannabein að ræða n.t.t. augntóttarbein. Beinið var, að tegundargreiningu lokinni, kolefnisaldurgreint og gaf greiningin niður stöðuna AD 980 +/- 60. Gjóskulögin í rústinni voru könnuð af Þorbirni Rúnarssyni jarðfræðingi. Flest þeirra eru mjög skýr. Neðsta gjóskulagið er úr gosi árið 1362 og liggur það samfellt inni í rústinni. Torfhleðsla rústarinnar liggur rúmum 10 cm neðan við gjóskulagið, sem bendir til þess að hætt hafi verið að nota bygginguna löngu áður en grjóskan féll yfir hana. Þarna haldast niðurstöður kolefnisaldursgreininga, gjóskulaga og samhengi jarðlaga í hendur, sem styrkir áreiðanlega aldursgreinarinnar til mikilla muna. Flestar ofangreindra niðurstaðna

benda til þess að rústin sé af kirkju, sem sennilega var reist áður en kristni var lögtekin á Alþingi árið 1000."

Heimildir: SJM I, 321; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 178; Ö-Litlibakki, 4; DI XIII, 296-297; Steinunn Kristjánsdóttir: "Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi", 10-11

NM-077:009 *Gildrugerði* heimild býli/beitarhús
"Tvö afbýli eða fornbýli eru í landi jarðarinnar, Geirsstaðir nálægt landamerkjum L og Hrærekslækjar og Gildrugerði. Á báðum stöðum eru miklar rústir. Þar voru síðar beitarhús og eru raunar enn á Gildrugerði. Á Geirsstöðum voru beitarhúsin lögð niður skömmu eftir aldamót ..." segir í Sveitum og jörðum. "Nokkuð utan við Digruvörðu [018] eru beitarhús frá Litlabakka, semnotuð eru enn í dag. Þau heita Gildrugerði. Þetta er gamalt eyðibýli, og þar voru miklar rústir og hefur verið allstórt tún, girt með torfgarði. Engar heimildir eru um ábúendur þar, og ekki vitað, hvenær þetta býli fór í eyði." segir í örnefnalýsingu. HS: "Geirsstaðir og Gildrugerði, afbýli frá Litla-Bakka." Óljós munnmæli um ábúandann Gildru.

Heimildir: SJM I, 321; Ö-Litlibakki, 7; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 178.

NM-077:010 *Hálsendahús* heimild beitarhús
"Tvö afbýli eða fornbýli eru í landi jarðarinnar, Geirsstaðir nálægt landamerkjum L og Hrærekslækjar og Gildrugerði. Á báðum stöðum eru miklar rústir. Þar voru síðar beitarhús og eru raunar enn á Gildrugerði. Á Geirsstöðum voru beitarhúsin lögð niður skömmu eftir aldamót og einnig hin þriðju í (Stóra-Bakka-) Hálsenda." segir í Sveitum og jörðum. "Norðan í Lækjardalshrygg eru rústir afbeitarhúsum frá Litlabakka, sem heita Hálsendahús. Beint úr af Hálsendahúsum er varða, kölluð Digravarða [022]." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið í landi Stóra-Bakka.

Heimildir: SJM I, 321; Ö-Litlibakki, 7

NM-077:011 *Hagholt* garðlag
"Nálægt Geirastöðum er hæð afgirt með torfgarði, kölluð Hagholt." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 321

NM-077:012 varða landamerki
Landamerki Litlabakka og Hrærekslækjar. "Bein sjónhending úr landamerkjavörðu þeirri, sem stendur á svonefndu Hagholti við Jökulsá." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litlibakki, 1

NM-077:013 varða landamerki
"Milli Hallfreðarstaða og Litlabakka ræður Græfnalækur fram í Grænukeldu, þá ræður Grænakelda að vörðu, sem hlaðin er, þar sem Grænakelda hættir ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litlibakki, 1

NM-077:014 *Hólhús* heimild fjárhús
"Út og niður frá bæ (Neðribæ) var kallað Hólhústún frá gömlum túngarði, sem enn sést móta fyrir, og heim að bæ. Þar var fjárhús, sem kallað var Hólhús. Það stóð norðan við fjárhúsin, sem nú eru." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litlibakki, 3

NM-077:015 *Halakofi* heimild fjárhús
"Norður frá Neðribæ var kallað Halakofatún. Þar var fjárhús, kallað Halakofi, nú aflagt." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litlibakki, 3

NM-077:016 *Melkofatún* örnefni
"Þar fyrir innan [heimagrafreitinn] heitir Melkofatún." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litlibakki, 3

NM-077:017 *Kvíahóll* örnefni kvíar
“Þar fyrir innan [heimagrafreitinn] heitir Melkofatún. Þar er Kvíahóll; yfir hann liggur símalínan, og 4. staur frá bæ er á Kvíahólnum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 3

NM-077:018 *Digravarða* varða
“Norðan í Lækjardalshrygg eru rústir afbeitarhúsum frá Litlabakka, sem heita Hálsendahús. Beint úr af Hálsendahúsum er varða, kölluð Digravarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 6

NM-077:019 *Stjörnukofi* heimild hesthús
“Innan við Gvendarbrunn (022] var hesthús, kallað Stjörnukofi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 3

NM-077:020 gata leið
“Þar norðan í Hálsinum, er mýrarhall, kallað Elftingarenni; þar er á landamerkjum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 6

NM-077:021 garðlag
“Á þessum ás [við mörkin við Hrærekssstaðir], stuttan spöl innan við landamörkin, eru rústir af eyðibýli, sem heitir Geirsstaðir. Þar voru síðar beitarhús frá Litlabakka, nú aflögð. Hagholtið hefur verið afgirt með torfgarði og hefur tilheyrt þessu býli.” segir í örnefnalýsingu. Ekki ljóst hvort garðurinn er utanum tóftirnar eða stendur annarsstaðar, sjá 008.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 4

NM-077:022 *Kýrvarða/Kervarða* varða
“Í Hagholtsblánni niður frá Geirastöðum er hvammur við ásinn, sem heitir Votihvammur. ... Inn og upp frá Votahvammi er varða, sem heitir Kýrvarða (Kervarða).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 4

NM-077:023 heimild samgöngubót
“Á ásunum ... voru margar vörður á beitarhúsaleið til Geirastaða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 5

NM-077:024 heimild leið
“Á ásunum ... voru margar vörður á beitarhúsaleið til Geirastaða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 5

NM-077:025 heimild stekkur
“Neðan við Hafholtsblá, nokkuð innan við Hagholt eru hæðir við Jökulsá, sem heita Sandhæðir. Niður frá túni er Stekkjarnes. Við ána upp frá því eru rústir af Stekk.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 5

NM-077:026 vegur leið
“Bakkarnir við Jökulsá eru þarna skörðóttir og eru nefndir Skörð. Þar innar er dæld, nefnd Skvompa. Þar rétt við eru pollar, sem kallaðir eru Döp. Þá er fjær ánni hóll, sem heitir Veghóll. Innan við hann er kallað Sandskeið. Þarna var vegur áður fyrr.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 5

NM-077:027 *Geirsstaðavarða* varða
“Spölkorn austur af Geirastöðum er á flötu holti Geirsstaðavarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 6

NM-077:028 *Sigvarða* varða

“Spölkorn austur af Geirastöðum er á flötu holti Geirsstaðavarða. Austur af henni er önnur varða, sem heitir Sigvarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 6

NM-077:029 *Háavarða* varða
“Spölkorn austur af Geirastöðum er á flötu holti Geirsstaðavarða. Austur af henni er önnur varða, sem heitir Sigvarða. Nokkuð inn af Sigvörðu er Háavarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 6

NM-077:030 *Gildruvarða* varða
“Á Hálsinum ofan við túnið er engjahóll. Út af honum er varða, sem heitir Gildruvarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 6

NM-077:031 *Gildruvarða* örnefni refagildra
“Á Hálsinum ofan við túnið er engjahóll. Út af honum er varða, sem heitir Gildruvarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 6

NM-077:032 *Torfholt* örnefni rista
“Inn og upp af bæ (austan vegar) er hæð, sem heitir Torfholt. Inn af því er varða, kölluð Stekkjarvarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 6

NM-077:033 *Stekkjarvarða* varða
“Inn og upp af bæ (austan vegar) er hæð, sem heitir Torfholt. Inn af því er varða, kölluð Stekkjarvarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 6

NM-077:034 heimild stekkur
“Inn og upp af bæ (austan vegar) er hæð, sem heitir Torfholt. Inn af því er varða, kölluð Stekkjarvarða. Þar skammt frá var Stekkur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlibakki, 6

NM-077:035 heimild kolagröf
Víða í ásnum við Geirsstaðir sjá 008 má sjá kolagrafir
Heimildir: Steinunn Kristjánsdóttir: “Rannsókn á fornum rústum á Austurlandi”, 10

NM-078 Hrærekslækur

6 hdr. 1555, 1695, 1847. 1555: Kaupbréf fyrir hrærekslæk með landamerkjum: “... og afent með takmorkum fram j Midmundahol og nordur j Jökulsá. og halfa Geirastade gagnuart fra Midmundarhol og austur j Þoresuatn. vr Þoresuatnsfætinum ýtra og ut j Gliufravatnsfotin fræmra. vr Gliufravatnsfætinum ytra og vt at Stackastaudum. og nordur at Jokulsáá.” DI XIII, 22-23. 1561: H nefnd í jarðaskiptaréfi DI XIII, 589-90.

“Landamörk eru að vestan við Jökulsá, að austan móti Kirkjubæ við Gljúfravatn og Fiskilæk, að sunnan frá Hagholti við Jökulsá austur undir Þórisvatni, um 400 m frá norðurenda þess. Að norðan eru Galtastaðir út, mörk frá Gljúfravatnsósi og sjónhending nv. í Hrærekslækinn utan til (Vörðuholt nálægt brúninnu á veginum) og svo með læknum í Jöklu.” SJM I, 328.

“Bærinn stendur í halli vestan við lækinn austan í Bæjaröxl og gamla túnið er milli axlar og lækjar og hallar mót austur. Það var þýft mestallt, grasgefið að jafnaði. Engjar voru víðslægar, heygóðar og spruttu yfirleitt vel, en voru víða í blautara lagi einkum í Tjarnarblá og Blautadal austan við læk og hættur þar fyrir fé.” SJM I, 328.

NM-078:001 *Hrærekslækur* bæjarhóll bústaður
"Torfbærinn var stór og rúmgóður og vistarverur í honum margar. Stofa t.v. við við bæjardyr, löng göng til baðstofu á þrepi bakatil í þorpinu. Baðst. var þrískipt, eldavélarhús í miðpartinum; alþiljuð, nokkuð há og fremur björt, a.m.k. suðurendinn, öll 11x5 álnir. Önnur baðsofa eldri og minni, þiljuð, án eldhúss. Baðstofan o.fl. bæjarhús voru rifinn ´34 og endurbyggður á sama stað torf-timburbær, portbyggð baðst., þrískipt uppi, stofa og eitt herb. niðri, eldhús bak við. Bæjarhúsin jöfnuð við jörðu ´70 nema baðstofan, þar fjós nú."Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 329

NM-078:002 heimild beitarhús
"Við ána eru harðvellisbakkar. Þar eru beitarhús gömul og túnblettur í kring." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 328

NM-078:003 *Holtagerði/Hólagerði/Byrgi* bæjarstæði býli
"Fornlegar húsaleifar og sögulausar eru na. af bæ, á Stekkási og allstór nýrækt á Langamó á svipuðum slóðum." segir í Sveitum og jörðum. "Byrgisás. Minnzt er í skránni á rústir af eyðibýli eða seli. Rústir þessar eru nánast norðan við Byrgisásinn, utan undir Sjónarhrauni. Þær hétu alls ekki Byrgi, heldur á það nafn við beitarhúsatóftirnar, sem eru Njólabrekkum. Stefán Jónsson, bróðir minn, segir, að sig minni þær hafa verið nefndar Holtagerði eða Hólagerði." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 328; Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 3

NM-078:004 *Byrgi* tóft beitarhús
"Aðrar beitarhúsarústir eru í Njólabrekkum suður af Hagabjörgum og á sama stað nátthagi og vörslugarðabrot frá fráfærnatíma." segir í Sveitum og jörðum. "Þar fyrir austan er annar ás, sem heitir Byrgisás. Byrgisás er inn af Njólabrekkum. Á ásnum eru rústir af beitarhúsum, sem voru kölluð Byrgi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 328; Ö-Hrærekslækur, 7

NM-078:005 heimild túngarður
"Túngirðing og fjárgirðing, ýmist eingöngu gaddavír eða vírbönd á gömlum torf-grjótgörðum." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 328

NM-078:006 heimild vörslugarður
"Túngirðing og fjárgirðing, ýmist eingöngu gaddavír eða vírbönd á gömlum torf-grjótgörðum." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 328

NM-078:007 heimild fjárhús
"Torffjárhús (´47) f. 115 ..." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 329

NM-078:008 heimild hlaða
" ...bogaskemma f. 80 og hlaða í öðrum enda, gömul torfhlaða 30 m2." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 329

NM-078:009 heimild fjós
"Gamla fjósið var sérstæð bygging, fornleg og mjög traustleg." segir í Sveitum og jörðum. "Flór eftir miðju, hellulagður af miklum hagleik, 3 básar öðru megin, 1 bás, kálfastía og inngangur hinum megin. Jötur voru skot í útveggi, hlaðin innan grjóti og hellu yfir og framan við í stað jötufjalar. Svipað skot fyrir fjóstunnu, trérenna gegnum vegginn fyrir vatnið. Veggir voru 2,5-3 m á þykkt og tóttin ferköntuð." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 329

NM-078:010 garðlag landamerki

“Milli Hrærekslækjar og Hallfreðarstaða: Úr áðurnefndum læk, nokkru ofar, ræður merkjum garður austur á Stekkáshala, sem er fyrir austan Byrgisás, út eftir honum ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 1-2

NM-078:011 varða landamerki
“Milli Hrærekslækjar og Galtastaða eru merki frá innanverðum Hrærekslækjarás, úr vörðunni á Vörðuhrauni ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 2

NM-078:012 *Plóggarður* örnefni
“Innst og efst í túni er stykki, sem var nefnt Plóggarður. Þetta stykki hafði verið plægt og eitthvað herfað, en var alltaf óslétt.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 3

NM-078:013 heimild hesthús
“Innst og efst í túni er stykki, sem var nefnt Plóggarður. Þetta stykki hafði verið plægt og eitthvað herfað, en var alltaf óslétt. Síðar var byggður þar hesthúskofi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 3

NM-078:014 heimild hesthús
“Yst á gamla túninu var hesthús, svo stóð fjárhús milli Hesthúss og bæjar, kallað Miðhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 3

NM-078:015 *Miðhús* heimild fjárhús
“Yst á gamla túninu var hesthús, svo stóð fjárhús milli Hesthúss og bæjar, kallað Miðhús.” segir í örnefnalýsingu. Þar er nú bogaskemma notuð fyrir fjárhús og hlöðu. Gæti verið sama og 007.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 3

NM-078:016 *Álútur* heimild fjárhús
“Ofan við Miðhúsið var fjárhúskofi, kallaður Álútur.” segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 007
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 3-4

NM-078:017 *Stakahlaða* heimild hlaða
“Milli Miðhúss og bæjar stóð hlaða, kölluð Stakahlaða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 4

NM-078:018 *Hólhús* heimild fjárhús
Ofan við bæinn var fjárhús, kallað Hólhús.” segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 007.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 4

NM-078:019 *Faxakofi* heimild hesthús
“Utan og neðan við hlaðvarpann var hesthúskofi, nefndur Faxakofi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 4

NM-078:020 *Lækjarhús/Stórhús* heimild fjárhús
“Fremst á túninu var og er raunar enn fjárhús, kallað Lækjarhús eða Stórhús.” segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 007.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 4

NM-078:021 *Á Stekknum/Forvaðahús* heimild
“Utan við Forvaðann var Stekkur. Þar voru síðar byggð beitarhús, og voru þau ýmist kölluð Á Stekknum eða Forvaðshús (nú aflögð).” segir í örnefnalýsingu. “Á Stekknum voru aldrei og hafa aldrei verið beitarhús. Það er vitleysa. Þar var aðeins hús garðalausr, einn geimur, og dráttarkró.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Gæti verið saman og 002 eða 004.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 4; Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 4

NM-078:022 *Kolöxl* heimild kolagröf
“Austan við Forvaðasundið er ás, sem heitir Kolöxl. Út af Kolöxl er Kolaxlarhali. Á Kolöxlinni eru margar kolagrafir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 4-5

NM-078:023 *Þrívörður* örnefni
“Inn af Kolöxl heita Þrívörður; þær tilheyra Hæðunum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 5

NM-078:024 *Ambáttarleiði* örnefni
“Austan við Kolaxlarsund er annar ás, sem heitir Miðöxl. ... Inn af Miðöxl heitir Steinahlíð. Austan í hlíðinni er smáhlð, kölluð Ambáttarleiði.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 5

NM-078:025 *Torfholt* örnefni rista
“Í Steinhlíðarmýri, spölkorn framan við túnið, er smáhæð, kölluð Torfholt.” segir í örnefnalýsingu. Þar var veltitorf. segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 5; Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 6

NM-078:026 *Vörðuhraun* örnefni landamerki
“Austan við Hrærekslækinn, móti Grænanesi, er grýt hæð á landamerkjum, sem heitir Vörðuhraun.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 6

NM-078:027 *Stekkás* tóft stekkur
“Austan við Hrærekslækinn, móti Grænanesi, er grýt hæð á landamerkjum, sem heitir Vörðuhraun. Inn af því er ás, sem heitir Stekkás.” segir í örnefnalýsingu. “Á Stekkásnum er fornleg rúst, nafnlaus og sögulaus. Kringum hana má greina leifar af garði, og hefur þarna eflaust verið stekkur til forna ...” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Hrærekslækur, 6, Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 3

NM-078:028 *Kvíaásar* örnefni kvíar
“Inn og austan við Stekkablá eru þrír ásahryggir, kallaðir Kvíaásar. Milli þeirra innarlega er Kvíatjörn ... Austur af Kvíatjörn er hæð sem heitir Blautadalsöxl. Austan við öxlina er mýrarsund, sem heitir Blautidalur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 6

NM-078:029 *Kvíaból* tóft kvíar
“Austan við Hrærekslækinn, móts við bæ, eru rústir af kvíum, kallaðar Kvíaból.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 7

NM-078:030 heimild leið
“Milli Kvíabóls og Klofasteina er smáhæð, sem heitir Kirkjubæjarholt. Þar lágu götur milli Hrærekslækjar og Kirkjubæjar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur, 7

NM-078:031 *Brunnhús* heimild brunnur
“Brunnhús ... var í Fitinni niður af Faxakofa og vestan við það Tröðin, hlaðin heimreið yfir Fitina, neðan frá læknum.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. “Brunnurinn var djúpur, grjóthlaðinn innan , uppspretta. Húrið var hringhlaðiðnn kofi, ævaforn; affallið af brunninum rann undir vegginn um mjóa, helluhlaðan rás.”
Heimildir: Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 1

NM-078:032 *Móhelluvík* heimild vað

“Innan við túnið (gamla túnið) er Móhelluvík. Þar var oft riðið (yfir lækin).” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 1-2

NM-078:033 *Helluvað* heimild vað
“Innan við túnið (gamla túnið) er Móhelluvík. Þar var oft riðið (yfir lækin). Nokkru innar heitir Helluvað og enn lengra Bjarnavað.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 1-2

NM-078:034 *Bjarnavað* heimild vað
“Innan við túnið (gamla túnið) er Móhelluvík. Þar var oft riðið (yfir lækin). Nokkru innar heitir Helluvað og enn lengra Bjarnavað.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 1-2

NM-078:035 heimild mógrafir
“Þarna utan við sveiginn milli Stekkablár [við enda Krókahrauns] og lækjarins heitir Svarðarmýri, enda eru þar nokkrar Svarðargrafir.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 2

NM-078:036 garðlag
“Krókahraun. Vestan lækjarins, samsíða Krókahrauni, eru leifar af fornum hlöðunum garði ...” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 2-3

NM-078:037 *Króin* garðlag nátthagi
“Krókahraun. Vestan lækjarins, samsíða Krókahrauni, eru leifar af fornum hlöðunum garði og í Króarhrauninu sjálfu má sjá leifar af grjóthleðslum í skörðum, til að varna búfénaði uppgöngu. Þetta mun vera Króin, forn nátthagi.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 2-3

NM-078:038 garðlag
“Hagi liggur móti suðaustri, milli Hagabjargs og Gljúfravatns, afar fallegur og sérstæður staður, vaxinn miklum gróðri. Hann er afmarkaður að austan með fornum hleðslugarði, og er þar hlið á, sem gengið er inn.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 3

NM-078:039 *Djúpagata* gata leið
“Sunnan við brekkunni lá djúp og breið reiðgata heim til bæjarins, hét Djúpagata.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrærekslækur ath og viðb, 4

NM-079 Galtastaðir ytri

12 hdr. 1695, 1847, Í rekaskrá Skálholts frá um 1270 segir að kirkjan eigi reka á Galtastaðasandi eins mikinn og máldagar greina frá. DI II, 75. Í máldaga Vallaneskirkju frá 1367 segir “hualreka a gripdeilld tolfung við galltstödinga ...” DI III, 238. 1397 er minnst á G, ekki ljóst hvora jörðina. DI IV, 220. 1562: Galtastaðir eign Heydalskirkju, ekki ljóst hvorir G. DI XIV, 29. 1570 og síðar eru tvennir G nefndi í máldaga Kirkjubæjar. DI XV, 678.

1847 eign Kirkjubæjarkirkju. HÞ: Ytri Galtastaðir eldra en Galtastaðir út. Árbók 1923, 90. “Galtastaðaland liggur að Jökulsá á 6-7 km kafla milli Kaldhöfða og Hrærekslækjar, og var þar lögferja fram á fjórða aldartug. Mörk við Geirastaði, Nefbjarnarstaði og Gunhildargerði liggja inn Tunguás milli Galtastaðalækjar og Haugalækjar, sem er austar. Suðurmörk eru við norðurenda Gljúfravatns.” SJM I, 330.

1918: Tún 3,5 ha, garðar 3200 m2. “Gamla túnið var þýft mestallt í grasgefnara lagi, engjar skammt frá bæ víðlendar og gróðurinn fjölbreytilegur og hollur, útbeit kjarngóð, en nýtur oft illa sökum snjóa og ónæðis, sumarhagar góðir fyrir allan búpening, þótt afréttarland skorti fyrir sauðfé.” SJM I, 330.

NM-079:001 *Galtastaðir ytri* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

NM-079:002 *Strákastaðir* bæjarstæði býli
HS: “Strákastaðir, afbýli frá Galtastöðum út.” “Rústir af eyðibýlinu Strákastöðum eru um 2 km inn af bæ, óvíst um búsetu.” segir í Sveitum og jörðum. “Austan (SA) á honum [Strákastaðahálsi] eru rústir af eyðibýli, sem heitir Strákastaðir. Þar sér til tótta og vörzlugarða. Engar heimildir eru kunnar um þetta býli.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 178; SJM I, 330; Ö-Galtastaðir ytri, 3

NM-079:003 *Djöflastaðir* heimild beitarhús
“1942: Aflögð beitarhús kölluð Djöflastaðir í seinni tíð.” segir í Sveitum og jörðum. Þar var reimt. Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 330; Ö-Galtastaðir ytri, 3

NM-079:004 heimild fjárhús
“Torfhús f. 120 kindur og fjóskofi.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 331

NM-079:005 heimild fjós
“Torfhús f. 120 kindur og fjóskofi.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 331

NM-079:006 heimild ferja
“Utan við Hrærekslækinn eru hæðir, kallaðar Hólar. Spölkorn utan við þá er lægð nefnd Pyttalág. Nokkuð utan við Pyttalág er lág hæð á árbakkanum, kölluð Ferjuholt. Þar var áður lögferja á Jökulsá norðvestur af bæ.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir ytri, 2

NM-079:007 tóft stekkur
“Skammt utan við Ferjuholtið [006] eru rústir af Stekk. Ofan við Stekkinn er Stekkjarklettur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir ytri, 2

NM-079:008 *Stekkablá* örnefni stekkur
“Utan við Strákastaði er grýtt hæð, kölluð Helluholt. Innan við Strákastaðaháls og suðaustur af Víðirhálsi er stórt mýrarflæmi, sem heitir Stekkablá.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir ytri, 3

NM-079:009 heimild mylla
“Utarlega í Tjarnarásnum er klettahæð, sem heitir Reiðhóll. Austan við hólinn er Reiðhólssund. Við Galtastaðalæk norður af Reiðhól var kornmylla (stóð til 1930).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir ytri, 4

NM-079:010 *Gvendarbrunnur* heimild vatnsból
“Fremst í túninu, neðan við brekkuna, er uppspretta, kölluð Gvendarbrunnur, kenndur við Guðmund góða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir ytri, 4

NM-079:011 *Hringhús* heimild fjárhús
“Utan við brunninn var fjárhús, kallað Hringhús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Galtastaðir ytri, 4

NM-079:012 *Stefánshús* heimild fjárhús
"Á hólbarði framan við bæ var annað fjárhús, nefnt Stefánshús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir ytri, 4

NM-079:013 *Langhús* heimild fjárhús
"Þar fyrir ofan var en fjárhús, sem hét Langhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir ytri, 4

NM-079:014 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja
"Utan og ofan við bæ hét Smiðjuhóll." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir ytri, 4

NM-080 Bót

16 hdr. 1695, 20 hdr. 1847. 1506: Selur Þorvarður príor Þorvarði Bjarnasyni hálfa Bót. DI VIII, 120. 1847 Heiðarsel hjáleiga. Gömul afbýli, Bótarsel, Bótargerði, Ásmundarsel, Melasel, Reiðhöfðasel, Sauðahlíðarsel, Svarthamrasel, Hraungerði og svo er Bugsel nefnt í Ö en það gæti verið sama og Melasel. Landamerki með yngir nýbýlum "Að austan Rangá, mörk úr Mjóavatnsenda suður merkidal og áfram beina stefnu í Rangána. Þá taka við hreppamörk við Fell meðfram ánni upphaflega og Sandvatni allt upp í Tröllagrjót og þaðan norður á Jökuldalsmörk fyrir austan Litla-Sandvatn allt upp í Tröllagrjót og þaðan norður á Jökuldalsmörk fyrir austan Litla-Sandvatn. Síðan liggja mörk út og norður heiði að Heiðarselsmörkum. Síðar skiptu Bót og Egilssel á Bótarbug og suðurhluta Bótarheiðar, en það mun ekki hafa haft áhrif á hreppamörk." Bót á afréttarland um miðbik Bótarheiðar. Nýbýli í Bótarlandi eru Flúðir, Skógarhlíð og Hlíð. SJM I, 363.

1918: Tún 5,9 ha, garðar 1285 m2. "Gamla túnið var stórt, vel ræktað og görðum girt, mestallt þýft í öndverðu. Túnið er í tungu milli Rangár að austan og bæjarlækjar að vestan. B er stórbýlisjörð. Engjar voru að vísu ekkert afbragð, en greiðfærar og svo síðslægar, að hægt var að láta þær standa á sinu annað hvert ár." SJM I, 363

“Ofan við Stekkahrygg er Stekköxl, hár ás með klettum í brúnum sem ber við loft frá Vífilsstöðum. Út frá Stekköxl er svo Vegás ... Upp af Hesthústjörninni eru gamlar fjárgötur upp Stekköxlina. Þar hetiri Náttmálagata.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 6

NM-083:029 *Strandvirki* heimild beitarhús
“Framan við Kaplamýrar er Hagavatn, grunnt stöðuvatn. Utan við Hagavatnið byggði Júlíus á Vífilsnesi beitarhús haustið 1940. Sr. Sigurjón á Kirkjubæ gaf þeim nafnið Strandavirki.” segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 006.
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 6

NM-083:030 *Smalaskálahraun* örnefni smalakofi
“Vestur af Vígási er Blautidalur. Hann er að nokkru leyti í Dagverðargerðislandi. Ofan við Blautadal er Smalaskálahraun. Það er hár klettur út af Mjóavatnsháldi. Utan við Smalaskálahraun fellur Krakalækurinn í djúpu gili. Það er kallað Smalaskálahraungil eða bara Gilið.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 7

NM-084 Heykollsstaður

Hjáleiga Rangár, talin 6 hdr af sýslumanni 1847. Jörðin í eyði síðan 1965. “Jörðin á land frá Lagarfljóti og vestur að Sauðahrauni í Lágheiði að Brekkuselslandi. Að norðan eru lönd Galtastaða og Straums og þar sums staðar forn garðlög á annars óglöggum mörkum.” SJM I, 354. 1918: Tún 2,1 ha, garðar 312 m2. Túnið var lítið og deiglent að hluta, ræst fram með lokræsum. SJM I, 354.

NM-084:001 *Heykollsstaður* bæjarhóll bústaður

“Bærinn stóð á Hól neðan við allháan klett, sem nefndur var í daglegu tali Klettur.” segir í örnefnalýsingu. “Búið í gömlum torfbæ, uns jörðin fór í eyði. Baðst. byggð ´19, 9x6 álnir portb. hólfuð í tvennt uppi og niðri, steyptur hliðarveggur fram á hlað. Bæjardyr og stofa saman í tótt við baðstofuenda (norður) búr og hlóðaeldhús að baki og þriggja kúa fjós yst. Járnþak á mestöllum bænum. Búið í bænum til ´65. Rifinn að mestu ´69-´70. Vatnsleiðsla um ´20.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 354; Ö-Heykollsstaðir, 6

NM-084:002 heimild fjárhús

“Fjárhús fyrir um 250 með járnþaki.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 354

NM-084:003 heimild votheysgryfja

“Votheysgryfja úr torfi (´34) notuð í óþurrkatíð, tók um 20 hb.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 354

NM-084:004 *Krakalækjarþing* tóftir þingstaður

“... þingstaðurinn forni við Krakalæk (Krakalækjarþing) eru í landi H við Þinghöfða, sem er lyngivaxinn hóll blásinn í kollinn, frammi við fljótið. Búðartættur eru í lægð á lyngmóum sunnan við höfðann. Þær eru um 20 talsins og glöggar, þar eru friðlýstar. Kolagrafir eru þar víða um móana og vitna um skóg. Þingstaðurinn hefur verið skýll og fagur í skóginum, fram undan Vífilsstaðaflóinn útbreyddur ...” segir í Sveitum og jörðum. Fornleifaskrá: “Vífilsstaðir. ... b. Allar búðatóftir og girðingar á hinum forna Krakalækjarþingstað.”

“Niður við Fljótið er melhóll fremur stór, er Þinghöfði heitir, er skilinn frá Móunum með djúpri skoru. Íslendingasögur segja, að á höfða þessum hafi fornmenn háð þing sín, og þar deildu þeir nafnar, Helgi Droplaugason og Helgi Ásbjarnarsen, sem frægt er. Enn sjást glöggar minjar eftir búðartættur, er votta, að þarna hafi fjölmenni komið saman. Sunnan undir höfðanum er mjó vík en nokkuð löng, er þar góð höfn.” Segir í örnefnalýsingu. Í neðanmálsgrein í skrá ÁG segir að þingstaðurinn sé í landi H, skjal undirritað 25.10.1930, þinglýst 10.7.1931.

1893: “Þarna sjást að minsta kosti 17 búðatóftir, og er afstaða þeirra sem hér segir: Insta búðin [1] er næst þeirri stærstu, sem þar er, og mjög svo fornleg og sokkin í jörð; snýr í suðaustr og suðvestr, búðin er 48 feta löng og 18-19 feta breið; dyr á suðaustr-gafli miðjum. Búðin er eflaust frá fornöld. Um 33 faðma í norðr frá þessari búð er búð (2) sem er 33 feta löng og 19 feta breið. Dyr virðast hafa verið út úr vestra hliðvegg við suðrgafl, og snýr þannig frá norðri til suðrs. Tóftin er fornleg og heldr óglögg. Um 13 faðma í norðr frá þessari búð er tóft (3), sem snýr frá norðri til suðrs; hún er um 36 feta löng og 20 feta breið. Dyr á eystri hliðvegg við suðrgafl. Tóftin er eigi fult eins fornleg sem hinar. Um 14 faðma í norðr frá þessari búð er tóft (4) frá norðri til suðrs, 38 feta löng og 20 feta breið. Dyr helzt á eystra hliðvegg; tóftin er fornleg. Um 2 faðma lítið vestar enn í norðr er búð (5) frá norðri til suðrs, 30 feta löng og 22 feta breið; dyr á miðjum suðrgafli. Tóftin er fremr fornleg og útflött. Um 40 faðma í eigi fult suðaustr frá þessari búð, suðvestan undir Þinghöfðanum nær Lagarfljóti og norðvestarlega í Þingbrekkunni, er búðartóft (6) frá norðr til suðrs; hún er 30 feta löng og 18 feta breið. Dyr á syðra gafli; tóftin er fornleg, þó ber nokkuð á veggjum. Um 3 faðma í suðr frá þessari búð er búðartóft (7), frá austri til vesturs, 51-52 feta löng og 18 feta breið, að því er mælt verðr; dyr á syðra hliðvegg við eystra gaflhlað, að því er séð verðr. Tóftin er mjög fornleg og sokkin í jörð. Í austr frá þessari búð, mjótt sund í milli, eru tvær búðir (8 og 9) með sama gaflvegg í milli. Vestari búðin er 21 fet á lengd og nærri 17 feta breið; dyr á syðra hliðvegg við milliveggin. Eystri búðin er 33 fet á lengd og 18 feta breið. Dyr á syðra hliðvegg við eystra gafl. Búðartóftirnar eru allfornlegar. Um 7 faðma í norðr frá þessari búð (tvíbúðinni), hærra í Þingbrekkunni og fast við Þinghöfðann, er 47 feta löng búð og 19 feta breið, að því er mælt verðr. Dyr virðast helzt hafa verið á suðvestrhliðvegg við norðvestrgafl búðarinnar, eða þá rétt á móti á honum hliðveggnum, ennn það er þó ólíklegra, vegna þess að út þeirri átt (norðaustri) eru verst veðr. Tóftin er ein af þeim fornlegustu og snýr frá norðvestri til suðaustrs. Um 3 faðma í suðaustr frá nr. 8-9 (tvíbúðinni) er búð (11), sem snýr í rétt austr og vestr, 39 feta löng að því er mælt verðr og 18 feta breið, enn breiddarmálið er óáreiðanlegt, því að suðrhliveggrinn sést eigi, svo er hann sokkinn í jörð eða útflattr. Dyr sjást eigi. Búðin er einhver sú fornlegasta á þingstaðnum. Um 6 faðma í rétt vestr frá nr. 11 er 38 feta löng búð (12) og 21 fet á breidd, sem snýr í austr og vestr. Dyr á miðjum vestrgafli. Búðin er nokkuð fornleg; þó sjást veggir glögt, þótt útflattir sé mjög. Um 5 faðma í suðr frá þessari búð er mannvirki, eða líklega endi af búð (13), sem snúið hefir frá norðri til suðrs, enn á syðri endanum eru tvær jarðgrófir svo lengd hennar verðr eigi ákveðin, enn á

breidd er hún um 22 fet. Tóftarbrotið er fornlegt. Um 7 faðma beint í vetr frá nr. 12 er tóft (14), sem víða er sundrgrafin af flögum og þýfð mjög (hlaupin í þýfi), enn að því er mælt verðr virðist hún hafa verið um 20 feta löng og 16 feta breið. Dyr kunna að hafa verið á suðrgafli. Um 20 faðma í fult vestr frá nr. 14 er búð 815), um 28 feta löng og vel 17 feta breið, og snýr í suðvestr og norðaustr. Dyr á suðaustrhlið við suðvestrgafl búðarinnar. Búðin er fornleg líkt og hinar. Um 18 faðma í austr frá nr. 11 er búð (16), nærri því niðri við fjörumark Lagarfljótsins, sem snýr í auðvestr. Hún er um 40 feta löng og 21 fet á breidd, að því er mælt verðr. Dyr helzt á suðvestrgafli. Rétt við austrhornið á nr. 16 er tóft (17), sem virðist hafa verið lítil búð, enn nú mjög aflöguð, einkum eystri gafl; þó virðist búðin eigi hafa verið styttri enn 25 fet og 17-18 feta breið. Dyr virðast hafa verið á suðvestrhliðvegg við suðaustrgafl. Búðin snýr vel í fult norðvestr og er rétt á fljótsbakkanum. Hér á þingstaðnum geta reyndar hafa verið fleiri búðir, og jafnlvel á þrem stöðum sýndist votta fyrir slíku, enn eg þori þó eigi að fullyrða, hvort það eru mannvirki eða eigi. Vallgrónar kolagrafir eru hér ótölu margar, og víða rétt innan um búðatóftirnar, að allr þingstaðrinn hefir vaxin skógi eftir að hann lagðist niðr. Fyrir utan og innan þingstaðinn eru mjög fornlegir og glöggir garðar neðan frá fljóti og upp á árinn fyrir ofan þingstaðinn, og svo eftir ásnum; þó sést eigi eins glögt móta þar fyrir garðinum sem að utan og innan. Garðarinar eru hlaðnir beinir og mun alt umgirta svæðið svara 2 til 3 vanalegum túnstærðum, líkt og þau gerast þar í Héraðinu."

Heimildir: SJM I, 354; Ö-Heykollsstaðir, 2; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 57; SV: Árbók 1893, 47-49

NM-084:005 heimild kolagröf

"... þingstaðurinn forni við Krakalæk (Krakalækjarþing) eru í landi H við Þinghöfða, sem er lyngivaxinn hóll blásinn í kollinn, frammi við fljótið. Búðartættur eru í lægð á lyngmóum sunnan við höfðann. Þær eru um 20 talsins og glöggar, þar eru friðlýstar. Kolagrafir eru þar víða um móana og vitna um skóg." segir í Sveitum og jörðum. 1893: "Vallgrónar kolagrafir eru hér ótölu margar, og víða rétt innan um búðatóftirnar, að allr þingstaðrinn hefir vaxin skógi eftir að hann lagðist niðr."

Heimildir: SJM I, 354; SV: Árbók 1893, 49

NM-084:006 *Straumssel* heimild beitarhús/sel

"Að fornu átti Straumur selstöð í landi H, Straumssel. Þar voru síðar beitarhús frá H, notuð til 1951." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 354

NM-084:007 heimild mylla

"Vatnsmylla við bæjarlæk." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 354

NM-084:008 heimild áveita

"Áveita á engjastykki, notuð fram yfir 1930 og slegið árlega." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 354

NM-084:009 heimild heystæði

Víða heytættur í forarblám á Lángheiði. segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 354

NM-084:010 heimild túngarður

"Lokið að girða tún með grjót- og torfgörðum með einum gaddavírsstreng." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 354

NM-084:011 heimild

"Hagagirðingu einnig með garðlögum lokið ´31 eð a´32. Garðar þessir eru rúmir 2 km á lengd." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 354

NM-084:012 garðlag landamerki

"Landamerki Heykollsstaða og Straums; Gamall merkigarður frá Lagarfljóti upp yfir Fljósmóa skammt utan við Þinghöfða ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Heykollsstaðir, 2

NM-084:013 heimild lending
"Niður við Fljótið er melhóll fremur stór, er Þinghöfði heitir, er skilinn frá Móunum með djúpri skoru. ... Sunnan undir höfðanum er mjó vík en nokkuð löng, er þar góð höfn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir, 2

NM-084:014 *Kolás* örnefni kolagröf
"Syðst og vestast á Fljótsmóunum er kletthryggur, sem að mestu er hulinn jörðu, er heitir Neðri-Stórás. Sauðaustan undir ásendanum er djúpur hvammur, er heitir Stórihvammur. Ofan við ytri enda neðri-Stórássins er allmikil mýri yzt og austast; í henni er Slátturtjörn. Ofan við tjörnina gengur ásendi fram í mýrina; heitir hann Kolás." segir í örnefnalýsingu. "Á Kolás, Kolhöfða og í Sprekahlíð er alls staðar kjarr, meira og minna, lágvaxið þó og klækklótt og haldið alveg niðri af sauðfé. Á þessum stöðum er mikið um kolagrafir fornar, ... Sumar þeirra eru mjög stórar (3-4 m í þvermál), og taldi Kristján Eldjárn sig varla hafa séð stærri grafir, er hann skoðaði Krakagerði og umhverfi fyrir 2 árum." Segir í viðbótum við örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir, 3; Ö-Heykollsstaðir viðb, 1

NM-084:015 *Vörðuhraun* örnefni
"Þá skal nefna örnefni innan við Krakalæk á bökkum Lagarfljóts heita Fljótsmýrar. Sums staðar þar smáholt, og sér til kletta í flestum þeirra. Ofan við þetta land er langur ás, sem heitir Fljótsaxlarhali. Fer hann smálækkandi út að Krakalæk. Þar út við lækinn er kletthraun, sem heitir Vörðuhraun." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir, 4

NM-084:016 *Kolhöfði* örnefni kolagröf
"Ofan við Gerðisöxlina, inn við landamerkin, er ásendi, er heitir Kolhöfði." segir í örnefnalýsingu. "Á Kolás, Kolhöfða og í Sprekahlíð er alls staðar kjarr, meira og minna, lágvaxið þó og klækklótt og haldið alveg niðri af sauðfé. Á þessum stöðum er mikið um kolagrafir fornar, ... Sumar þeirra eru mjög stórar (3-4 m í þvermál), og taldi Kristján Eldjárn sig varla hafa séð stærri grafir, er hann skoðaði Krakagerði og umhverfi fyrir 2 árum." Segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir, 4; Ö-Heykollsstaðir viðb, 1

NM-084:017 *Hólhús* heimild fjárhús
"Út frá bænum á sama hólnum [001], stuttan spöl frá bænum, er fjárhús, kallað Hólhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir, 6

NM-084:018 heimild hesthús
"Út frá bænum á sama hólnum [001], stuttan spöl frá bænum, er fjárhús, kallað Hólhús. Fjær bænum í sömu línu stóð Hesthús. Búið að slétta yfir það." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir, 6

NM-084:019 *Stekkjarhjalli* örnefni stekkur
"Utan við tún er Litlahlíðin og Bláin. Hagahlíð er há og brött, en smáir hjallar austan í henni. Yztur í henni er lágur hjalli, er heitir Stekkjarhjalli." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir, 6

NM-084:020 *Heykollsstaðasel* heimild beitarhús
"Yzt á bak við Hagahlíðina er djúpur dalur, er Urðardalur heitir. Eftir honum rennur Urðardalslækur. Fyrir ofan hann eru háir klettar, er Hrafnaklettar heita. Inn af Hrafnaklettum er hallandi harðlendi. Austan í því er Heykollsstaðasel, og neðan við það, fram af Urðardal, er mýrlendur dalur, er Húsdalur heitir." segir í örnefnalýsingu.
"Heykollsstaðasel er á að gizka 2 km norðvestur af Heykollsstöðum. Það var haft fé á beitarhúsum til 1950. Ekki er mér kunnar neinar sagnir um þennan stað, og ekki hef ég séð þar aðrar rústir en af beitarhúsum." Segir í viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Heykollsstaðir, 7; Ö-Heykollsstaðir við, 2

NM-084:021 *Þorgeisklettur* bæjarstæði bústaður
"Ofan við klettana [Þverkletta] er sund, er gengur inn að Gljúfravatni, en klofnar innst í tvö um klettahrygg, er Þorgeirsklettur heitir. Mælt er, að þar hafi dvalið einbúi fyrr á dögum og beri kletturin hans nafn síðan." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir, 8

NM-084:022 *Sprekahlíð* heimild kolagröf
"Á Kolás, Kolhöfða og í Sprekahlíð er alls staðar kjarr, meira og minna, lágvaxið þó og klækklótt og haldið alveg niðri af sauðfé. Á þessum stöðum er mikið um kolagrafir fornar, ... Sumar þeirra eru mjög stórar (3-4 m í þvermál), og taldi Kristján Eldjárn sig varla hafa séð stærri grafir, er hann skoðaði Krakagerði og umhverfi fyrir 2 árum." segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir viðb, 1

NM-084:023 *Þrívörðuháls* varða
"Á Þrívörðuhálsi stendur ein varða." segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Kunnugir menn muna ekki eftir fleirum.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir viðb, 2

NM-084:024 varða
Önnur varða er ekki langt frá Þrívöruhálsi. segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir viðb, 3

NM-084:025 heimild
1893: "Fyrir utan og innan þingstaðinn [003] eru mjög fornlegir og glöggir garðar neðan frá fljóti og upp á ásinn fyrir ofan þingstaðinn, og svo eftir ásnum; þó sést eigi eins glögt móta þar fyrir garðinum sem að utan og innan. Garðarinar eru hlaðnir beinir og mun alt umgirta svæðið svara 2 til 3 vanalegum túnstærðum, líkt og þau gerast þar í Héraðinu."
Heimildir: SV: Árbók 1893, 49

NM-085 Dögunargerði/Dagverðargerði

Hjáleiga Rangár, talin 6 hdr af sýslumanni 1847. Eiríkur Eiríksson telur jörðina hafa verið hjáleigu frá Vífilsstöðum. HÞ: Dagverðargerði réttara en Dögunar sem er sennilega framburðarbreyting. Árbók 1923, 90 "Landið D er 1,9 km meðfram Lagarfljóti, en frá fljótinu og vestur á landamarkavörðu á Sauðahlíðum (ás austur af Hundsvatni) í Lágheiði eru um 5 km (eftir korti) eða 8-9 á landi, og þaðan liggja mörk við Vífilsstaði um norðurenda Mjóavatns og sa. í fljót yfir tjörn rétt framan við Vífilsstaðabæ. Mörk við Hlíð og Rangá eru frá vörðunni um suðurenda vatnsins og þaðan sa. í fljótið við litla vík fram og niður af bæ." SJM I, 358. 1918: Tún 3,3 ha, garðar 534 m2. "Túnið var mestallt þýft, allbratt víða, hólótt og fremur jarðgrunnt." SJM I, 358.

NM-085:001 *Dögunargerði/Dagverðargerði* bæjarhóll bústaður
"Gamli bærinn byggður 1898-´90. Bærinn var 2 samhl. húsaraðir (Marbælisstíll) og vissi hlið austur á hlað. Þar portbyggð baðstofa 6x9 álnir og við norðurenda hennar langhús 6x12 álnir, timburhlið í austur. Baðstofan tvískipt uppi og niðri, þar eldhús, og í langhúsinu bæjardyr, stofa og skemma niðri, kvistherb. og geymslur uppi. ... Búið í bænum til ´51, langhúsið þá rifið, baðst. breytt í hlöðu sem stóð til ´56." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 359

NM-085:002 *Hesteyrarvað/Dagverðargerðisvað* heimild vað
"Næst er Hesteyrarvað, líka nefnt Dagverðargerðisvað. Að austan er farið út í Fljótið utan við Flekahorn og stefnt á Dagverðargerðisbæ." segir Helgi Gíslason.

Heimildir: Helgi Gíslason. “Um vöð og ferjur á Lagarfljóti”, 8

NM-085:003 heimild hlaða
“Eldri hús voru dreifð um tún og hlöðupláss lítið, þó 2 kringlóttar með toppþaki, önnur rifin ´56 hin stendur enn.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 359

NM-085:004 heimild hlaða
“Eldri hús voru dreifð um tún og hlöðupláss lítið, þó 2 kringlóttar með toppþaki, önnur rifin ´56 hin stendur enn.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 359

NM-085:005 *Steingerði* bæjarstæði býli
“Á Steingerði spölkorn norðan við tún eru glöggar bæjarrústir, en engar sagnir fylgja.” segir í Sveitum og jörðum. “Á hæð ofan við Dalinn upp af Grænakletti eru rústir af eyðibýli, sennilega frá þjóðveldisöld. Þar heitir Steingerði. Talið er, að nesið milli Þvergarð og Mógarðs hafi tilheyrt þessu býli.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 358; Ö-Dagverðargerði, 5

NM-085:006 tóftir
“Í túni eru aðrar rústir, fornar, friðlýstar 1967, en órannsakaðar, líklega afbæ, um 30x5 m.” segir í Sveitum og jörðum. “Neðan við Smiðjuhólinn, í miðju túni, eru fornar rústir af skálabyggingu.” segir í örnefnalýsingu. Fornleifaskrá: “Dagverðargerði. Aflöng tóft fornleg í túninu 33 m löng 5 m breið og hefur verið skilin eftir þegar sléttað var í kringum hana.” Heimildir: SJM I, 358; Ö-Dagverðargerði, 2; ÁG: Friðlýstar fornleifar, 57

NM-085:007 varða landamerki
“Landið D er 1,9 km meðfram Lagarfljóti, en frá fljótinu og vestur á landamarkavörðu á Sauðahlíðum (ás austur af hundsvatni) í Lágheiði eru um 5 km (eftir korti) eða 8-9 á landi, og þaðan liggja mörk við Vífilsstaði um norðurenda Mjóavatns og sa. í fljót yfir tjörn rétt framan við Vífilsstaðabæ.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 358

NM-085:008 heimild kolagröf
“Í nesinu eru nokkrir móahryggir með birkivotti fram um 1940 og annars staðar í landinu urmull af kolagröfum, sem vitna um kjörr.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 358

NM-085:009 *Þórarinsgarðar* heimild
“Í nesinu eru nokkrir móahryggir með birkivotti fram um 1940 og annars staðar í landinu urmull af kolagröfum, sem vitna um kjörr. Þar eru glöggar leifar flóðgarða m.a. “Þórarinsgarða” frá um 1890, aðrir eldri.” segir í Sveitum og jörðum. “Yzt á Nesinu utan við Bakkalág er gamall flóðgarður; heitir Þórarinsgarður, kenndur við Þórarinn Jónsson, sem sagt er að hafi hlaðið hann.” segir í örnefnalýsingu. Fljótið er að brjóta garðinn.
Heimildir: SJM I, 358, Ö-Dagverðargerði, 4

NM-085:010 heimild beitarhús
“Að bæjarbaki hækkar landið til muna upp á klettaása, sem snúa dökkum þiljum til austur. Þar í dalskoru voru 100 kinda beitarhús og beitt í Mjóavatnsháls, og tók sjaldan fyrir jörð í hálsinum.” segir í Sveitum og jörðum. Síðast notuð 1933. Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 358, Ö-Dagverðargerði, 7

NM-085:011 heimild áveita
“Skömmu fyrir aldamót gerð túnáveita frá smálæk í mýrarsundi ofan við, hlaðinn gaður, enn sýnilegur, í sundið til miðlunar og grafnir skurðir um 700-800 m kerfi um túnið og mylla byggð við lækinn. Áveita þessi kom ekki að tilætluðum notum vegna vatnsskorts ...” segir í Sveitum og jörðum. “Innan við blána

mjókkar Dalurinn. Þar er gamall stíflugarður þvert yfir Dalinn. Hann var fyrrum notaður til vatnsmiðlunar og læknum veitt á túnið í þurrkatíð. Eftir Dalnum rennur Bæjarlækurinn og síðan niður gegnum túnið. Rétt ofan við túnið eru rústir af vatnsmyllu." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM I, 358; Ö-Dagverðargerði, 5

NM-085:012 heimild mylla

"Skömmu fyrir aldamót gerð túnáveita frá smálæk í mýrarsundi ofan við, hlaðinn gaður, enn sýnilegur, í sundið til miðlunar og grafnir skurðir um 700-800 m kerfi um túnið og mylla byggð við lækinn. Áveita þessi kom ekki að tilætluðum notum vegna vatnsskorts ..." segir í Sveitum og jörðum. "Innan við blána mjókkar Dalurinn. Þar er gamall stíflugarður þvert yfir Dalinn. Hann var fyrrum notaður til vatnsmiðlunar og læknum veitt á túnið í þurrkatíð. Eftir Dalnum rennur Bæjarlækurinn og síðan niður gegnum túnið. Rétt ofan við túnið eru rústir af vatnsmyllu." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM I, 358; Ö-Dagverðargerði, 5

NM-085:013 garðlag landamerki

"Landamerki milli Dagverðargerðis og Rangá eru: Forn merkigarður mjög ógreinilegur við Ytrikíl ..." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 358

NM-085:014 heimild hesthús

"Túnið er í brekku innan við Dagverðargerðishöfða. Yzt (nyrzt) á túninu var Hesthús. Neðan við það er Hesthúsbrekka." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 2

NM-085:015 heimild kálgarður

"Yzt í brekkunni var kartöflugarður." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 2

NM-085:016 heimild rétt

"Yzt í brekkunni var kartöflugarður. Framan og neðan við garðinn eru gamlar beðsléttur ... Fyrir neðan þær voru rústir af Rétt." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 2

NM-085:017 heimild hlaða

"Utan við bærinn, í ca. 10 m fjarlægð, var Kúahlaða, þar fyrir utan Smiðja, er stóð á hól, sem heitir Smiðjuhóll." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 003-004.

Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 2

NM-085:018 heimild smiðja

"Utan við bærinn, í ca. 10 m fjarlægð, var Kúahlaða, þar fyrir utan Smiðja, er stóð á hól, sem heitir Smiðjuhóll." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 2

NM-085:019 *Efstahús* heimild fjárhús

"Utan við þessar rústir er fjárhús, kallað Efstahús." segir í örnefnalýsingu. Hér var hlaða..

Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 2

NM-085:020 *Miðhús* heimild útihús

"Utan við þessar rústir er fjárhús, kallað Efstahús. Í ca. 50 m fjarlægð utan og neðar á túninu var Miðhús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 2

NM-085:021 heimild túngarður

"Utan við þessar rústir er fjárhús, kallað Efstahús. Í ca. 50 m fjarlægð utan og neðar á túninu var Miðhús. Ca. 25 m utan við Miðhúsið voru rústir af túngarði, sem lá upp framan við Hesthúsbrekkuna." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 2

NM-085:022 *Tótt* heimild hesthús
"Efst (í brekkunni) voru rústir af hesthúsi, alltaf kölluð Tótt." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 2-3

NM-085:023 *Lambakofi* heimild útihús
"Efst (í brekkunni) voru rústir af hesthúsi, alltaf kölluð Tótt. Næst var Lambakofi ca. 20 m ofan við Miðhúsið." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 2-3

NM-085:024 *Yztahús* heimild útihús
"Efst (í brekkunni) voru rústir af hesthúsi, alltaf kölluð Tótt. Næst var Lambakofi ca. 20 m ofan við Miðhúsið. Neðst var Yztahús. Það var að nokkru leyti utan túngarðsins." segir í örnefnalýsingu. Hér var hlaða.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 2-3

NM-085:025 *Neðsthús* heimild útihús
"30 m innan við Yztahús voru Neðstuhús, tvö hús sambyggð. Þau voru neðan við túngarðinn." segir í örnefnalýsingu. Hér var hlaða.
Ö-Dagverðargerði, 3

NM-085:026 *Fremstahús* heimild útihús
"Framan við bæinn, í ca. 60 m fjarlægð, var Fremstahús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 3

NM-085:027 *Kiðukofi* heimild útihús
"Framan við bæinn, í ca. 60 m fjarlægð, var Fremstahús. Beint niður af því stóð kofi, sem kallaður var Kiðukofi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 3

NM-085:028 heimild hesthús
"Bæjarlækurinn rennur í gegnum túnið ca. 100 m framan við bærinn. Framan við lækinn stóð annað Hesthús. Dálítill túnblettur var í kringum það, kallað Hesthústún." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 3

NM-085:029 heimild mógrafir
"Fremst í Höfðasundinu, að nokkru leyti innan túns, voru Svarðargrafir. Út þeim var grafinn skurður fram í Bæjarlækinn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 3

NM-085:030 heimild
"Fremst í Höfðasundinu, að nokkru leyti innan túns, voru Svarðargrafir. Út þeim var grafinn skurður fram í Bæjarlækinn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 3

NM-085:031 *Þvergarður* heimild landamerki
"Þvergarður er gamall merkigarður (sjá Steingerði)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 4

NM-085:032 tóftir
"Austan (þ.e. SA) í Höfðanum er Höfðahvammur. Þar eru margar kolagrafir og fleiri rústir." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 4

NM-085:033 heimild kolagröf

“Austan (þ.e. SA) í Höfðanum er Höfðahvammur. Þar eru margar kolagrafir og fleiri rústir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 4

NM-085:034 *Gamli stekkur* heimild stekkur
“Austan (þ.e. SA) í Höfðanum er Höfðahvammur. Þar eru margar kolagrafir og fleiri rústir. Utan við hvamminn er Gamli stekkur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 4

NM-085:035 *Stekkavatn* örnefni stekkur
“Norðan við Bæjarás er mýrelendur dalur. Yzt í honum er grunnt stöðuvatn, það heitir Stekkavatn. Úr því rennur Bæjarlækur. ... Framan við vatnið heitir Stekkavatnsblá.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 5

NM-085:036 heimild stekkur
“Spölkorn ofan við Steingerði er lágt klettabelti, Steingerðishamar. Á grýttum hjalla utan við þá eru rústir af stekk.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 6

NM-085:037 *Fremstugötur* heimild leið
“Á Hamrabrún er landamerkjavarða, sem áður getur. Rétt fyrir utan vörðuna, eru fjárgötur upp á Hamrana, heita Fremstugötur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 6

NM-085:038 heimild leið
“Á Hamrabrún er landamerkjavarða, sem áður getur. Rétt fyrir utan vörðuna, eru fjárgötur upp á Hamrana, heita Fremstugötur. Spölkorn utan við göturnar heitir Stapi. Þar eru götur upp á Hamrana, sæmilega greiðar fyrir hesta, sitt hvorum megin við Stapann.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 6

NM-085:039 *Nykurtjörn* örnefni skrýmsli
“Bak við Hamrana er mýrarsund, sem heitir Nykurtjararsund. Fremst í því er Nykutjörn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 7

NM-085:040 *Brattagata* gata leið
“Norður af beitarhúsunum [010] er fjárgata upp á Hálsinn, Brattagata.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 7

NM-086 Straumur

12 hdr. 1695, 1847. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 157. Eign Desjamýrarkirkju.
“Jörðin er meðfram Lagarfljóti við Straumsflóa norðanverðan og nær úr í miðja mjóddina undan Steinvaðsdal, þar sem fljótið fellur aðklemmt milli melhóla með töluverðum straumi. Þar eru hættulegar afætur, þegar ís er á fljótinu. Að vestan eru landamörk móti Galtastöðum fram um Álftavatn og Brunavatn (garður milli vatnanna) og inn sama horf, en að sunnan eru Heykollsstaðir við lítið vatn suður af Krókavatni og þvert austur í fljót.” SJM I, 352.
1918: Tún 2,6 ha, garðar 1140 m2 “Engjar voru í sundunum, en ásarnir fremur hrjóstrugir og kvistlendi lítið. ... Engjarnar voru grasgefnar og síðar sléttar, en fullvotar í regntíð, heyið eðlisgott en fremur létt til fóðurs, dálítið starengi, erfitt til heyskapar.” SJM I, 352.

NM-086:001 *Straumur* bæjarhóll bústaður

“Utan við gamla íbúðarhúsið á Straumi (þar sem nú er fjárhús) er há brekka, sem er nefn Kinn. Upp á brekkunni er gamalt fjárhús, það heitir Kinnarhús.” segir í örnefnaskrá. “Til úttektar frá ´08, þá fjósbaðstofa 9,5x4,5, hæð 3,5. Fjósið aflagt því að annað er komið 6x5. Göng 17, búr, eldhús, portbyggðar bæjardyr 51/4 x 4.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 353; Ö-Straumur, 2

NM-086:002 kuml legstaður

“Árið 1952 rannsakaði ég forn kuml að Straumi í Hróarstungu. Bærinn stendur niðri við Lagarfljót, en hamrabelti ofan við. Rétt sunnan við bæinn hefst langur hólhryggur eða ás, er liggur suður með fljótinu. Ef gengið er suður ásinn frá bænum, er Lagarfljót á vinstri hönd, en dálítil grasi eða sefi vaxinn tjörn á hægri hönd. Um það bil þar sem tjörnin þrýtur að sunnan er lítil laut um þveran ásinn, og sunnan við hana er holt, þar sem stormur hefur á litlu svæði rifið jarðveg niður í ísaldarleir með smásteinahrafli (63. mynd). Í rofbarðinu sá á tveimur stöðum í mannabein, en í miðju sjálfu flaginu sáust hauskúpubrot standa upp úr, Þau virtust eitthvað úr stað færð og sömuleiðis lítil öxi, sem hjá þeim var, af K-gerð, líkust Sverd 42, en oddar .á nokkurn veginn eins upp af og niður af auga, eggin mikið skökk. Þessi öxi er óvenjulega lítil, aðeins 11,3 sm að l. og 5 sm fyrir munn, enda voru mannabeinin úr um 10 ára dreng. Þegar skafið var í kringum þessar leifar, sást fljótlega, að þær lágu í suðurenda grafa, og tókst auðveldlega að fylgja útlínum allt í kring. Var um 10-15 sm þykkt lag óblásið í grafarbotninum.

Gröfin sneri N-S, höfuð í suðurenda (64. og 65. mynd). Hún var 1,50 m að l., 40 sm að br., hornin íbjúg. Undir hauskúpuleifunum, sem upp úr stóðu, voru tennurnar í hrúgu, allar eða flestar. Beinagrindin hafði annars ekki varðveist vel, en þó nægjanlega til að sýna legu líksins. Vinstri upphandleggur sást greinilega og vottur af framhandlegg, lærleggir báðir, fótleggir og fótarbein. Líkið hafur verið lagt á hægri hlið í gröfina, dálítið en þó alls ekki mikið kreppt um mjaðmar- og hnjáliði, vinstri fótleggur krosslagður yfir hinn hægri. Mörg beinanna voru alveg horfin án þess að hafa orðið fyrir raski, því að gröfin var óskemmd að öðru leyti en nánasta umhverfi höfuðsins. Í gröfinni voru allmiklar tréleifar og lágu sumpart langs og sumpart þversum. Rónaglar, a.m.k. 30 talsins, lágu einnig um alla gröfina eins og myndin sýnir (64. mynd). Nokkrir naglar, sem ekki eru rónaglar, fundust einnig. Naglarnir voru ekki í röð og reglu, og margir þeirra stóðu upp á endana, t.d. þeir þrír, sem voru í röð rétt framan við miðja gröf. Einn rónagli var undir hægra fótlegg, og sýnir það, að flekarnir, sem naglarnir hafa verið í, hafa verið að einhverju leyti undir líkinu. Líklega hafur byrðingur úr bát verið notaður til þess að búa um líkið í gröfinni eða lagður á botninn, því að örugglega virðist hér um bátsnagla að ræða, þó að fráleitt hafi heill bátur verið í gröfinni. Engin merki kistu sáust.

Auk þeirra hluta, sem þegar hafa verið nefndir, fundust í gröfinni framarlega eitt blýmet og tveir örlitlir, hnöttóttir steinar. Við fótleggi lá lítill hnífur. Á þremur stöðum í rofbarðinu fundust óskipulegar hrúgur af mannabeinum. Að sögn Jóns Steffensens eru þau úr þremur mönnum, miðaldra karlmanni, konu um þrítugt og sennilega miðaldra konu. - Hafa því a.m.k. fjórir verið heygðir á þessum kumlateig, en auk þess fannst þar ein tákjúka úr hesti,og bendir það til hrosskumla á staðnum. Það er augljóst, að bein þessi eru úr uppblásnum kumlum, og hafa þau verið grafin þarna í rofbarðinu. Vel má vera, að fleiri kuml séu í lyngmóanum suður af rofbarðinu, en víst er það ekki, og seinlegt væri að leita það af sér grun.”

Heimildir: KEKH 1956, 171-174

NM-086:003 heimild landamerki

“Að vestan eru landamörk móti Galtastöðum fram um Álftavatn og Brunavatn (garður milli vatnanna) og inn sama horf, en að sunnan eru Heykollsstaðir við lítið vatn suður af Krókavatni og þvert austur í fljót.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 352

NM-086:004 þjóðsaga skrýmsli

“Mun frægari en Helgi þessi er þó skatan sem “liggur barðabreið/und báruglaumi, / snýr upp hrygg og engu eirir / undan Straumi” Þetta er kynjadýr og meinvættur, sem bundinn var við fljótsbotninn af ónafngreindu kraftaskáldi, svo eitruð, að drep kom í stóru tá sundmannsins, er við hana kom, og mátti hann höggva tána af fætinum.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 352

NM-086:005 heimild

“Allt Straumsland er afgirt gömlum görðum og vötnum.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 352

NM-086:006 Gerði bæjarstæði býli/beitarhús
"Gerði hét afbýli frá S, en gerðin eru tvö, og ekki kunnugt á hvoru býlið var. Annað er á túnjaðrinum, en á hinu eru beitarhús." segir í Sveitum og jörðum. "Neðan við Hádegisbungu er ás, nefndur Gerðisás. Yzti hluti hans heitir Gerðishali og nær út að Galtastaðalæk, sem er þar á landamörkum. Norðan á Gerðisás eru Þverklettar á landamörkunum. ... Austan við Gerðisásnum, upp af Flesinni, eru beitarhús frá Straumi, kölluð Gerði, líklega gamalt eyðibýli." segir í örnefnalýsingu. Þórarinn á Straumi telur að býlið hafi verið þar sem beitarhúsin eru. Nefnt í skrá HS.
Heimildir: SJM I, 352, Ö-Straumur, 2, 3; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 178

NM-086:007 *Gerði* örnefni hesthús
"Gerði hét afbýli frá S, en gerðin eru tvö, og ekki kunnugt á hvoru býlið var. Annað er á túnjaðrinum, en á hinu eru beitarhús." segir í Sveitum og jörðum. "Austan við tjörninga er melhryggur, nafnlaus. Þar stóð hesthúskofi, sem var kallaður Gerði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 352; Ö-Straumur, 2

NM-086:008 *Húsastaðir* bæjarstæði býli/beitarhús
"Miklar rústir og garðlög á svonefndum Húsastöðum. Þar voru fyrr beitarhús, aflögð 1908, en ekki kunnugt um mannavist, þótt staðhættir bendi til að svo hafi verið." segir í Sveitum og jörðum. "Ofan við dalinn [Steinvaðsdalinn] er hár ás milli hans og Álftavatns; hann heitir Hússtaðaás. Þar voru beitarhús frá Straumi og voru kölluð Hússtaðir, aflögð 1908." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 352; Ö-Straumur, 3

NM-086:009 heimild áveita
"Vatnsveitingar (litlar) og mylla við Steinvaðslæk." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 352

NM-086:010 heimild mylla
"Vatnsveitingar (litlar) og mylla við Steinvaðslæk." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 352

NM-086:011 heimild
"Ennþá kofarústir óhreifðar og þúfnastykki í kring." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 352

NM-086:012 heimild fjós
"Til úttektar frá ´08, þá fjósbaðstofa 9,5x4,5, hæð 3,5. Fjósið aflagt því að annað er komið 6x5. Göng 17, búr, eldhús, portbyggðar bæjardyr 51/4 x 4." segir í Sveitum og jörðum. Ekki víst hvort nýja fjósið var áfast bænum, líklegara að það hafi staðið sér.
Heimildir: SJM I, 353

NM-086:013 varða landamerki
"Landamerki Straums og Galtastaða eru: Bein lína frá landamörkum Heykollsstaða og Straums í Brunavatn. Þaðan úr útnorðurhorni Brunavatns í vörðu á norðanverðum Þverklettum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Straumur, 1

NM-086:014 garðlag landamerki
"Landamerki milli Straums og Litla-Steinvaðs eru: Forn merkigarður frá Álftavatni að austanverðu í Merkivík við Lagarfljót." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Straumur, 1

NM-086:015 garðlag nátthagi

“Skammt innan við mörkin [milli S og Steinvaðs] er dálítið stöðuvatn, sem heitir Hagavatn. Frá endum þess eru garðalög að Fljótinu, líklega gamall nátthagi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Straumur, 2

NM-086:016 *Skipalág* örnefni
“Neðan við Hagavatn [sjá 015] er höfði út í fljótið, sem heitir Arnarmell. Stuttu innar, ofan við Þjóðveginn, er djúp laut, sem heitir Skipalág.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Straumur, 2

NM-086:017 *Kinnarhús* heimild fjárhús
“Utan við gamla íbúðarhúsið á Straumi (þar sem nú er fjárhús) er há brekka, sem er nefnd Kinn. Upp á brekkunni er gamalt fjárhús, það heitir Kinnarhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Straumur, 2

NM-086:018 *Lambhús* heimild fjárhús
“Austast í Kinninni var annað fjárhús, sem kallað var Lambhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Straumur, 2

NM-086:019 *Ferjutangi* örnefni ferja
“Austan við hrygginn er tangi út í Fljótið, kallaður Ferjutangi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Straumur, 2

NM-086:020 *Smiðjubotn* örnefni smiðja
“Innan við Bæjartjörnina er stórt móasvæði, sem kallað er Fljótsmóar eða aðeins Móar. ... Nokkuð inn á Móunum eru tveir alldjúpir botnar, Smiðjubotn nokkuð neðan við þjóðveg og Hrútabotn aðeins ofan við veg.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Straumur, 2

NM-086:021 varða
“Innan við Bæjartjörnina er stórt móasvæði, sem kallað er Fljótsmóar eða aðeins Móar. ... Nokkuð inn á Móunum eru tveir alldjúpir botnar, Smiðjubotn nokkuð neðan við þjóðveg og Hrútabotn aðeins ofan við veg. Nokkuð innan við botnana er klettahæð allhá. Varða er á hæsta kolli hæðarinnar, hæð þessi er nafnlaus.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Straumur, 2

NM-086:022 *Kolás* örnefni kolagröf
“Inn af Bæjarás [ofan við túnið] er annar ás, sem heitir Kolás. Hann nær inn í Heykollsstaðaland, inn fyrir ofan Fljótsmóa.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Straumur, 3

NM-087 Litla Steinsvað

12 hdr. 1695, 1847. “Jörðin liggur að Steinvaðsflóa í Lagarfljóti, sunnan úr Steinvaðsdal þvert vestur í Álftavatn og þaðan í norðaustursveigðan boga nv. í Búðavatn, frá vatninu eftir Búðarlæk og niður í fljót yfir Völsunga laust innan við Fossvík. ... Steinavaðsland liggur að mestum hluta milli Lagarfljóts og Búðavatns og Búðalækjar.” Í eyði síðan 1963. SJM I, 342.

1918: Tún 3,4 ha, garðar 531 m2 “Bærinn stendur í allbröttu túni austan í Bæjarási skammt upp frá fljóti. neðan túns og út frá því bæði til suðurs og norðurs eru móar meðfram fljótinu og nokkurt ræktunarland, en forarmýrarsund ofar.” SJM I, 342.

NM-087:001 *Litla Steinsvað* bæjarhóll bústaður
“Stór gamall bær. 1917 þrjár baðst. (enda stundum þríbýli) 3x4, 4x6 og 6x6 álnir, sú síðasttalda mjög fornleg, með reisifjöl og kálfasperrum, þá komin baðþró hjá Guðmundi. Frammihús byggt ´14 eða ´15,

fyrsta hús með járnþaki, síðar innréttað sem íbúð og notað meðan jörðin var í ábúð. Það stendur enn og baðstofa Guðm. Þorf., portbyggð (4x6 álnir) með skarsúð, búr undir palli. Bænum var breytt ´44 og sum húsin rifin." Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 343

NM-087:002 garðlag landamerki

"Landamerki Steinvaðs og Kirkjubæjar eru: Forn merkigarður frá Lagarfljóti í Búðarlækjarfoss ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 1

NM-087:003 garðlag landamerki

"Landamerki Steinsvaðs og Klettjárnsstaða eru við fornan garð, sem nær frá Búðarvatni yfir Búðarás, austur á Litluhlíð ..." segir í örnefnalýsingu. "Landamerkjagarðar mjög fornir að sjá frá fljóti í Álftavatn og annar (um 3 km) milli Álftavatns og Búðavatns, liggur í boga, og veit bunga bogans." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 1; SJM I, 342-343

NM-087:004 *Fjósatunga* örnefni fjós

"... utan við bæ er blettur, sem heitir Fjósatunga." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 2

NM-087:005 gata leið

"Við Lagarfljót, rétt við landamerki, er kletthöfði, sem heitir Geithöfði. Litlu innar er annar höfði lægri við Fljótið, sem heitir Ærhöfði. .. Innan við Ærhöfða (nokkun spöl) eru klettar við Fljótið, sem heita Gjáaklettar. Milli þeirra er klettaskora, sem kölluð er Gjá. Eftir þeirri skoru eru gamlar götur að Stóra-Steinsvaði á Lagarfljóti." segir í örnefnalýsingu. Vaðið sjálft er skráð með Stóra Steinsvaði.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 2

NM-087:006 heimild stekkur

"Við Lagarfljót, rétt við landamerki, er kletthöfði, sem heitir Geithöfði. Litlu innar er annar höfði lægri við Fljótið, sem heitir Ærhöfði. Upp af Geithöfða er stórt mýrarsvæði, sem heitir Geithöfðablá. Ofan við blána er hár klettur, sem heitir Valsungi. ... Nokkurn spöl innan við Valsunga (áðurn.) er allstór ás, sem heitir Langiás, frb. Langás. Ofan við hann er mýrarsund, sem heitir Stekkadalur og nær inn fyrir neðan tún á Steinsvaði. Innan við Langás er hæð, sem heitir Stekkás, austan við Stekkadal. Neðan við þann ás var Stekkur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 2

NM-087:007 *Helgustaðir/Helgusel* bæjarstæði býli/beitarhús

"Ofan við Víðidal er nokkuð hár ás og nær út í Kirkjubæjarland. Þar er hann kallaður Dagmálaás, en í Steinvaðslandi heitir þessi ás Víðiás. ... Austan við vatnið [Búðarvatn N í landinu] er víðáttumikill ás, sem er kallaður Búðarás. Utarlega á Búðarás voru beitarhús frá Steinsvaði, sem heitir Helgustaðir. Þar var víst einhverntíma býli og er kallað Helgusel í eyðibýlaskrá." segir í örnefnalýsingu. Nefnt í skrá HS, sem afbýli frá LS.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 3; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 178

NM-087:008 heimild hof

"Gömul munnmæli segja að Hróar Tungugoði hafi búið þarna, og eftir þeirri sögu ætti þarna að vera Hof í Tungu, sem getið er í Fljótsdælu o.fl. fornsögum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 3

NM-087:009 *Neðrihús* tóft beitarhús

"Ofan við Stekkadalinn [006] yzt eru tættur af Beitarhúsum. Þau voru stundum kölluð Neðrihús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 4

NM-087:010 heimild kvíar

“Rétt ofan við túnið, á Bæjarásnum, voru Kvíar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 4

NM-087:011 heimild mylla
“Neðan við Dalinn er langur ás, sem heitir Stórás í Steinvaðslandi, en Hagaás í Straumslandi. Lækurinn rennur í sveig ofan fyrir utan ásendann í Lagarfljót. Þar heitir Mylluvík milli Lambhöfða og Ferjutanga. Ofan við víkina, við lítinn foss í Læknum, var vatnsmylla og sjást leifar af tóttinnni. Þar er enn kölluð Mylla.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 5

NM-087:012 heimild ferja
“Framan við Mylluvík er stór mótangi við Lagarfljót. Tangi þessi heitir Ferjutangi. Við framanverðan Ferjutanga var lögferja á Lagarfljóti.” segir í örnefnalýsingu. “Eftir að svifferjan (kölluð svo,var dragferja) kom og meðan úthérðasmenn versluðu á Seyðisfirði, lágu leiðir Tungumanna mjög um Litla-Steinsvaðog síðan sv. um Eiðaþinghá til Vestdalsheiðar upp frá Gilsárteig. Mikil samgöngubót var að ferjunni. Hún tók 6 hesta með klyfjum, og um 50 sláturlömb munu hafa í hana komist í einu. Eftir tilkomu Lagarfljótsbrúar og Fagradalsbrautar og leiðirnar færðust inn á brúna. Ferjan var í Ferjutanga suður undir Straumsmjóddinni. Henni var komið upp 1905 og starfrækt til 1942. Ferjumenn voru allan tímann Steinvaðsbændur, lengst af Guðmundur Þorfinnsson.”
Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 5; SJM I, 343

NM-087:013 heimild kolagröf
“Eldra nafn á Ferjutanga [sjá 012] mun vera Timburtangi. Þar hefur verið mikill skógur til forna, um það vitan margar kolagrafir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 5

NM-087:014 garðlag landamerki
“Landamerkjagarðar mjög fornir að sjá frá fljóti í Álftavatn og annar (um 3 km) milli Álftavatns og Búðavatns, liggur í boga, og veit bunga bogans [003].” segir í Sveitum og jörðum. Gæti verið sami garður og 002.
Heimildir: SJM I, 342-343

NM-088 Galtastaðir fremri

12 hdr. 1695, 1847. 1397 er minnst á G, ekki ljóst hvora jörðina. DI IV, 220. 1562: Galtastaðir eign Heydalskirkju, ekki ljóst hvorir G. DI XIV, 29. 1570 og síðar eru tvennir G nefndi í máldaga Kirkjubæjar. DI XV, 678. 1847 Kirkjubæjarkirkjueign. Samkvæmt þjóðsögunni byggðist jörðin snemma er Galti sonur Gunnhildar á Gunnhildarstöðum fékk jörðina úthluta af eignum móður sinnar. HÞ: Fremri Galtastaðir eldra en Galtastaðir fram. Árbók 1923, 90. “G eru í austanverðri Lágheiði milli Straums að austan og Brekkusels og Brekku að vestan, Heykollsstaða að sunnan og Kleppjárnsstaða að norðan. Landið er nokkurn vegin rétthyrnt og markalínur beinar. Nv-horn er við Brekkulæk örskammt vestur af Lúsasteini. Na-horn við Álftavatn norðan til á einu holtinu vestan vatnsins, sa-horn rétt sunnan við Brunavatn og sv. horn, rétt sunnan við Brunavatn og sv-horn vestur af 1,5 km suður af Búrhrauni.” SJM I, 350.

1918: Tún 2,3 ha, garðar 70 m2 “Engjar þóttu góðar á G véltækar sums staðar og jafnvel slægar árlega, nokkuð votar. ... Tún mestallt þýft, ekki grasgefið, engjar snögglendar, þýfðar, votar og dreifðar [F ´18] .” SJM I, 350-351.

NM-088:001 *Galtastaðir fremri* bæjarhóll bústaður
“Gamall bær var í notkun til ´62. baðstofa portb. 8x5 álnir, byggð 1883. Hlið að hlaði. Tvískipt uppi, reisifjöl. Framan við baðstofuenda portbyggðar bæjardyr og eins skemma, með grafla austur á hlað. bak við þessi hús, búr, hlóðaeldhús og hlaða. Fjósið rifið fyrir fáum árum. Það var upphaflega undir palli. Bær þessi þótti ágætt sýnishorn af smærri bæjum á s.hl.19. aldar. Bæjardyr og skemma muni töluvert eldri en baðstofan.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakrot 1918; SJM I, 351

NM-088:002 *Galtahaugur* þjóðsaga legstaður
FF: “Almennt er hét talad og trúad medal Almúa, ad 3 Fornmannahaugar séu hér utarliga í Sókn þessari vid svokalladann Haugalæk, í hvörium adheygdir skuli hafa verid Nefbiörn, Galti og Geirr, þrír Landnámsmenn edr Frumbyggjarar þeirra kringumliggjandi Bæia Nefbjarnarstada, Galtastada og Geirastada. - Eg hefi siálfr skodad þessa svomeintu Hauga, og vyrdist mér einganveigin Sköpulagi þeirra þannig hárrad, ad sú meining láti nærri likindum. Miklu hedr er ætlan mín sú, ad þad séu gamlir, upphladnir, nú nidursígnir Heygardar, vid hvoria þurkad og samankastad hafi verid hey á Sumrum, enn heimekid á vetrum.” “Rétt neðan við seltúnið [013] er lítill melhóll í Galtastaðablá, sem er kallaður Galtahaugur. þar er sagt, að Galti landnámsmaður sé heygður.” segir í örnefnalýsingu.

SS: “Galti sagði svo fyrir að hann yrði heygður suður frá bænum. Var það gert og er haugur hans þar neðanvert við gerði það sem þar er á milli bæjanna. Er það kringlóttur melhóll vel mikill og þó meira spormyndaður, enda sögðu sumir að Galti væri heygður þar undir skipi sínu. Haugur hans er neðanvert við þjóðveginn.”

Heimildir: FF I, 19-20; Ö-Galtastaðir fram, 4; ÞSS VI, 31

NM-088:003 varða landamerki
“Milli Heykollsstaða og Galtastaða ræður girðing úr áðurnefndri mýri við Brunavatn upp að Hagahlíð; austan í hlíðinni er reynihrísla á mörkum, þaðan bein lína í Þrívörður, ...” segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og NM-084:023.

Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 1

NM-088:004 varða landamerki
“Milli Brekkusels og Galtastaða eru mökin frá þessari Merkiþúfu bein lína í Brúhraun, þaðan í vörðu austan við Mjóadal.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 1

NM-088:005 *Halakofi* heimild fjárhús
“Innst í túni heitir Hali. Þar var fjárhús, sem var nefnt Halakofi.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 2

NM-088:006 *Réttarklettur* örnefni rétt
“Þar er í túnjaðri Réttarklettur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 2

NM-088:007 heimild hesthús
“Ofan við Halann er Hesthúsklettur. Neðan við klettinn, yzt er Hesthús. Utan í klettinum er Hesthúsbrekka.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 2

NM-088:008 *Næstahús* heimild fjárhús
“Utan við bæ er fjárhús, sem kallað er Næstahús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 2

NM-088:009 heimild fjárhús
“Utan við bæ er fjárhús, sem kallað er Næstahús. Þar utar eru aðalfjárhúsin, en þau eru nafnlaus.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 2

NM-088:010 *Kvíaból* örnefni kvíar
“Út af Hesthúskletti [007] var Kvíaból.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 2

NM-088:011 gata leið

“Þar fyri ofan [Álftavatnsholt] er grýtt hæð, sem heitir Reiðhóll. Þar lágu götur að lögferju á Lagarfljóti hjá Litla-Steinsvaði.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 3

NM-088:012 heimild rista
“Þá verður aftur farið að landamörkum Galtastaða og Kleppjárnsstaða. Nokkurn spöl upp af Reiðhól er ás, sem heitir Bergvinsás og nær frá neðra horni túnsins og út í Kleppjárnsstaðaland; lækurinn rennur framan við ásinn. Meðfram læknum, neðan við ásinn, er engjastykki, kallað Feti. Nokkuð innan við Fetann er móholt í Blánni, kallað Torfholt; ofan við þar, meðfram Blánni, eru lautir, sem heita Torfbotnar. Þarna var rist torf, og er mjög góð velta.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 3-4

NM-088:013 *Galtastaðasel* bæjarstæði býli/beitarhús
HS: “Galtastaðasel, afbýli frá Galtastöðum fram. Fór í eyði 1707.” “Neðan við túnið og nokkuð inn fyrir það heita Bringur. Þær eru næsti hjalli ofan við Blána og inn af Bergvinsás. Innst á brungum eru Selklettar. Innan við klettana voru beitarhús frá Galtastöðum, nefnt Galtastaðasel. Selið er gamalt eyðibýli, fór í eyði 1707. Ekki er kunnugt um, að þar hafi verið búið síðan, en oft hefur verið tvíbýli á Galtastöðum, og hafði sá bóndinn, sem nytjaði fremri hltua landsins, beitarhús þar. Á Selinu var lítill túnblettur, sem ekki er notaður nú.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 178; Ö-Galtastaðir fremri, 4

NM-088:014 *Skárasel/Haraldarsel* bæjarstæði býli
“Ofan við hrygginn og Selhlíð [ás sem nær þvert yfir Heykollsstaðaland og inn að Vífilsstaðaseli] er löng dalskora, sem heitir Skáradalur. Í dalnum eru rústir af eyðibýli, sem er kallað Skárasel (Haraldarsel). Þess finnst ekki getið í heimildum um eyðibýli í Tungu, en bæjarrústir eru þar og garðlög.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 5-6

NM-088:015 *Heiðarhús* tóft beitarhús
“Ofan við Skáradal yzt er Nónás. Ofan við þann ás er skora, kölluð Nónklauf. Inn af Bæjarási er Langahlíð og nær inn fyrir norðan Skáradal. Á hlíðinni er Langatjörn. Þaðan kemur Fossalækur. Ofan við Löngutjörn er Háimell. Þar upp af eru Vegghamrar, samfellt hamrabelti á nokkuð stóru svæði. Undir þeim er Vegghamratjörn. Nokkurn spöl út af Vegghömrum eru rústir af beitarhúsum, sem voru kölluð Heiðarhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 6

NM-088:016 *Vörðubrotahlíð* örnefni
“Ofan við Galtastaðabjarg eru djúpar skorur, sem heita Skot. Upp af Skotunum er Lúsasteinn. Þar inn af er Vörðubrotahlíð.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Galtastaðir fremri, 6

NM-088:017 heimild túngarður
“Garðlög í heimatúni og Seltúni.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 351

NM-088:018 heimild kálgarður
“Garður í hlaðverpa 1910 og ræktaður garðmatur til heimilis a.m.k. síðan.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 351

NM-088:019 *Gullsteinar* þjóðsaga
SS: “Hann [Galti] unni engum gullsins eftir sinn dag og því færði hann kisturnar austur frá bænum spölkorn og þar út í vatn það sem Álftavatn heitir og sökkti þeim þar niður, lét síðan koma sigtt bjarg ofan á hvora þeirra og mælti svo um að ef einhver dirfðist að hreyfa við gullinu þá skyldi bærinn að Galtastöðum brenna. Steinarnir sjást heiman frá Galtastöðum og eru þeir björg mikil og eru kallaðir Gullsteinar.” Reynt var að grafa eftir gullinu og kveiknaði þá í bænum. Menn hættu þá snögglega við og slokknaðist þá bálið.
Heimildir: ÞSS VI, 31

NM-089 Kleppjárnstaðir

6 hdr. 1695, 1847. "Jörðin er í "vatnalandi" Hróarstungu, milli Litla-Steinsvað að na. og austan, Galtastaða fram að sunnan og Brekku að vestan. Að norðan er suðurendi Búðavatns. Forn landamerkjagarður liggur í boga úr sa-horni Búðavatns og í norðurenda Álftavatns og Steinvaðsmörk á garðinum. Suðurlandsmörk eru úr Álftavatni heldur norðar en miðju (1,2 km frá suðurenda þess eftir korti) og vestur í Lúsastein og þaðan norður hæðardrag eða ás austur við Brekkulæk, milli Stekkavatns, og Mjóavatns í sv-horn Búðavatns, og teljast K eiga slægjuhorn vestan Brekkulækjar við ósinn, og er það gamalt þrætuland Brekku og K." SJM I, 344.

1918: Tún 2,1 ha, garðar 484 m2 "Engjar voru greiðfærar og í eðli sínu sæmilega grasgefnar, reytingssamar hálfdeigjur og í áðurnefndum blautum mýrarflóa suður af Búðavatni. Þær voru slegnar annað hvert ár, og jafnvel árlega, þótt snöggar væru, því að landrýmið er lítið og jörðin í rýrara lagi til búskapar, bæði hvað varðar slægjur og beitiland, kúabeit er þó góð, og túnið grasgefið, en var mestallt þýft.

NM-089:001 *Kleppjárnstaðir* bæjarhóll bústaður
"Torfbær ´10-´15, baðst. 8x6 álnir, portb. og alþiljuð tvískipt niðri, en í einu lagi uppi, slétt súð þiljuð með plægðum borðviði, aflviðir úr rekatrjám. Búið í bænum til ´49." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 345

NM-089:002 *Stekkás* örnefni stekkur
"Upp af Gullsteinatanga eru víðáttumiklar mýrar, kallaðar Klettjárnsstaðamýrar. Ofan við mýrarnar er ás, kallaður Stekkás." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kleppjárnsstaðir, 2

NM-089:003 *Stekkavatn* örnefni stekkur
"Spölkorn utan við túnið er lítið stöðuvatn, kallað Stekkavatn. Ofan við vatnið var Nátthagi, byggður milli vatnsins og kletts, sem er nefndur Nátthagaklettur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kleppjárnsstaðir, 2

NM-089:004 heimild nátthagi
"Spölkorn utan við túnið er lítið stöðuvatn, kallað Stekkavatn. Ofan við vatnið var Nátthagi, byggður milli vatnsins og kletts, sem er nefndur Nátthagaklettur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kleppjárnsstaðir, 2

NM-089:005 heimild beitarhús
"Austan við Búðarvatnið er Búðarás, og er innri endi hans í Kleppjárnsstaðalandi. Þar standa Beitarhús, notuð enn." segir í örnefnalýsingu. Ritað 1970. Þaksléttur gerðar kringum beitarhúsin.
Heimildir: Ö-Kleppjárnsstaðir, 3; SJM I, 344

NM-089:006 heimild fjárhús
Í Sveitum og jörðum segir að heima hafi verið torffjárhús fyrir 60 f.
Heimildir: SJM I, 344

NM-089:007 heimild leið
Í Sveitum og jörðum segir að engjavegur hafi verið skammur.
Heimildir: SJM I, 344

NM-089:008 heimild kálgarður
"Gamall garður í hlaðvarpa, líkl frá aldamótum." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 345

NM-090 Brekka

12 hdr. 1695, 1847, Brekkusel hjáleiga. Í eyði frá um 1969. “Að austan liggur marklínan frá Þórisvatni í Mjóavatn, og áfram líka stefnu í Lúsastein á holti rétta 2 km suður af bæ, þverbeygir þar stuttan spöl til vesturs, síðan um 1 km suður að Brekkuselsmörkum og þaðan þvert vestur yfir hæð stutt austur af Fremraselsvatni miðju. Þaðan er nokkuð bein lína nna í Þórisvatn. Við þetta bætist spildan milli Mjóavatns og Búðavatns, en annars er ókunnugum ógjörningur að átta sig á þessum - og fleiri- mörkum, nema að hyggja vandlega á korti.” Nýbýlið Lindahóll stofanð árið 1950. SJM I, 346.

1918: Tún 3,6 ha, garðar 456 m2 “Gamla túnið liggur aðallega austan í allháum ási, sagt í F´18 “í góðri rækt, en hálent og hólótt” og brunahætt í vorþurrkum, “allt þýft nema ca. 2 dagsl.” (1917). - Engjarnar þóttu fremur reytingssamar, en víða greiðfærar og í meðallagi grasgefnar, en þó misjafnar að sprettu og heygæðum á hinum ýmsu stöðum í landinu og bitust ofan illa á sumrin.” SJM I. 346.

NM-090:001 *Brekka* bæjarhóll bústaður
“Nýbýlið Lindarhóll er yzt í gamla túninu á Brekku; nokkuð innar er íbúðarhús á Brekku, og þar hjá gamli bærinn, nú að mestu rifinn; við hann er miðað, þegar talað er um bæ ...” segir í örnefnalýsingu.

“Bærinn var allstór, mörg hús í fremur óskipulegri þyrpingu. Baðstofa 10,5x5,5 álnir skipt í þrennt uppi, tvennt niðri, þar fjós undir palli. Baðst. sneri hlið austur á hlað og fyrir framan (sunnan) bæjardyr og 2 skemmur, er sneru göflum austur á hlað. Bak við búr, eldavélahús og hlóðaeldhús, 2 hlöður o.fl. kofar. Baðstofan var endurbyggð rétt fyrir 1890 úr gömlu efni að mestu, og svipuð að gerð. Hún var með reisifjöl og aflviðir að mestu úr rekatrjám og eins í öðrum bæjarhúsum. Búið var í bænum til ´64.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Brekka og Lindarhóll, 3-4; SJM I, 347

NM-090:002 garðlag landamerki
“Landamerki milli Brekku og Kirkjubæjar eru: Frá fornu garðbroti við Búðarvatn ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 1

NM-090:003 varða landamerki
“Landamerki milli Brekku og Kirkjubæjar eru: Frá fornu garðbroti við Búðarvatn, bein lína í ytri enda Mjóavatns, þaðan bein lína í mýri framan við Þórisvatn, þar mætast lönd Brekku, Kirkjubæjar og Hallfreðsstaða, enda á þar að vera landamerkjavarða.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 1-2

NM-090:004 varða landamerki
“Landamerki Brekku og Hallfreðarstaða eru: Úr áðurnefndri vörðu [003] bein lína í vörðu á Bringukollsöxl ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 2

NM-090:005 *Pálsvarða* varða landamerki
“Landamerki Brekku og Hallfreðarstaða eru: Úr áðurnefndri vörðu [003] bein lína í vörðu á Bringukollsöxl, þaðan lína í Vegöxl og þaðan um miðjar Brekkuaxlir í Grímsstein (stóran stein í svonefndum Grímssteinsbotnum). Úr Grímssteini bein lína í Pálsvörðu, þaðan í vörðu á Miðmorgunsmel.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 2

NM-090:006 varða landamerki
“Landamerki Brekku og Hallfreðarstaða eru: Úr áðurnefndri vörðu [003] bein lína í vörðu á Bringukollsöxl, þaðan lína í Vegöxl og þaðan um miðjar Brekkuaxlir í Grímsstein (stóran stein í svonefndum Grímssteinsbotnum). Úr Grímssteini bein lína í Pálsvörðu, þaðan í vörðu á Miðmorgunsmel.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 2

NM-090:007 varða landamerki

“Landamerki Brekku og Brekkusels: Úr vörðu á Miðmorgunsmel [006] bein lína í vörðu á Þverklettum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 2

NM-090:008 varða landamerki
“Landamerki Brekku og Brekkusels: Úr vörðu á Miðmorgunsmel [006] bein lína í vörðu á Þverklettum. Þaðan bein lína í vörðu austan við Mjóadal.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 2

NM-090:009 gata leið
“Vegöxl heitir klettur á landamökrum við gömlu göturnar milli Brekku og Hallfreðarstaða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 2

NM-090:010 heimild geitakofi
“Utan og neðan við tún á Brekku er langt og mjótt vatn, sem heitir Mjóavatn. Við fremri enda vatnsins er grýtt hæð, nefnd Maður eða Kiðuhraun. hvort tveggja munu vera ný örnefni. Kiðuhraunsnafnið mun vera frá ca. 1920. um það leyti voru örfáar kiður á brekku, og kofinn þeirra var þarna.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 3

NM-090:011 *Ekra* tóft
“Austan við Mjóavatn heitir Ás. Yzt á Ásnum heitir Ekra; þar eru gamlar rústir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 3

NM-090:012 *Brekkuhús* heimild beitarhús
“Austan við Mjóavatn heitir Ás. Yzt á Ásnum heitir Ekra; þar eru gamlar rústir. Stuttu innar á Ásnum eru beitarhús frá Brekku, stundum kölluð Brekkuhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 3

NM-090:013 *Gráisteinn* þjóðsaga huldufólksbústaður
“Skurður er úr Mjóavatni og inn í Brekkulæk. Þar sem skurðurinn kemur í lækinn, er stór steinn jarðfastur. hann heitir Gráisteinn. Þar býr huldufólk og hefur sézt á síðari árum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 3

NM-090:014 *Réttarklettur* örnefni rétt
“Upp af íbúðarhúsinu á Lindarhól er klauf í Neðriklett, sem heitir Grænaskarð. Niður af því er lítill klettur, nú í túni, kallaður Réttarklettur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 4

NM-090:015 *Brúnkukofi* heimild hesthús
“Þar niður frá húninu, í útjaðri gamla túnsins, var hesthús, kallað Brúnkukofi. Kringum það hét Brúnkuþýfi. Þessi nöfn eru frá 1910-20.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 4

NM-090:016 *Vaðklettur* örnefni vað
“Rétt innan við Brúnkukofa [015] er lítill klettur við lækinn, hann heitir Vaðklettur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 4

NM-090:017 *Tunguhús* heimild beitarhús
“Brekkulækur rennur eftir dal, sem er fyrir innan tún á Brekku og nær langt inn á Lágheiði, ... Dalur þessi er kallaður Brekkudalur. Hér neðar, samhliða, er annar dalur, sem heitir Fruggudalur. Milli þessara dala er svæði, sem heitir Tunga. Innst á Tungu eru Þverklettar. Um það bil á miðri Tungunni voru Beitarhús, stundum kölluð Tunguhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 4

NM-090:018 heimild áfangastaður
"Utanlega á Tungunni [sjá 017] við Fruggudal er klettur, kallaður Smyrlakletur. Norður af Smyrlakletti við Brekkudal er Kaffihraun (áningarstaður engjafólks)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 4-5

NM-090:019 heimild hesthús
"Fremst í túni er Hesthúsklettur. Innan við hann er Hesthúshvammur. Þar er vað á læknum, kallað Hesthúsvað (kennt við hesthús, sem var innst á túni ofan við læk)." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 015.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 5

NM-090:020 *Hesthúsvað* heimild vað
"Fremst í túni er Hesthúsklettur. Innan við hann er Hesthúshvammur. Þar er vað á læknum, kallað Hesthúsvað (kennt við hesthús, sem var innst á túni ofan við læk)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 5

NM-090:021 heimild mylla
"Nokkuð innan við Hesthúsvað [021] er hæð við lækinn, kölluð Mylluholt, þar hjá Mylluvað. Þarna var fyrrum vatnsmylla." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 5

NM-090:022 *Mylluvað* heimild vað
"Nokkuð innan við Hesthúsvað [021] er hæð við lækinn, kölluð Mylluholt, þar hjá Mylluvað. Þarna var fyrrum vatnsmylla." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 5

NM-090:023 tóftir
"Austast á öxlunum nokkuð innan við tún heita Fossabrúnir, kenndar við foss nafnlausan, sem er þar í læknum. Svo heita inn af öxlunum Víðihálsar. Þar eru fornar rústir og virðast vera af skála; aðaltóttin er ca. 20 m löng og 3 m breið." segir í örnefnalýsingu. "Rústir fornar eru á Víðihálsi, virðast af einu húsi (skála) 20x3. Þar eru nafn og sagnalausar." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 5; SJM I, 346

NM-090:024 *Sýsluvegur* vegur leið
"Sýsluvegurinn gamli liggur upp framan við Brekkulæk og yfir hann hjá Vaðkletti [016] áðurnefndum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 5

NM-090:025 gata leið
"Skammt utan við túnið, á gömlu götunum í Hallfreðsstaði, er hæð, kölluð Hvarf. Þar fóru ferðamenn í hvarf við bæinn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekka og Lindarhóll, 6

NM-090:026 heimild kálgarður
"Kálgarðar voru á B 1891, þá í órækt, en sagðir frá ábúðartíma Þorsteins." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 346

NM-090:027 heimild áveita
"Sennilega eru elstu jarðabætur á B, áveituskurður, hans verk, einnig mylla." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 346

NM-090:028 heimild fjárhús
Í Sveitum og jörðum segir af torffjárhúsi á Lindarhól fyrir 300 fjár.
Heimildir: SJM I, 347

NM-090:029 heimild hlaða

Í Sveitum og jörðum segir af torfhlöðu á Lindahóli, tók 216 m3.
Heimildir: SJM I, 347

NM-091 Brekkusel

Hjáleiga Brekku 1847, gömul selstöð þaðan. "Landamörk eru á Ærhamri og fylgja Fremrasels-Brekkuselsvegi út Tunguás og nokkurn veginn beint áfram norður á móts við norðurenda Fremraselsvatns. Þaðan um 2 km. austur í Láheiðarás og síðan á móti Galtastöðum fram og Heykollsstöðum suður um Brúhraun (167 m) og á Sauðahlíðar (195 m) og móti Vífilsstöðum þaðan og vestur yfir Hundsvatn og á Ærhamar." SJM I, 348.

1918: Tún 1,5 ha"1904 var búið að sléta 247 faðma í túni (ábúandi var skyldugur að slétta 20 faðma á ári.) ... F´18: Tún 1,3 ha. í allgóðri rækt, hálft slétt, hitt greiðfært, taða 35 hb., úth 140 hb., engjar sagðar snöggar, þýfðar og votlendar og heyið létt, en hollt." Ræktun jarðarinnar var erfið.SJM I, 349.

NM-091:001 *Brekkusel* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð neðar í túni en núv. íbúðarhús." segir í Sveitum og jörðum. "Baðst. portbyggð um 8x6 álnir, með steyptum vegg fram á hlað, tvískipt niðri, óskipt uppi. Búið í bænum til ´62 og hann stendur að mestu enn. - Eldri baðst. 8,5x4,3 álnir, frammihús, 2 hlöður o.fl." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM I. 349

NM-091:002 *Hlíðarendi/Árnatættur* bæjarstæði býli
"Annað býli, Hlíðarendi, var stofnað 1835 rétt við mörk V og Brekkusels, en síðan flutt yfir mörkin (sjá Brekkusel). Þar, á Sauðahlíð, voru einnig beitarhús frá V 1850-´70." segir í Sveitum og jörðum. "Utan við Sauðahlíðar er dæld milli þeirra og Sauðahrauna. Dæld þessi heitir Sauðaklauf. Þar eru landamerki milli Vífilsstaða og Brekkusels. Neðarlega í Sauðaklauf á lágum hól eru rústir af eyðibýli, sem kallaðar eru Árnatættur [neðri]. Þar reisti bú á fyrri hluta 19. aldar Árni Brynjólfsson. Hann var einsetumaður. Árni nefndi bæ sinn Hlíðarenda. Óljóst er, hvort þar hefur verið búið áður. Bóndinn á Vífilsstöðum vildi ekki byggð hans þar. Þá flutti Árni kofa sinn ofar í klaufina, í Brekkusleslandi, og bjó þar til elli. Rústirnar á hólnum voru svo kallaðar Árnatættur. Síðar voru reist beitarhús frá Vífilsstöðum á Árnatóttum. Þau voru ekki notuð nema fá ár, enda er þangað löng og erfið Beitarhúsaleið." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM I, 355; Ö-Vífilsstaðir, 9

NM-091:003 varða landamerki
"Landamerki Brekkusels og Fremrasels eru: Frá vörðu á Miðmorgunsmel (eyktamark frá Fremraseli, næsta bæ) bein lína í vörðu á Björgum ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkusel, 1

NM-091:004 varða landamerki
"Landamerki Brekkusels og Fremrasels eru: Frá vörðu á Miðmorgunsmel (eyktamark frá Fremraseli, næsta bæ) bein lína í vörðu á Björgum ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkusel, 1

NM-091:005 *Þrívörðuholt* örnefni
"Innan við túnið er Þrívörðuholt." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkusel, 4

NM-091:006 heimild stekkur
"Neðan við túnið er hæð, sem heitir Stekkahraun. Inn af því er Stekkaklettur. Milli Stekkahrauns og Stekkakletts eru rústir af Stekk." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkusel, 4

NM-091:007 *Torfholt* örnefni rista
Yzt í Geitludal [norðan og utan við Sauðahraun] er Torfholt." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brekkusel, 4

NM-091:008 gerði
"Austast á Tunguás eru klettar, kallaðir Björg." segir í örnefnalýsingu. "Út og austur af Björgum er hringlaga garður ca. 200 m í þvermál, nafnlaus, e.t.v. nátthagi." segir í viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brekkusel, 4; Ö-Brekkusel viðb, 1

NM-091:009 heimild túngarður
Í Sveitum og jörðum segir að túngarður hafi verið gerður um 1910-20.
Heimildir: SJM I, 349

NM-092 Hallfreðarstaðir

20 hdr. 1695, 1847. Hallfreðarstaðir eru nefndir í Hrafnkelssögu Freysgoða en þar bjó Hallfreður faðir Hrafnkels Freysgoða. ÍF XI, 97. Hjáleigur Hallfreðarstaðahjáliega og Fremrasel. Með Hallfreðarstöðum og Hallfreðarstaðahjáleigu er rekaítak fyrir Ketilstaðaland. "Hallfreðarstaðir eiga rekaítak á Héraðssöndum norðan Jökulsár." Ö-Hallfreðarstaðir, 9. H eiga nú land að þessum jörðum: Brekku að austan, Fremrasel að sunnan, Stóra-Bakka og Litla-Bakka að vestan og Hjáleigu að norðan." SJM I, 323

1918: Tún 4,7 ha, garðar 733 m2 "Ytri (nyrðri) hluti landsins er að miklu leyti engjaland vel til ræktunar fallið með framræslu. Þar er Hallfreðarstaðablá með úrvalsengjar. Aðalheyskapurinn var tekinn þar, ljóslykkja og fjöður á votlendi. ... Gamla túnið er á hæðarávala fremur jarðgrunnt og hólótt, en þótti þó grasgefið vel, kargaþýft áður." SJM I, 323.

NM-092:001 *Hallfreðarstaðir* bæjarhóll bústaður
"Stutt innan við lækinn er gamli bærinn á Hallfreðarstöðum, og stendur sumt af honum enn, og við hann eru miðuð örnefni í túninu fyrir innan læk." segir í örnefnalýsingu. "Gamli bærinn á H var allra bæja mestur og reisulegastur. Fjörur stafþil vissu austur á hlað og 3 torfstafnar, baðstofa fjórskipt og önnur bæjarhús að baki. Meðal vistarvera var, salur til hægri við bæjardyr, glæsilegt herbergi og yfir svefnloft með lokrekkjum." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Hallfreðarstaðir, 4; SJM I, 324

NM-092:002 heimild vörslugarður
"Beðsléttur um ein dagsl. frá tíð sr. Jakobs og aðrar túnsléttur frá því um aldamót. Sléttur þessar eru í svon. Hring, spildu sem afmörkuð er með gömlum torfgörðum." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 324

NM-092:003 varða landamerki
"Milli Hallfreðarstaða og Litlabakka ræður Grænakelda að vörðu, sem hlaðin er, þar sem Grænakelda hættir ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 2

NM-092:004 varða landamerki
"Milli Hallfreðarstaða og Fremrasel eru landamerki þessi. Úr vörðu á Hörgrum [NM-075:23] bein lína í vörðu á Selhnúkum ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 3

NM-092:005 varða landamerki
"Milli Hallfreðarstaða og Fremrasel eru landamerki þessi. Úr vörðu á Hörgrum [NM-075:23] bein lína í vörðu á Selhnúkum, þaðan í vörðu á Smiðasás ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 3

NM-092:006 *Kinnarhús* heimild fjárhús

“Í heimatúni utan við lækinn er brekka, sem heitir Kinn. Á Kinninni var fjárhús, kallað Kinnarhús (nú hesthús).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 3

NM-092:007 *Ytrahesthús* heimild hesthús
“Í heimatúni utan við lækinn er brekka, sem heitir Kinn. Á Kinninni var fjárhús, kallað Kinnarhús (nú hesthús). Þar var líka hesthús, kallað Ytrahesthús (nú aflagt).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 3

NM-092:008 *Skessusæti* þjóðsaga
“Í brekkubrúninni er[u] tvær lautir, kallaðar Skessusæti. Þessu örnefni fylgir sú saga, að tvær skessur áttu þarna leið um og settust þarna niður og hvíldu sig. Þá mynduðust fyrrnefndar lautir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 3

NM-092:009 *Fremrahesthús* heimild hesthús
“Norðan við Kinnina er svæði, sem heitir Rani, þar stóðu Ytriahesthús áðurnefnt og Fremrahesthús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 4

NM-092:010 *Pétursgarður* heimild túngarður
“Innan við bæ var túngarður, kallaður Péturgarður.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 5

NM-092:011 *Austastahús* heimild fjárhús
“Inn af bænum voru fjárhúsin á Hallfreðarstöðum í röð austast: Austastahús, Hlöðuhús (sem enn stendur), þar næst Miðhús og Norðastahús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 5

NM-092:012 *Hlöðuhús* heimild fjárhús
“Inn af bænum voru fjárhúsin á Hallfreðarstöðum í röð austast: Austastahús, Hlöðuhús (sem enn stendur), þar næst Miðhús og Norðastahús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 5

NM-092:013 *Miðhús* heimild fjárhús
“Inn af bænum voru fjárhúsin á Hallfreðarstöðum í röð austast: Austastahús, Hlöðuhús (sem enn stendur), þar næst Miðhús og Norðastahús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 5

NM-092:014 *Norðastahús* heimild fjárhús
“Inn af bænum voru fjárhúsin á Hallfreðarstöðum í röð austast: Austastahús, Hlöðuhús (sem enn stendur), þar næst Miðhús og Norðastahús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 5

NM-092:015 heimild mylla
“Við lækinn norður af bæ hét Myllugil. Þar var kornmylla.” segir í örnefnalýsingu. Í Sveitum og jörðum segir að mylla hafi verið uppistandandi árið 1910.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 5; SJM I, 324

NM-092:016 *Fjósþýfi* örnefni fjós
“Upp af bugðu á læknum var Fjósþýfi, og austan við bæinn var Skemmuþýfi ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 5

NM-092:017 *Skemmuþýfi* örnefni skemma
“Upp af bugðu á læknum var Fjósþýfi, og austan við bæinn var Skemmuþýfi ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 5

NM-092:018 *Hallfreðarleiði* heimild legstaður
“Upp af bugðu á læknum var Fjósþýfi, og austan við bæinn var Skemmuþýfi, í því voru tvær þúfur, nefndar Hallfreðarstaðaleiði, þar átti Hallfreður landnámsmaður og kona hans að vera grafin. Búið er að slétta yfir þessar þúfur og ekki vitað nákvæmlega, hvar þær voru.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 5

NM-092:019 gata leið
“Þar eru landamerki um svonefnda Bringukollsöxl (sem er inn af fyrrnefndri keldu). Ofan við hana er Háöxl. Norðan við Háöxl er Lágöxl. Inn af Háöxl er Vegöxl; utan við hana eru gamlar götur milli Brekku og Hallfreðsstaða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 5

NM-092:020 *Goðrúnarstaðir* bæjarstæði býli
“Norðan í Brekkuöxlum [sjá 019] er Goðrúnarskarð. Þar eru rústir af eyðibýli, sem heitir Goðrúnarstaður. Í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar eru Goðrúnarstaðir taldir afbýli frá Brekku, en eru nú í Hallfreðsstaðalandi nálægt mörkum.” segir í örnefnalýsingu. “Sagt er, að þessi jörð hafi átt engjastykki í Hallfreðarstaðablá; þar heitri Goðrúnarmýri, og tilheyrir nú Hallfreðsstaðahjáleigu.”
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 5-6; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 178

NM-092:021 *Skjólhús* heimild beitarhús
“Vestur af Vegöxl eru beitarhús frá Hallfreðarstöðum II. Þau eru kölluð Skjólhús.” segir í örnefnalýsingu. “Beitarhús eru tvenn, Skjólhús og Gamli-Stekkur skammt innan við tún, bæði í notkun.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 6; SJM I, 323-324

NM-092:022 *Gamlistekkur* heimild beitarhús
“Þá munu talin örnefni austan við Hallfreðsstaðalæk, og verða þá talin örnefni norðan við læk. Inn af túni er ávöl hæð, sem er kölluð Hryggur. Hæð þessi er líka eftir endilöngu túninu og nær út í Hjáleiguland. Við innri endann á Hryggnum er Gamlistekkur. Þar eru nú beitarhús frá Hallfreðarstöðum I. Þar voru miklar rústir og garðlög.” segir í örnefnalýsingu. “Beitarhús eru tvenn, Skjólhús og Gamli-Stekkur skammt innan við tún, bæði í notkun.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 6; SJM I, 323-324

NM-092:023 tóftir
“Nokkur innan við Gamlaklett [við 022] er klettur, kallaður Hamar. Framan við Hamarinn eru mikil garðlög og tættur, sem ekki er vitað um nafn á.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 7

NM-092:024 *Ytrasel* bæjarstæði býli
“Í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar er nefnt Ytrasel, afbýli frá Hallfreðarstöðum. Heimildarmenn hafa aldrei heyrt það nefnt fyrr.” segir í örnefnalýsingu. HS: “Ytrasel, afbýli frá Hallfreðarstöðum. Talið í eyðibýlaskrám.” Heimildarmenn telja líklegt að Ytrasel sé sama og 023.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 7; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 178

NM-092:025 *Merasel* bæjarstæði býli/sel
“Svo eru heimildir, sem segja, að reist hafi verið sel eða afbýli frá Hallfreðarstöðum á síðari hluta 17. aldar, sem kallað var Merasel, en heimildarmenn kannast ekki við það nafn.” segir í örnefnalýsingu. Þar bjó Bessi Eiríksson.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 7

NM-092:026 *Smiðshús* heimild beitarhús
“Norðan við Hamra er Hamrasund. Spölkorn innan við Hamra er Smalaklettur. Inn af honum er hæð, sem heitir Höfði. Innan við Höfðann er smálækur, kallaður Smiðhúsalækur; hann rennur í Hallfreðsstaðalæk. Innan við þann læk er allstór ás, kallaður Smiðás. Þar voru beitarhús frá Hallfreðarstöðum, nefnd Smiðshús.” segir í örnefnalýsingu. Löngu aflögð.

Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 7

NM-092:027 *Jakobsskurður* heimild áveita
"Þá verður farið heim að túni og byrjað þar. Þar sem lækurinn kemur ofan í Blána úr Myllugilinu, rennur hann í skurð, sem var kallaður Jakobsskurður. Hann er kenndur við sr. Jakob Benediktsson, sem bjó á Hallfreðarstöðum 1893-1911. Sr. Jakob lét grafa þessan skurð. Jakobsskurður nær norður í Blána, móti landamörkum Litlabakka, þar tekur við Græfalækur (áðurnefndur). Nú skiptir hann löndum milli Hallfreðarstaða og Hjáleigu, og hefur verið dýpkaður með nýrri tækni." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 8-9

NM-092:028 *Pálsskurður* heimild
"Neðan við túnið inn af Jakobsskurði var annar skurður eldri, sem var kallaður Pálsskurður. Páll Ólafsson lét grafa þennan skurð 1866. Skurður þessi náði Grænukeldu (áðurnefndri). Milli skurðanna, og líklega út fyrir Jakobsskurð, er (var) kallað Markspilda." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallfreðsstaðir, 9

NM-092:029 heimild hesthús
Í Sveitum og jörðum segir að torfhesthús hafi verið á H2, fyrir 6 hesta. Sennilega sama og 007 eða 009.
Heimildir: SJM I, 323

NM-092:030 kuml legstaður
"Sumarið 1987 fundust mannabein á Hallfreðarstöðum í Tungu, Norður-Múlasýslu, er unnið var við lóð nýbyggðs íbúðarhúss. Húsið stendur um 150-200 metra frá eldri bæjarhúsum þar sem talið var að bærinn hefði jafnan staðið áður. Austan við nýja húsið var jafnaður hóll, um 30 m í ummál og 1-1,5 metrar á þykkt. Margir hólkollar eru þar í grennd og þessi skar sig ekki úr. Heimamenn töldu þá að óvenju mikill moldarjarðvegur hefði verið þarna og væri yfirleitt styttra ofan á möl annars staðar.

Eftir að búið var að slétta úr hólnum tóku menn eftir beinum á víð og dreif í rótinu eftir jarðýtuna. Beinin voru tínd saman og lögð þar sem talið var hugsanlegt að þau hefðu getað komið upp, sem var um 4 metra frá miðjum húsgaflinum, eða u.þ.b. þar sem hóllinn hafði verið þykkastur. Þarna fundust neðri kjálki, tveir lærleggir, handleggsbein og hnútur úr manni, og nokkrar flögur úr höfuðkúpu á víð og dreif í moldinni í kring. Þá var meðal beinanna kjálki úr hesti. Engin önnur ummerki voru sjáanleg. Má vera, að maður og hestur hafi verið grafnir saman í hólnum. Það er þó ekki hægt að fullyrða. Þess má geta, að í öðrum hól fundust hesthausar grafnir einir og sér og hefur það tíðkast, eftir því sem til féllu, a.m.k. í seinni tíð, að sögn heimamanna.

Nokkrum dögum síðar var enn unnið við lóðina með jarðýtu. Kom þá höfuðkúpa af manni upp rétt við húsvegginn og brotnaði hún undan ýtunni. Við rannsókn fannst heil beinagrind. Hún lá um 1 metra frá húsinu, nálægt norðurhorni þess. Á þessum stað var hóllinn farinn að lækka og hefur gröfin verið tekin í aflíðandi halla hans. Þótt hóllinn væri nú farinn, mundi bóndinn, Elís Eiríksson, að þarna hafði verið flái í hólinn og hefði áreiðanlega verið grafið í hann einhverntíma, e.t.v. til efnistöku. Aðeins voru eftir um 10 sm niður að beinunum, en undir þeim var urð. Beinagrindin lá með höfuð í vestur, fætur í austur. Hún lá hálft í hvoru á bakinu og hálft í hvoru á vinstri hlið, hendur niður með síðum. Höfuðkúpan var færð úr stað. Hjá henni fannst lítil gráleit pjatla, líkust pappír, en hefur líklega verið húðpjatla. Augljóslega höfðu beinin aldrei verið tekin upp. Þó hefur gröfin orðið fyrir hnjaski, því sum beinanna vantaði og þrjú fundust utan við gröfina. Það var einmitt á þeim stað þar sem fláinn hafið verið í hólinn. Meðfram beinunum voru greinilegar svartar rákir í moldinni of sumsstaðar töluverðar tréleifar. Til fóta mótaði fyrir beinum gafli, en annars virðist timbrið hafa lagað sig að beinunum í tímans rás, t.d. lá það svo þétt að hryggnum, að nokkur rifbein sköruðu út fyrir.

Tréleifar voru ofan á beinunum einnig. Engir naglar voru í gröfinni og engir munir heldur. Lítill vafi er á, að jarðsett hefur verið í kistu með loki og hefur hún verið mjög þröng. Sennilega hefur hinn látni verið lagður á bakið í kistuna, en oltið til og skorðast upp við horn hennar við jarðsetninguna. Beinagrindin var af barni, 10-12 ára, e.t.v. nokkru eldra. Nákvæm skoðun á beinunum hefur að vísu ekki farið fram, en augljóslega hafði barnið nýlega fengið fullorðinstennur, því þær voru fullkomnlega heilar og óslitnar. Lega grafarinnar við áttum og umbúnaður allur bendir til greftrunar á kristnum tíma. Eins og fyrr segir skar hóll sá, sem beinin fundust í, sig ekki úr öðrum og heimamenn áttu síst von á að rekast á mannabein á þessum stað. Engar sagnir eru um grafreit eða bænhús á staðnum og aldrei hafa fundist þar kuml. Skammt er að Kirkjubæ, þar sem talið er að kirkja hafi verið í frumkristni. Kirkjan er talin með í kirknaskrá Páls biskups

Jónssonar frá um 1200 og er einnig í Wilchinsmáldögum. Sennilegast er, að gröfin á Hallfreðarstöðum sé frá fyrstu tímum kristni þegar hætt var að útbúa hina látnu með ýmsum þeim hlutum sem mættu gagnast þeim áfram, en ekki var komin föst skipan á greftranir í vígðum reitum."

Heimildir: GK: Árbók 1987, 95-97

NM-093 Hallfreðarstaðahjáleiga

Hjáleiga Hallfreðarstaða, hjáleigan átti hluta í rekaítaki Hallfreðarstaða. "Landið nær vestan frá Græfnalæk og austur í Þórisvatn og norðan frá fornum vörslugarði, sem liggur þvert yfir Tungu austan frá Lagarfljóti um Kirkjubæjarland í Þórisvatn norðan undir útenda þess og frá vatninu aðeins til nv. í Jökulsá, á mörkum H og Hrærekslækjar, og síðan um land Litla-Bakka nær nyrst. Mörk við Hallfreðarstaði fylgja að mestu veginum frá Þórisstaðavatni að vegamótum í H, og læknum niður Hallfreðarstaðablá." SJM I, 326-327.
1918: Tún 1,5 ha, garðar 400 m2

NM-093:001 *Hallfreðarstaðhjáleiga* bæjarhóll bústaður
"Torfbærinn byggður fyrir 1889, baðstofan lengd síðan. Hún var 5,5x4,8 álnir, hálf á þrep, öll undir reisifjöl. Rúmgóðar bæjardyr og skemma sneru timburstöfnum austur á hlað." Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 327

NM-093:002 heimild stekkur
"Norðan við Fiskiblá móts við Fiskilæk, þar sem hann kemur úr Þórisvatni, er ás, sem heitir Stekkás, út af honum er Stekkáshali. Yfir halann eru landamerki. Innan við Stekkás er Stekkahraun. Utan og norðan við hraunið er vatn, sem heitir Stekkavatn. ... Austan við Stekkahraunið var Stekkur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallfreðarstaðahjáleiga, 3-4

NM-093:003 *Faxatjörn* þjóðsaga
"Innan við vatnið [Stekkavatn ?] er klettahlæð, sem heitir Hjáleigu hraun. Þar er skammt utan við tún. Innan við hraunið er tjörn, ekki stór, sem heitir Faxatjörn. Í tjörninni er hólmi og í hólmanum djúpur pyttur, sem heitir Faxapyttur. Við tjörn þessa loða forneskjusagnir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallfreðarstaðahjáleiga, 4

NM-093:004 *Torftjörn* örnefni rista
"Norðan við Hjáleiguhraun er mýrarsund nafnlaust. Í sundinu er tjörn, sem heitir Torftjörn. Norðan við sundið er lágur hæðarhryggur, nefndur Hryggur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallfreðarstaðahjáleiga, 4

NM-093:005 *Mannaklettur* varða
"Austan við Faxatjörn er lítill klettur. Á honum eru vörður eða steindrangar svipaðir mönnum séð frá bæ. Hann hefur nú á síðari árum verið kallaður Mannaklettur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallfreðarstaðahjáleiga, 4

NM-093:006 *Byrgisás* örnefni
"Norðan við Stekkás og Stekkáshala [002] er stór ás, sem heitir Byrgisás. Þessi ás er að nokkru leyti í Hrærekslækjarlandi. Í sundi milli Stekkáss og Byrgisáss er Byrgisáastjörn." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallfreðarstaðahjáleiga, 4

NM-093:007 heimild landamerki
"Landið nær vestan frá Græfnalæk og austur í Þórisvatn og norðan frá fornum vörslugarði, sem liggur þvert yfir Tungu austan frá Lagarfljóti um Kirkjubæjarland í Þórisvatn norðan undir útenda þess og frá vatninu aðeins til nv. í Jökulsá, á mörkum H og Hrærekslækjar, og síðan um land Litla-Bakka nær nyrst. Mörk við Hallfreðarstaði fylgja að mestu veginum frá Þórisstaðavatni að vegamótum í H, og læknum niður Hallfreðarstaðablá." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM I, 326-327

NM-093:008 heimild fjós
Í Sveitum og jörðum segir að gamlat torffjós standi enn.
Heimildir: SJM I, 327

NM-093:009 heimild túngarður
“Beðsléttur nokkrar og túngarður, nú horfið.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 327

NM-093:010 heimild mylla
“Mylla við Hallfreðarstaðalæk í grunni gili milli bæjanna, fyrir báða bæi.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 327

NM-094 Fremrasel

Hjáleiga Hallfreðarstaða, upphaflega selstaða þaðan. “Landamörk við Heiðarsel eru að sunnan við Ærhamri vestur í stein á bláheiðarendanum við Dimmadal, að vestan frá áðurnefndum steini norður Sprekahlíð og á Stóra-Bakkaháls innantil, þaðan austur yfir Smiðsás, og að austan móti Brekku og Brekkuseli frá fyrstu bugðu á Hallfreðarstaðalæk utan við Fremraselsvatn suður nálægt vegamótum F og Brekkusels og fylgja síðan nokkurn veginn veginum að Ærhamri.” Í eyði frá 1967. SJM I, 325.

1918: Tún 2,6 ha, garðar 140 m2 “Gamlt túnið er í hallendi, þar sem einna þurrast er í landinu utan holta. Það var þýft og þaksléttað allt (1918-´42) og nokkurt land framræst og ræktað neðan við gamla túnið.” SJM I, 325.

NM-094:001 *Fremrasel* bæjarhóll bústaður
“Gamli bærinn samkv. úttekt 1911: Baðstofa 9x6 álnir, 3 álnir og 20 þuml. á hæð af palli í mæni. Reisifjöl á 3 langböndum og gleiðum mæni úr heilum borðum. Tvískipt með dyrabindingum. Búr með reisifjöl og eldhús undir grenirafti saman í tótt. Búið í bænum til ´35.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 326

NM-094:002 heimild beitarhús
“Í Tunguás miðjum að austanverðu heita Björg norður af þeim eru Beitarhús og nyrsti endi Tunguáss heiti Halaklettur.” segir í örnefnalýsingu. Notuð til ársins 1967, segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Fremrasel, 74, SJM I, 325

NM-094:003 varða landamerki
“Að vestan er merkjalínan úr steininum á Heiðarendanum í vörðu norðan við Dimmadal, svo í vörðu á kletti fyrir framan Skollaklett.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fremrasel, 74

NM-094:004 varða landamerki
“Að vestan er merkjalínan úr steininum á Heiðarendanum í vörðu norðan við Dimmadal, svo í vörðu á kletti fyrir framan Skollaklett.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fremrasel, 74

NM-094:005 *Holtagerði* heimild býli/beitarhús
“Austast í Tangholtum eru önnur Beitarhús og þar austan í þeim er Fífuhvamur og Fífuhvammsmell.” segir í örnefnalýsingu. “Þess má geta, að beitarhúsin í Tangholtum eru reist á rústum eyðibýlis, sem er nefnt Holtagerði í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fremrasel, 75, Ö-Fremrasel ath og viðb, 2; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 178

NM-094:006 *Hraunhús* heimild fjárhús
"Efst í túni er fjárhús, sem var kallað Hraunhús neðan við Hraun." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fremrasel ath og viðb, 2

NM-094:007 heimild fjárhús
Í Sveitum og jörðum segir að járnvarin torffjárhús séu heima byggð 1946-7, fyrir 200-250.
Heimildir: SJM I, 326

NM-095 Kirkjubær

Kirkjustaður, 12 hdr. 1695. Minnst á kirkjuna í kirknaskrá Páls frá um 1200. DI XII 4. Í máldaga Vallaneskirkju frá um 1270 segir: " a vallaness kirkia tvo hlvte j vidreka: enn kirkivbæiar kirkia þridivng: enn tuo hlvti a kirkivbæiar kirkia j hvalreka [á þriggja hundraða teigi fyrir vestan Lagarfljótsós."DI II 83 Afhendingabréf frá um 1336, þá á kirkjan Bóndastaða og hálfa Ytri Ketilstaðir í Útmannasveit?. Einnig á hún vestureyjar Torfastaða. DI II, 708-709.

Kirkjustaður, Gunnhildargerði hjáleiga. Kirkjan á reka á Maríu- og Húseyjarsandi og hálfan Helmingssand ásamt hvalreka á Langanesi. Í eyði síðan 1965. "... ítök [komu] þá í góðar þarfir: beit fyrir 100 lömb og geldfénað í Húsey, 100 lömb á Torfastöðum í Hlíð, nautaganga í Kaldártungum í Hlíð og Lágheiði og selstaða í Bótarheiði (Svarthamrasel)." SJM I, 340. "K á land að Litla-Steinsvaði, Brekku, Hallfreðarstöðum og Hjáleigu, Hrærekslæk, Galtastöðum út, Nefbjarnastöðum og Gunnhildargerði. helstu viðmiðunarstaðir landamerkja á korti eru norðurendi Búaðvatns og mjóavatns, Þórisás, Gljúfravatn, Fornustaðaás og Kolahjalli og Lagarfljót utan frá Merkilág við vík í fljótsbakkanum út og niður af Þorsteinsgerði og inn fyrir foss rétt um Völsunga og þar þvert vestur í Búðalæk." SJM I, 339.

1847: Túnið fóðrar 4 kýr, en útheysskapur er bæði reitíngsamur og örðugur, en þó reyndar eigi mjög lítill." JJ 1847, 365. 1918: Tún 5 ha, garðar 1235 m2 "Engjar voru á dreif um landið, fremur snöggar og reytingssamar, vart slægar árlega, en svo víðlendar, að heyskaparmöguleikar voru miklir hjá efnuðum prestum, sem nutu ódýrs vinnuafls ..." SJM I, 339-340.

NM-095:001 *Kirkjubær* bæjarhóll bústaður
"Bæjarhóll, sem bærinn, kirkjan og báðir kirkjugarðarnir, Efri-Kirkjugarður og Neðri-Kirkjugarður, standa á, Kirkjuhóll, landur hólrani út af Efri-Kirkjugarði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Kirkjubær, 8

NM-095:002 heimild kirkja
"Bæjarhóll, sem bærinn, kirkjan og báðir kirkjugarðarinr, Efri-Kirkjugarður og Neðri-Kirkjugarður, standa á, Kirkjuhóll, langur hólrani út af Efri-Kirkjugarði." segir í örnefnalýsingu. Það eru nefnir 2 kirkjugarðar. Ef til vill þarf að skrá annan þeirra sérstaklega.
KIRKJUBÆR Í HRÓARSTUNGU (NM) -Maríu
c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4
[um 1270]: a vallaness kirkia tvo hlvte j vidreka: enn kirkivbæiar kirkia þridivng: enn tuo hlvti a kirkivbæiar kirkia j hvalreka [á þriggja hundraða teigi fyrir vestan Lagarfljótsós]; Máld DI II 83 [Vallaness]
[um 1336]: Kirkiubær. Gamall maldage.
Svo mikid tok sira starkadur med kirkivbæiarstad. so sem sira söbiorn let lausan.

tolf kýr. tueimur aam fatt j atta tigv. sextan saude tuævetra. fimm hrvtar. forostv saudur. tueim saudum fatt j fimtigv. veturgamals fiar. iiij naut tuævetur. sex veturgomul. sex vetra gamall vxe ekinn. sex hross. var þetta all saman iiij kugilldi oc fiorutigir.

j virdingar fie. attatige skiolna kieralld oc annad lx skiolna j jordv bædi. tvnna stor. pottur. ketill litill. viij bedir. iiij hæginde. salvn. Blæia med morkvm. tuær abreidur. half tolfta alin hafnar vodar. Reflar ij. pallklædi ij. not oc skip. vont bord. cccc. vorv. voro þetta kollud xx hvndrud. jord a Bondastodum oc

ketilstader ytre halfver. hvndrad lamba afrettur. a vestur eyiar j Torfvastada jord æfvenliga. xv merkur vax oc reykelsi.

Þetta a kirkia jnnan sig. songbok fra paskvm oc til jolafostv. onnur fra jolafostv oc til paska. vtan commune. ij. messvbækur per annum. graduale. font. sequentiubok forn oc raung. lesbok de sanctis forn [fra jonsmesso] baptiste oc framan til gregorius messo. vetur hlvti med fornre skipan. þrenn messvklædi. ad avk hoklar ij. kalekar ij. kapvleppar ij. alltaris klædiss iij allvondur dukur glitadur forn oc annar hvítur. fontklædi vont. sloppar ij. kros smellttur. mariu skriftt. þorlaks likneski ij. lytid skryn. med tonn. stikur ij. katerinar skriftt. kirkivketill vondur. merki ij. lektare. glodarker oc elldberi vondur.

Þetta lagdi sira sæbiorn epter a kirkivbæ. kantarakapv. ij. steintiolld. Reykelsis bvdk med kopar smellttann.

Staðarafhending DI II 708-709

[1367]: clv. Mariukirkia a kirkiubæ a heimaland allt husey alla og marga holma fyrir vestan a Geirastade. hun a eyasand xc fadma tijræd. Marie sand. ccc. og liggur þridiungur til hallormsstada.

en vilchinsbok helldur mariusand. cccc. annad ber samann vid vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 232

5.5.1376: Vitnisburður um rekamörk milli Húseyjarsands, eignar Kirkjubæjarkirkju og Sleðbrjótssands; DI III 307-308

1397: a heimaland allt. Husey alla oc marga holma firir vestann a. geirastadi [+sanda, hvalreka] Hun a og Lambey [nautafrétt] Skalldartunngu [+skógarteig, skóg] Bondastade. Kietilstadi ytri halfa [+lambaafrétt]

xv merkur vax oc reykelsi er sira Sæbiorn lauk fyrer xvjc fyrer jord. Jtem lagdi hann þar epter [ornamenta]

Þar skulu vera prestar ij.

þar skal vera kvenngilldur omagi.

gafst kyr epter Pettar a Galltastodumm.

Olukt portio xvjc er sira Pall a ad svara oc xviij aurar. er nv hier eitt c j stadarspell oc half jordinn a Galltastodumm efrum oc cccc j bokumm.

Jtem gafst til c vorugilldt medann sira Gregorius hiellt; Máld DI IV 219-220

[1491-1518]: Máld DI VII 21

1575: Máld DI XV 678-679

1598: í Kirkjubæjarsókn eru 6 bænhús kúgildi; AM 263 fol. bl. 99

16.11.1907: Hjaltastaðar- og Eiðasóknir lagðar til Kirkjubæjar; (PP, 7) [lög]

17.4.1925: Kirkjubæjarsókn skipt í tvennt og helmingur lagður undir nýja kirkju á Sleðbrjót; (PP, 7) [Stjórnarráðsbréf]

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 8

NM-095:003 þjóðsaga legstaður

FF: “Gaumul Sögusögn er, ad Völu Leidi hafi hér verid vid Kyrkiugardinn utanverdann, og hefir leingi sef vott til Hellu þeirrar, er yfir því skylldi vera. - Fyri skémstu þá eg á þessu ári lét Kyrkiugardinn utfæra, var þessari Hellu af 8 manns á brotnum uppvelt, og fannst ei annad udnir henni, enn 4 steinar ótilhöggnur, á hvörium hún hafdi stadid, enn alls ekkert annad merkiligt, enn þótt leingra væri nidurgrafir. Hellan siálf er ei ýkia stór ummáls, enn nokkuð þykk, aflauns ad lögun, flöt og slétt á annann veg, enn hinumeigin miög óslétt, og líkust fyri, af hún sé spreingd útúr Kletti eda stórum Steini.”

Heimildir: FF I, 19

NM-095:004 heimild smiðja

FF: “Fyrir utan þá Rauda Smidiu sem hér á Kyrkiubæ tilforna verid hefr, og hvarum eg hefir ádr Skýrslu géfid vidkomansi Prófasti, eru stór líkindi fyrir, ad önnur samslags hafi verid hér út med Lagarflióti vid sokalladann Smidiu Hól, framan í hvörium ad ennþá sést vottr til gamallrar Hússtoptar, og kríngum hann tiást I Iördunni fundin vera nokkur Styttki af Sindri.”

“Ved Kirken paa denne Præstegaard / :Kirkebæ: / er et Döbefad af haard meger fin lysebrun Steen Circa 1 1/2 al höyt, med fliid kantet og tilhugget, det vejer vist over 20 1 Sk hvor gammelt det er vides ille, men uden rvivl, er det ældre end Reformationens indförelse.” Þó að ekkert standi skrifað um það í íslendkum sögum er þí mjög líklegt að járnbræðslu (rauðablástur) hafi verið reist í eldtu tíð og starfræktá prestsetrinu Kirkjubæ í Hróarstungu. Þetta er dregið af því, að fyrir nokkrum árum þegar grafið var þar af tilviljun í eldgamla tóft fannst þar mikið af kolum og ösku, og þegar þetta var athugað nánar fundust utan við tóftina, mörg brot af sérlega stóru og þungu járngjalli, sem alls ekki getur verið úr venjulegum

smiðjuaflseldi, og þar er merkilegt að allur túngarðurinn í nágrenninu í um 20til 30 faðma lends er fylltur að innan með þessu grófa járngjalli. Birkiskógur hefur líka verið allstapar og járn finnst án efa bæði í flögum og mýrum."

Heimildir: FF I, 8, 19

NM-095:005 heimild smiðja

FF: "Fyrir utan þá Rauda Smidiu sem hér á Kyrkiubæ tilforna verid hefr, og hvarum eg hefir ádr Skýrslu géfid vidkomansi Prófasti, eru stór líkindi fyrir, ad önnur samslags hafi verid hér út med Lagarflióti vid sokalladann Smidiu Hól, framan í hvörium ad ennþá sést vottr til gamallrar Hússtoptar, og kríngum hann tiást I Iördunni fundin vera nokkur Styttki af Sindri."

Heimildir: FF I, 19

NM-095:006 garðlag túngarður

FF: "Þó að ekkert standi skrifað um það í íslendkum sögum er þí mjög líklegt að járnbræðslu (rauðablástur) hafi verið reist í eldtu tíð og starfræktá prestsetrinu Kirkjubæ í Hróarstungu. Þetta er dregið af því, að fyrir nokkrum árum þegar grafið var þar af tilviljun í eldgamla tóft fannst þar mikið af kolum og ösku, og þegar þetta var athugað nánar fundust utan við tóftina, mörg brot af sérlega stóru og þungu járngjalli, sem alls ekki getur verið úr venjulegum smiðjuaflseldi, og þar er merkilegt að allur túngarðurinn í nágrenninu í um 20til 30 faðma lends er fylltur að innan með þessu grófa járngjalli. Birkiskógur hefur líka verið allstapar og járn finnst án efa bæði í flögum og mýrum."

Heimildir: FF I, 8

NM-095:007 *Lækjarhús* heimild útihús

"Syðst og austast í túninu sunnan við lækinn Lækjarhústún kringum Lækjarhús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 7

NM-095:008 *Kletthús* heimild útihús

"Kletthústún þar ofan við [007] og út með Lækjargilinu eða láginni, sem hann fellur eftir. Á Kletthústúni voru Kletthús og í kringum þau Dratthalastaðateigur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 7

NM-095:009 heimild fjárhús

"Á Kletthústúni [008] voru auk þess Hrútakofi. ... Hrútakofinn var syðstur" segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 7

NM-095:010 heimild hesthús

"Á Kletthústúni [008] voru auk þess Hrútakofi. Nyrzt á því var Hesthús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 7

NM-095:011 *Hólhús* heimild útihús

"Kirkjuhóll, langur hólranu út af Efri-Kirkjugarði. Á honum yzt er Hólhús, er norðan við kirkjuna." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 8

NM-095:012 *Gömlukvíar* örnefni kvíar

"Bali er þar út af [011]. Yzt á honum eru Gömlukvíar." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 8

NM-095:013 heimild kvíar

"Kvíar voru austan í Kirkjukletti og notaðar meðan ég var á Kirkjubæ." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 8

NM-095:014 heimild mógrafir

"Mógrafir vestur af Gömlukvíum [012] við upptök lækjar." segir í örnefnalýsingu. " Notaðar fyrstu ár sr. Einars í Kirkjubæ."

Ö-Kirkjubær, 8

NM-095:015 *Kinnarhús* heimild útihús
“Kinn er austur af há-Kirkjuhól og Kinnarhól og Kinnarhús, einnig kallaður Gerðisteigur á sínum tína, sláttuteigur frá Gunnhildargerði.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 8

NM-095:016 *Stórhús* heimild fjárhús
“ ...Fit heitir svo mikil flatneskja fyrir neðan þetta tún allt og suður að bæjarlæk. Var suðvestuhluti þess gert að túni í tíð sr. Einars, en hinn hlutinn allt ofan á Bringur, í tíð sr. Sigurjóns Jónssonar. Í því er Galtastarteigur í krikanum milli skurða og Húseyjarteigur suðvestast í því. Einnig er í því norðaustanverðu hóll nokkur nafnlaus, en á honum er hús og hlaða, sem nefnd voru Stórhús og Gýpa.” segir í örnefnalýsingu. Hlaðan tók 2 hndr. hestburði
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 8

NM-095:017 heimild stekkur
“Meðfram fljótinu er mýrlend brydding eða mjó slétta, að mestu mýrlend, sem ég minnist ekki að hafa heyrt nafn á alla leið inn að Þorsteinsgerðislæk, er fellur þar í fljótið sunnan við Stekkinn, sem er þar á þurri flöt.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 2

NM-095:018 *Kolahjalli* örnefni kolagröf
“Eftir að Einistekksblá sleppir er örnefnalaus flatneskja alla leið að Þorsteinsgerðislæk. En ofan við þetta svæði allt er langur hjalli, sem heitir Kolahjalli. Þó mun það aðallega vera yzti hlut af þessu, sem heitir því nafni...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 2

NM-095:019 *Þorsteinsgerði* bæjarstæði býli/beitarhús “Upp af Kolahjallanum [018] er ásakraðak, sem kallast Hestar, sem að mestu er í Gunnhildargerðislandi, en suður af því er ás, sem heitir Gerðisás, sem liggur inn að gömlu býli, sem heitir Þorsteinsgerði og voru eða eru þar beitarhús.” segir í örnefnalýsingu. “Þorsteinsgerði var í ábúð 1726. Þar voru beitarhús fram um 1960 ...” segir í Sveitum og jörðum. “Þorsteinsgerði, lengi beitarhús frá Kirkjubæ, fór í eyði 1726. Þar er búið 1703.” Nefnt í skrá HS og Olavíusar.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 2, 18; SJM I, 339; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 178; ÓO: Ferðabók II, 139

NM-095:020 heimild rétt
Ás kallaðu Leiti liggur frá Þorsteinsgerði [019] og heim að Kirkjubæ. Þar eru nokkrar þverlágar og heitir ein þeirra Réttarlág. “... og dregur nafn sitt af því, að þar var hestarétt í gamla daga, þar sem kirkjufólkið geymdi hesta sína, er kom þarna utan af bæjunum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 3

NM-095:021 heimild rétt
“Önnur samskonar rétt [og 020] var sunnan í Ytra-Berjaholtinu, sunnan við túnið, er síðar verður getið.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 3

NM-095:022 heimild
“Hagagirðing var neðan við Kolahjalla [018] og Klapparhjalla.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 3

NM-095:023 *Svarðarlág/Mógil*heimild mógrafir
“Svo man ég ekki nöfn innan Kýrhöfða með fljótinu fyrr en Svarðarlág öðru nafni Mógil, þar sem svörður var tekinn lengst af þeim tíma, sem ég man eftir ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 4

NM-095:024 heimild mógrafir

“Svo man ég ekki nöfn innan Kýrhöfða með fljótinu fyrr en Svarðarlág öðru nafni Mógil, þar sem svörður var tekinn lengst af þeim tíma, sem ég man eftir, þar til farið var síðustu árin að taka hann neðan við Þorsteinsgerði (í gilinu þar við lækinn).” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 4

NM-095:025 *Vetrarvað* heimild vað

Í Búðarlæk er Búðarlækjarfoss. “Hins vegar er lækur þessi versta hætta fyrir skepnum, þar sem hann felllur á ská í bugðum gegnum landið, út og ofan í fljót. Rétt ofan við fossinn er á læknum svonefnt Vetrarvað.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 4

NM-095:026 *Mylluvað* heimild vað

“Við mynni Búðarlækjar er Dýjalág (ytri). Suður af henni með læknum heitir Langimór, sem nær að svonefndu Mylluvaði á læknum og ofan við það var er fossinn, sem heitir Myllufoss. Beint niður af bænum við fossinn er nefnt Myllugil.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 4-5

NM-095:027 *Myllufoss* örnefni mylla

“Við mynni Búðarlækjar er Dýjalág (ytri). Suður af henni með læknum heitir Langimór, sem nær að svonefndu Mylluvaði á læknum og ofan við það var er fossinn, sem heitir Myllufoss. Beint niður af bænum við fossinn er nefnt Myllugil.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 4-5

NM-095:028 heimild kolagröf

“Búðarlækurinn skilur að stórt landssvæði, austan og suðvestanvert við staðinn. Meginhluti þess landsvæðis er gríðarstór og stórþýfður mór, sem heitir Fleki. Var þar stórvaxinn rafskógur hér áður, búinn að vera fyrir lögnu, er ég var að alast upp, og ekkert eftir af honum nema kolagröf við kolagröf.” segir í örnefnalýsingu. Mun hafa eyðilagst í Móðuharðindunum.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 5

NM-095:029 *Yztiflutningur* heimild ferja

“Í brekkunum við fljótið neðan við Flekann eru fá örnefni, þó er það lækur, sem heitir Merarbani, ... fram af honum er Hólminn í fljótinu. Þar rétt innan við er ferjustaðurinn Yztifluttningur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 5

NM-095:030 *Miðflutningur* heimild ferja

“Þar rétt innan við [029] er Dýjalág (fremri), stærðar hvammur eða hvilft upp í landið með lág vestur úr, þakin dýjamosa. Fram af henni skaga klappir út í fljótið, sem heita Veiðiklöpp eða klappir. Þar innan við er Miðflutningur og Innstiflutningur, gamlir ferjustaðir.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 5

NM-095:031 *Innstiflutningur* heimild ferja

“Þar rétt innan við [029] er Dýjalág (fremri), stærðar hvammur eða hvilft upp í landið með lág vestur úr, þakin dýjamosa. Fram af henni skaga klappir út í fljótið, sem heita Veiðiklöpp eða klappir. Þar innan við er Miðflutningur og Innstiflutningur, gamlir ferjustaðir.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 5

NM-095:032 *Fossgerði/Fossstekkur* bæjarstæði býli

“Landið meðfram fossinum að vestan er mýrlend lág eða kvos á bak við klettaranann, sem afmarkar fossaðdragandann, sem líka er kölluð Fossvík. Eru háir bakkar ofan við það. Á móti Fossinum, syðst í Flekanum, er gamalt býli, sem heitir Fossgerði. Sér þar vel fyrir tóftum.” segir í örnefnalýsingu. “... Fossgerði á fljótsbakkanum utan við fossinn, þar var stekkur.” segir í Sveitum og jörðum. “Niður af Flekanum eru tveir höfðar við Fljótið utar er Skollahöfði on inn af honum er Stekkhöfði (líklega kenndur við Fossstekk), sem er annað nafn á eyðibýlinu Fossgerði). Þar mun hafa verið stekkur eftir að býlið fór í eyði.” Nefnt í skrá HS.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 6, 16; SJM I, 339; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 178

NM-095:033 garðlag landamerki
“Ofan við Flekann, austan Búðarlækjar, er Dagmálaás. Inn af honum heita Steinvaðsásar, og í krikanum milli þeirra og Búðalækjar er flóasvæði mikið, sem nefnist Hádegisblá. Í henni vottar fyrir gömlum garði, merkjagarði.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 6

NM-095:034 *Búðir* tóft
“Mýri mikil liggur út frá vatninu alla leið heim að bæ, nafnlaus. Eru í henni engin örnefni nema Búðir, tættur skammt frá upptökum Búðarlækjar.” segir í örnefnalýsingu. “Utan við Búðavatn eru óglöggar rústir, líklega búðatættur og þar verið sveitaþing (skuldaþing) sbr. nafn vatnsins.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 7; SJM I, 339

NM-095:035 *Vetrarleið* örnefni leið
“Vestan við Berjaholtið [sjá 021] var talið um Vetrarleið.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 7

NM-095:036 *Þórishellir* þjóðsaga tröllabústaður
“Norðvestan undir Skerslunum, utalega, inn af Fornustaðaás, er síðar getur um, eru Litluskersl, þar er hjalli, þar í var samanhruninn hellir, Þórishellir, og áttu þar að hafa búið tröll, Þórir og frú hans. Þórir drukknaði í Þórisvatni á silungsveiðum og lagði kella þá á það, að þar skyldi ekkert lifa nema hornsíli og hefur svo verið til þessa dags.” segir í örnefnalýsingu.

Einnig er getið um tröllabústað þennar í örnefna lýsingu Gunnhildargerðis. “Tröllkallinn ásótti mjög prestinn, sem staðnum þjóðnaði [á Fornustöðum] og gerði honum ærinn skaða. Til þess að ráða bót á þessum vandræðum tók presturinn það r´ða að færa kirkjustaðinn lengra í burtu frá bústað tröllana og flutti hann þangað, sem hann er enn í dag og heitri Kirkjubær. En tröllkarlinn hætti þó ekki að ásakja prest, þó lengri leið þyrfti að fara. Eitt sinn, er karl var nærri kominn að Kirkjubæ, sást til hans, og snaraðist prestur þá út í kirkju til að hringja kirkjuklukkunum, því að það þórri óbrigðult ráð gegn tröllum og forynjum, og þegar tröllkarlinum steig upp á norðvesturhorn kirkjugarðsins, þá byrjaði prestur að hringja klukkunum. Þá varð tröllkarlinum svo hverft við, að hann steig svo fast á kirkjugarðshornið, það þar hrundi og karl féll aftur á bak, og lagði han það á garðshorið, að það skyldi aldrei standa, þó upp yrði hlaðið. Þóttu þau álög haldast langt fra eftir öldum og gera kannski enn í dag.”
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 9; Ö-Gunnhildargerði B, 24

NM-095:037 heimild landamerki
“Einu sýnilegu handverkin frá eldri tíð eru landamerkjagarðar, nokkuð langir allir til samans, en á slitringi þó, hinn fyrsti á Steinvaðsmörkum frá fljóti að Búðlækjarfossi ...” segir í Sveitum og jörðum. Gæti verið sama og 033.
Heimildir: SJM I, 340

NM-095:038 heimild landamerki
“Einu sýnilegu handverkin frá eldri tíð eru landamerkjagarðar, nokkuð langir allir til samans, en á slitringi þó, hinn fyrsti á Steinvaðsmörkum frá fljóti að Búðlækjarfossi, annar milli Þórisvatns og Fiskilækjar ...” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 340

NM-095:039 *Trölladalur* örnefni tröllabústaður
“Trölladalur heitir suður af tjörn þessari [Drápstjörn], en lækurinn úr henni heitir Trölladalslækur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 11

NM-095:040 *Skessusteinn* þjóðsaga

“Hér um bil fyrir miðju vatninu [Þórisvatni] er steinn einn mikill í brekkunni, er heitir Skessusteinn. Á það að vera skessan, er dagaði þarna uppi með byrgði sína, er hún kom frá því að leita að karli sínum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 11

NM-095:041 varða

“Lögmannshraun er holt með vörðu á.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 12

NM-095:042 *Þórishús/Þórisstaðir* heimild býli/beitarhús

“Nokkru norðar í hvammi miklum og fögrum við vatnið [Þórisvatn] eru beitarhús, Þórishús.” segir í örnefnalýsingu. “... Þórisstaðir við Þórissvatn ...” segir í Sveitum og jörðum. “Þórisstaðir, afbýli frá Kirkjubæ, er nefnt í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar. Þar voru síðar beitarhús, sem sr. Jakob kallar Þórishús.”

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 12, 18; SJM I, 339; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 178

NM-095:043 *Fornustaðir* bæjarstæði býli

HS: Fornustaðir í landi Kirkjubæjar. Talið að verið hafi kirkjustaður.” “Út af Þórisás, utan við holtið, sem síðast var nefnt, er lágur og allbreiður skógi vaxinn ás, Fornustaðaás. Á honum eru Fornustaðir, gamalt eyðibýli, jafnvel höfuðból, sá lengi fyrir túngarði og tóftum, en nú er það allt komið í skóg nema hluti af túngarði.” segir í örnefnalýsingu. “Fornustaðir á samnefndum ás sv af Gunnhildargerði ...” segir í Sveitum og jörðum.

“Fornustaðir eru líka kallaðir Fornastaðir. Í ferðabók Olavíusar segir, að þar hafi verið fyrrum prestssetur. Það gæti verið rétt, því að í kaþólskum sið áttu að vera 2 prestar á Kirkjubæ. Merkigarðurinn milli Kirkjubæjar og Hallfreðarstaðahjáleigu heldur áfram austan við Þórosvatn allt að Lagarfljóti. Munnmæli segja, að hann hafi skipt löndum milli Kirkjubæjar og Fornustaða. garður þessi nær frá Jökulsá að Lagarfljóti yfir þvera Hróarstungu, en er nú hvergi á landamörkum nema frá Græfnalæk að Þórisvatni.”

Heimildir: Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 178; ÓO: Ferðabók II, 139; Ö-Kirkjubær, 12, 18; SJM I, 339

NM-095:044 garðlag landamerki

“Landamerki Kirkjubæjar og Gunnhildargerðis eru: Úr Merkilág bein lína í Vetrarklett, þaðan bein lína í framanverða Ytritjörn. Þaðan bein lína í fornan merkigarð, sem liggur frá Vörðuhlíð í Lagarfljót.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 15

NM-095:045 *Vörðuhlíð* örnefni

“Landamerki Kirkjubæjar og Gunnhildargerðis eru: Úr Merkilág bein lína í Vetrarklett, þaðan bein lína í framanverða Ytritjörn. Þaðan bein lína í fornan merkigarð, sem liggur frá Vörðuhlíð í Lagarfljót.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 15

NM-095:046 garðlag

“ ... inn með Þórisvatni að norðan að fornum merkigarði, sem liggur frá Þórisvatni norður í Fiskidal svonefndan; eftir þeim dal rennur lækur, sem heitir Fiskilækur og er á landamörkum Kirkjubæjar og Hrærekslækjar.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 18

NM-095:047 *Garðshorn* bæjarstæði býli

“Auk þess nefnir Halldór Stefánsson tvö býli enn í Kirkjubæjarlandi, Garðshorn og Jónssel, en nú veit enginn af þeim mönnum, sem ég hef hitt, hvar þessi býli voru. Jónssel er á eyðibýlaskrá 1794.” segir í örnefnalýsingu. “... Garðshorn, óvíst hvar, en líklega í túnfætinum ...” segir í segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 19; SJM I, 339; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 178

NM-095:048 *Jónssel* bæjarstæði býli
"Auk þess nefnir Halldór Stefánsson tvö býli enn í Kirkjubæjarlandi, Garðshorn og Jónssel, en nú veit enginn af þeim mönnum, sem ég hef hitt, hvar þessi býli voru. Jónssel er á eyðibýlaskrá 1794." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kirkjubær, 19; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 178

NM-095:049 *Ambáttarleiði* örnefni
Í máldaga Kirkjubæjarkirkju frá 1397 er getið um skógarteig milli Fiskilækjar og Ambáttarleiðis.
Heimildir: DI IV, 219

NM-096 Gunnhildargerði

Samkvæmt þjóðsögunni var Gunnhildur landnámskona frá Noregi sem nam land á G en er synir hennar 3 komust til manns úthluta hún þeim bróðurpartinn af jarðeignum sínum. Hjáleiga Kirkjubæjar "Í ábúandatali frá 1732 er Gunnhildargerði talin hjáleiga frá Nefbjarnarstöðum og í landamerkjabréfi frá 1890 er það talið afbýli frá Nefbjarnarstöðum, enda er jörðin ekki stór og líkt og klipin út út landi Nefbjarnarstaða, þar sem land Nefbjarnastaða liggur að Gunnhildargerðis. á tvo vegu, þ.e. að norðan og vestan." Ö-Gunnhildargerði, 4. "Kirkjubær og Nefbjarnastaðir eiga lönd að Gerði, en svo kallast G í daglegu tali. Jörðin nær 1 1/2 km suður frá bæ og 1 km. til norðurs, vestur á Fornustaðaás og austur í Lagarfljót." SJM I, 337.

1918: Tún 3,7 ha, garðar 793 m2 "1917: Túnið er talið 256 arar að stærð; fremur snögglent og brunahætt með köflum. Allt þýft nemaum 64 arar, sem sléttaðir hafa verið. Gefur af sér í meðalári um 60 hesta. Matjurtagarðar um 300 m2, - uppskera óviss. Útengjar snögglendar, ósléttar, votlendar og reytingssamar, en mest nærtækar. Meðalheyfengur 130 hestar. Mikið af heyinu létt fóður. Beitiland: Sumarhagar sæmilega góðir fyrir kýr og hross. Vetrarbeit fyrir sauðfé fremur kjarngóð og land skólgott, en mjög þröngt, - og oft mjög snjóþungt. Fjárgeymsla hæg." Ö-Gunnhildargerði B, 4. "Slægjur eru liglar og fremur reytingssamar. ... Frá náttúrunnar hendi var túnið til allt þýft, en fyrir síðustu aldamót hefur verið farið að slétta það, og voru bæði beðsléttur og aðrar þaksléttur." SJM I, 338.

NM-096:001 *Gunnhildargerði* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð á hól, sem kallaður var Bæjarhóll, og hallaði frá honum á þrjá vegu (ekki að vestan). Hann var fjórar samhliða húsalengjur, er sneru frá vestri til austurs. Hlað var austan bæjar, og sneru að því fjögur timburþil bæjarins. Austan hlaðs mót tveimur syðstu þiljunum var sáðgarður, er náði nokkru lengra til suðurs heldur en móts við bæjarþilin. Í norðvesturhorni hans var smiðja, og snéri þil hennar beint á móti næstsyðsta bæjarþilinu." segir í örnefnalýsingu. Nákvæm lýsing á bæjarhúsunum ásamt uppdrætti fylgir möppu Gunhildargerðis.
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Gunnhildargerði, 6

NM-096:002 *Svarðargrafir* örnefni mógrafir
"Landamerki Gunnhildargerðis og Nefbjarnastaða eru: Úr Merkilág bein lína (NA) út með Stórublá í Hrútahrauni austur fyrir utan Illukeldu, þaðan áfram austur framan við Svarðargrafir, þaðan bein lína í Lagarfljót. "Þar rétt innan við [029] er Dýjalág (fremri), stærðar hvammur eða hvilft upp í landið með lág vestur úr, þakin dýjamosa. Fram af henni skaga klappir út í fljótið, sem heita Veiðiklöpp eða klappir. Þar innan við er Miðflutningur og Innstiflutningur, gamlir ferjustaðir." segir í örnefnalýsingu EE.
Heimildir: E: Ö-Gunnhildargerði A, 1

NM-096:003 *Móhús* heimild fjárhús
"Út af íbúðarhúsinu, sem nú er, er svæðið kallað Háaslétta. Þar út af er víðlent nýræktartún, sem er kallað Móhústún. Þar er fjárhús, sem heitir Móhús." segir í örnefnalýsingu EE. "Norðan þessa túngarðs var Móhústúnið vestast, en austan þess ferkantað, stórþýfttúnskykki, afmarkað af gömlum, vallgrónum túngörðum, hét það Efri-Hringur. Hann var þakslettaður 1915. Á Móhústúninu stóð fjárhús, sem hét Móhús. Hefur það eins og nafnið bendir til upphaflega verið byggt í óræktarmó. Dyr þess sneru í austur, en vestan við það var heyhlaða, kölluð Móhúshlaða. Við hana var jafnan kastað heyi á sumrin og tyrft með

heyjatorfi. Til þæginda voru dyr á hlöðuvegg, er að heyinu sneri. Þaksléttur voru í kringum Móhúsið, nema á móts við það að sunnan við gamla túngarðinn var smáþýfður túnblettur, en slétt var við húsið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 2; Ö-Gunnhildargerði B, 8

NM-096:004 bæjarstæði bústaður

"Innan við Móhústún [003] efst er stykki, sem heitir Rani. Þar inn af er dæld, sem heitir Lág. Innan við hana er Helguvöllur. Sagt er, að þar hafi búið einsetukona, sem hét Helga. Kofatóttinn var utan við götuna, heim að bænum." segir í örnefnalýsingu EE.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 2

NM-096:005 *Sauðhús* heimild fjárhús

"Lítill lækur rennur um túnið, hann kemur út Vetrarsundi. Hann er kallaður Bæjarlækur. Innan við lækinn, beint fram af íbúðarhúsinu, hét Sauðhúsatún. Þar stóð fjárhús, kallað Sauðhús." segir í örnefnalýsingu EE. "Sunnan hans [bæjarhólinn] þar var svokallað Sauðhústún, var það lágur hóll, og á honum stóð fjárhús, kallað Sauðhús. Sneru dyr þess í austur, en vestan við það var hringlaga heyhlaða og myndaðiu þakið einn topp. Hún hét Sauðhúshlaða. Sauðhústúnið var lítið, en þegar það var sléttað (um 1929) var það ofurlítið stækkað og hurfu þá vallgrónar húsatættur, sem á því voru áður." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 2; Ö-Gunnhildargerði B, 6-7

NM-096:006 *Leiði* mannabein legstaður

"Utan við gamla túnið (nú í túni) er smáholt. Þar fundust mannabein, líklega gömul dys. Þarna var svo búið um þau, og sést þess merki. Þar er kallað Leiði." segir í örnefnalýsingu EE. "Fyrir allmörgum árum, líklega 1949 eða 1950, voru börn að leika sér í mónum utan við túnið og rótuðu þá eða grófu lítið eitt í þúfu nokkra og fundu þar hauskúpu ofarlega í jarðvegi. Var hauskúpan látin á sama stað aftur og að henni hlíð og ekkert meira við þessu hreyft. Var álitið, að þarna væri gömul dys. Þjóðminjaverði var gert a'vart um fund þennan oftar en einu sinni, taldi hann líkindi til, að þarna væri um fornt kuml að ræða. Virtist hann draga þá ályktun af því, hvað það var langt frá bæ. Ekki hefur þó dys þessi verið rannsökuð enn. Er nú búið að rækta tún allt í kringum þúst þessa, og er hún kölluð Leiði." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 2; Ö-Gunnhildargerði B, 11

NM-096:007 heimild hlóðir

"Í bæjarlæknum er Stóripyttur. Þar voru hlóðir og notaðar til hvalsuðu o.fl." segir í örnefnalýsingu EE.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 2

NM-096:008 heimild kvíar

"Neðan við túnið er Bæjarmýri. Neðan við mýrina er lágur ás, sem heitir Bæjarás. Norðan á ásnum er Kvíamór (nú ræktaður), hjá honum eru Kvíaklettar." segir í örnefnalýsingu EE. "Þar tekur fyrst við mór [á ásnum] og ofarlega í honum voru tættur, sem líklega hafa verið kvíar, enda var þar kallað Kvíaból, og ofan (austan) þess er ávalur klettur, sem heitir Kvíaklettur. Nú er búið að slétta Kvíabólið og eitthvað af móunum kringum það." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 2; Ö-Gunnhildargerði B, 2

NM-096:009 *Stekkjarbotn* örnefni stekkur

"Yzt á Bæjarás eru klettar, sem heita Drangar. Þar hjá beygir ásinn í átt að Lagarfljóti. Neðan í ásnum, nálægt miðju, er laut, sem heitir Stekkjarbotn." segir í örnefnalýsingu EE.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 2

NM-096:010 *Vörðuholt* örnefni

"Innan við Bæjarásinn er smáholt, sem heitir Vörðuholt. ... Þar inn af er lágt klettabelti, sem heitir Vörðuhlíð." segir í örnefnalýsingu EE.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 2

NM-096:011 heimild landamerki

"Að utanverðu, á landamörkum móti Nefbjarnastöðum, sér votta fyrir gömlum merkigarði niður yfir blána, sem er á milli bæjanna." segir í örnefnalýsingu EE.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 2

NM-096:012 heimild beitarhús
"Við Lagarfljót, nálægt mörkum, er mýrarenni, kallað Hall. Innan við Hallið eru harðvellisbakkar við Fljótið, kallaðir Bakkar. Yzt á Bökkunum er Merkjabotn. Innan við Bakkana og nokkru ofar voru Beitarhús. Utan við húsin eru Beitarhúsaholt." segir í örnefnalýsingu EE. "Þau voru þrjú samhliða fjárhús, sneru dyr í austur, en vestan við þau var heyhlaða. Fjárrétt var norðaustan við húsin, mjög nærri þeim. Kringum beitarhúsin var smátún." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 3; Ö-Gunnhildargerði B, 18

NM-096:013 tóft smiðja
"Við Lagarfljót, nálægt mörkum, er mýrarenni, kallað Hall. Innan við Hallið eru harðvellisbakkar við Fljótið, kallaðir Bakkar. Yzt á Bökkunum er Merkjabotn. Innan við Bakkana og nokkru ofar voru Beitarhús. Utan við húsin eru Beitarhúsaholt. Innan við húsin er klettur vallgróinn að framan, sem heitir Smiðjuhóll." segir í örnefnalýsingu EE ."Framan í (sunnan í) suðurenda Smiðjuhólsins er dálítil hvilft grasigróin, þar sést móta fyrir tóftum og var sagt, að þar hefði verið smiðja fyrr á tímum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 3; Ö-Gunnhildargerði B, 18

NM-096:014 *að fara yfir á Rimanum* heimild ferja
"Fram og niður af Smiðjuhól er melhryggur meðfram Fljótinu, sem heitir Rimi. Þar var ferjustaður og talað um að "fara yfir á Rimanum." segir í örnefnalýsingu EE. "Götur [058] liggja frá Ásnum niður Rimann og framan (sunnan) við Smiðjuhólsendann og þaðan beint niður að Lagarfljóti. Þar var ferjustaður, en þó eki lögferja, það var kallað "að fara yfir á Rimanum" ... Þar sem ferjustaðurinn var er lítið undirlendi, nema þegar mjög lítið vatn er í Fljótinu ... Hafði því verið gerður bás upp í bakkann fyrir ferjuna og hún dregin þangað upp og bundin þar, þegar "Fljótið tók að vaxa". En stundum hrökk það ekki til og tók þá Fljótið ferjuna." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 3; Ö-Gunnhildargerði B, 18-19

NM-096:015 heimild kolagröf
"Þess er getið, að greinileg merki kolagerðar í stórum stíl eru í Smiðjuhólsennum. Þar eru margar kolagrafir." segir í örnefnalýsingu EE.
Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 3

NM-096:016 *Einarsstekkjablá* örnefni stekkur
"Neðarlega í Kjóholtsblá er Kjóholt. Upp af blánni eru Höfðingjar (sjá áður). Framan við Höfðana er Einarsstekkjarbá (nefnd svo hér). Hún er að mestu leyti í Kirkjubæjarlandi, merkigarðurinn (áðurn.) er rétt framan við Stórhöfða." segir í örnefnalýsingu EE.
"Ath. Sr. Jakob þ.e. sr. Jakob Einarsson frá Hofi, kallaði þessa blá Einstökublá eða Gerðisblá. Í merkjabréfi er hún kölluð Flutningsmýri. Athugasemd skrásetjara. Einhver ruglingur er með þetta örnefni. Prentvilla er í Kirkjubæjarskránni og ekki gott að átta sig á því. Einstakablá er á öðrum stað í Kirkjubæ, en þar kannast enginn af núverandi heimildamönnum við það og ekki heldur hér. Merkabréfið, sem vitnað er í, veit ég ekki, hvar er niðurkomið. (E.E)."
Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 3

NM-096:017 heimild mylla
"Bæjarlækurinn rennur niður innarlega á Bæjarhlíð. Þar heitir hann Myllulækur." segir í örnefnalýsingu. EE. "Myllulækurinn kemur úr Vetrarsundi og beygir fyrir Hraunsnef, og rennur þá í bugðum austur í útjaðri Myllubotns. Var vatni veitt úr honum eftir skurði til myllunnar og rann það undir mylluna og snéri myllukarlinum; þaðan rann það aftur í lækinn. Lækurinn rekur þar á sig sveig og hefur unnið mikið á berginu og grafið sig niður og steypist síðan fram af hlíðarbrúninni og myndar þar dálítinn foss. Klettabríkin framan við fossinn heitir Mylluklettur. Neðan fossins heldur lækurinn áfram smáspöl austur og endar þar og vatnið úr honum dreifist um mýrina framan (sunnan) við túnið, en fer mest í keldur, sem um hana liggja." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 4; Ö-Gunnhildargerði B, 14

NM-096:018 vegur leið
"Þar á hlíðarbrún [Bæjarhlíðarinnar] er stór steinn, sem heitir Hnatta. Þá er enn utar hæsti kletturinn í hlíðinni, hann heitir Galtastaðaklettur. Þar nálægt lá vegurinn að Galtastöðum ytri." segir í örnefnalýsingu EE. Gæti verið sama og 030.
Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 4

NM-096:019 heimild mógrafir
"Út frá henni [Vörðuhlíð sjá 010] gengur klettahryggur, sem heitir Rani. Ofan við Ranann eru svarðargrafir." segir í örnefnalýsingu EE.
Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 4

NM-096:020 *Kolahjalli* örnefni kolagröf
"Hjallinn upp af Vörðuhlíð [sjá 010] heitir Kolahjalli. Þar nálægt voru slægjublettir, kallaðir Kolahjallablettir." segir í örnefnalýsingu EE. Á honum vex skjógarkjarr og gráviður segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 4; Ö-Gunnhildargerði B, 22

NM-096:021 varða landamerki
"Úr Lagarfljóti utanvert á svonefndum Nasalækjartanga og bein lína eftirr gömlum merkagarði [011] upp í Illukelduholt og þaðan í vörðu á austara Hrútahrauni." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 2

NM-096:022 *Lambhús* heimild fjárhús
"Nokkru vestar á Bæjarhólnum stóðu þrjú frekar lítil fjárhús samhliða, kölluð Lambhús, og sneru dyr þeirra í suður. Norðan við þau var nokkuð stór hlaða, kölluð Lambhúshlaða, og var úr henni gengið fram í garða í hverju húsi fyrir sig." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 6

NM-096:023 heimild hlaða
"Nokkru vestar á Bæjarhólnum stóðu þrjú frekar lítil fjárhús samhliða, kölluð Lambhús, og sneru dyr þeirra í suður. Norðan við þau var nokkuð stór hlaða, kölluð Lambhúshlaða, og var úr henni gengið fram í garða í hverju húsi fyrir sig." segir í örnefnalýsingu. Ekki ljóst hvort hlaðan hefur verið áföst húsunum.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 6

NM-096:024 brunnur vatnsból
"Djúpur brunnur var á Bæjarhólnum, mitt milli Lambhúsa og bæjar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 6

NM-096:025 heimild
"Sunnan hans [bæjarhólinn] þar var svokallað Sauðhústún, var það lágur hóll, og á honum stóð fjárhús, kallað Sauðhús. Sneru dyr þess í austur, en vestan við það var hringlaga heyhlaða og myndaði þakið einn topp. Hún hét Sauðhúshlaða. Sauðhústúnið var lítið, en þegar það var sléttað (um 1929) var það ofurlítið stækkað og hurfu þá vallgrónar húsatættur, sem á því voru áður." segir í örnefnalýsingu. Ekki ljóst hvort þessar allgrónu húsatættur eru af Sauðhúsunum eða eldri byggingaleifar.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 6-7

NM-096:026 heimild
"Á Tungunni [þrístrend spilda þar sem túninu hallaði frá bænum til suðurs og suðausturs], nær læknum, sást móta fyrir allstórri tóft." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 7

NM-096:027 *Kirkjubæjargata* gata leið
Gata lá frá hlaðinu, nálægt læknum og síðan alla leið til Kirkjubæjar. "Vestan þessa sunds er ás, sem heitir Gatnaás, hann er hæstur þeirra ása, sem taldir hafa verið. Dregur hann nafn af því, að austan í honum liggur gatan til Kirkjubæjar, en hún beygir síðan yfir Mjóasund (fremst) eftir brú (tröð) austur á Hestana." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 7, 23

NM-096:028 *Helguleiði* örnefni legstaður
"Þúst nokkur, aflög var sunnan götu [027], nær tjörinni, kölluð Helguleiði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 7

NM-096:029 heimild túngarður
"Norðan Helguvallar og vestan Bæjarhólsins var Lágin, hún var lægst af túninu, en greiðfær til sláttar og grasgefin. Hún náði að vestan að gömlum túngarði og norður að götu, sem kölluð var Galtastaðagata og lá fyrst út frá hlaðinu og beygði síðan beint vestur túnið upp að gamla túngarðinum eins og Kirkjubæjargatan." "Norðan (utan) þss svæðis, sem síðast er lýst [sjá 044], og neðan sléttunnar út að hesthúsunum var allstórt, þýft túnstykki, kallað Stóraþýfi. Eftir því endilöngu frá vestri til austurs sást móta fyrir gömlum vallgrónum túngarði, er var framhald af garðinum, sem var sunnan Neðra- og Efra-Hrings og norðan Rana efst í túninu. ... Túngarður sá, sem áður getur, að Lágin hafi náð að að vestan, náði til suðurs á móts við tjörnina, og norðurendi hans hefur náð að enda túngarðsins, sem lá meðfram Rananum, og myndað þar nær rétt horn (á túninu áður fyrr). Síðan hefur verið bætt við túnið, t.d. Efri- og Neðri-Hring, eins og garðar sýndu, en innri garðar þá felldir eða ekki haldið við. Túngarðinum ofan túns (vestan) hefur verið lengur haldið við, en öðrum túngörðum um túnið. Hann var hærri en aðrir garðar og sums staðar lítið hrunin sú hliðin, sem frá túninu sneri." segir í örnefnalýsingu. Virðist sem allir garðarnir hafi tengst saman og því aðeins skráður einn túngarður auk garðana umhverfir hringana.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 7, 10-11

NM-096:030 *Galtastaðagata* gata leið
"Norðan Helguvallar og vestan Bæjarhólsins var Lágin, hún var lægst af túninu, en greiðfær til sláttar og grasgefin. Hún náði að vestan að gömlum túngarði og norður að götu, sem kölluð var Galtastaðagata og lá fyrst út frá hlaðinu og beygði síðan beint vestur túnið upp að gamla túngarðinum eins og Kirkjubæjargatan." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 018.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 7

NM-096:031 heimild þvottastaður
"Á vorinn var bæjarlækurinn vengulega stlíflaður, áður en ullin var þvegin í honum, og hlóð þá vatni yfir Lágina um tíma, þótti það auka grasvöxtinn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 7

NM-096:032 *Efri-Hingur* garðlag vörslugarður
"Norðan þessa túngarðs var Móhústúnið vestast, en austan þess ferkantað, stórþýfttúnstykki, afmarkað af gömlum, vallgrónum túngörðum, hét það Efri-Hringur. Hann var þaksléttaður 1915." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 8

NM-096:033 *Hrútakofi* heimild fjárhús
"Norður frá Móhúsi stóð lítill kindakofi í útjaðri túns, kallaður Hrútakofi. Í honum var jata við norðurvegg, en ekki garði eftir miðju húsi eins og var í öllum hinum fjárhúsunum. Engin heyhlaða var við kofa þennan." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 8

NM-096:034 heimild kvíar
"Í norðausturátt frá Hrútakofa, nokkru utan túns, voru byggðar kvíar (úr hnausum) í óræktarmó, líkl. árið 1910. Mórinn frá túninu að kvínum var stunginn upp og sléttaður." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 8

NM-096:035 heimild útihús
"Síðar, líklega um 1920-21, var byggt gripahús "út og upp" (norðvestur) frá kvíunum og byggt við það heyhlaða með járnþaki. Þar var fyrsta járnþakið á húsum í Gunnhildargerði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 8

NM-096:036 *Nefbjarnarstaðagata* gata leið
“Gata, sem köluð var Nefbjarnarstaðagata, lá frá bænum norðanverðum út túnið austan eystri enda Ranans og austarlega um Efri-Hring og út sléttu utan hans.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 9

NM-096:037 *Neðri-Hingur* garðlag vörslugarður
“Utan hans (túngarðsins norðan Ranans 029?] tók við stórþýft, ferkantað túnstykki á móts við Efri-Hring, afmarkað af vallgrónum túngörðum. Hét það Neðri-Hingur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 9

NM-096:038 heimild hesthús
“Norðaustur af bænum var hesthús og hlaða við það. Hafði það upphaflega verið byggt utan túns.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 9

NM-096:039 *Rauðkukofi* heimild hesthús
“Sunnan hesthússins var byggður lítill hesthúskofi, stundur kallaður Rauðkukofi (eftir íbúanum). Smá túnslétta var gerð utanvert við hlaðvarpa árið 1910. Síðar var gerð allstór slétta utanvert við hlaðvarpa árið 1910. Síðar var gerð allstór slétta út frá þeirri sléttu (en breiðari miklu), sem náði út að Rauðkukofa, þá hvarf gata, en þangað hafði legið.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 9

NM-096:040 heimild leið
“Sunnan hesthússins var byggður lítill hesthúskofi, stundur kallaður Rauðkukofi (eftir íbúanum). Smá túnslétta var gerð utanvert við hlaðvarpa árið 1910. Síðar var gerð allstór slétta utanvert við hlaðvarpa árið 1910. Síðar var gerð allstór slétta út frá þeirri sléttu (en breiðari miklu), sem náði út að Rauðkukofa, þá hvarf gata, en þangað hafði legið.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 9

NM-096:041 heimild smiðja
“Bæjarhlaðinu hallaði lítið eitt til norðurs að hlaðvarpanum, sem var utan smiðju.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 9

NM-096:042 heimild
“Bæjarhlaðinu hallaði lítið eitt til norðurs að hlaðvarpanum, sem var utan smiðju. Hlaðvarpanum hallaði talsvert niður á jafnsléttu. Neðan hans tók við ávöl hólabunga, sem hækkaði eftir því sem austar dró þar sem hóllinn var hæstur, var niður í hann aflöng lægð, e.t.v. hefur þar fyrir löngu síðan verið niðurgrafið hús.” segir í örnefnalýsingu. Niðurgrafið haugstæði fyrir húsdýraábyrð var í öðrum enda lægðarinnar.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 9

NM-096:043 *Kletthús* örnefni
“Þar sem hóllinn var hæstur [sjá 042] snarhallði honum til suðurs niður að mýrinni og læknum. Þar neðst í hólnum sást í lítinn klett með hvilft í, var hann kallaður Kletthús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 10

NM-096:044 heimild
“Þar sem hóllinn var hæstur [sjá 042] snarhallaði honum til suðurs niður að mýrinni og læknum. Þar neðst í hólnum sást í lítinn klett með hvilft í, var hann kallaður Kletthús. Skammt neðan (austan) þessa hóls var óreglulega lagaður hólávali, og nokkru þar neðar voru grasigrónar húsatættur nærri læknum, þar sem hann beygir neðan túns.” segir í örnefnalýsingu. Kletthúsanafnið 043, gætu verið dregið af þessum tættum.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 10

NM-096:045 heimild rétt
“Fyrir ofan þennan garð (029), eða við hann, var fjárrétt, sem áður hafið verið notuð að hluta fyrir kvíar, en nokkru eftir að kvíar voru byggðar utan túns var þessari rétt breytt í sáðgarð.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 11

NM-096:046 heimild leið
"Á þremur stöðum upp af bænum var þó komizt upp á hana [Hlíðina] með hesta, nyrzt upp götu, er lá til Galtastaða [sjá 018 og 030], þá upp götusneiðinga beint upp af bænum; þær götur voru farnar til Hrærekslækjar og einnig mikið notaðar fyrir fénað, t.d. kvíaær." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 12

NM-096:047 heimild leið
"Á þremur stöðum upp af bænum var þó komizt upp á hana [Hlíðina] með hesta, nyrzt upp götu, er lá til Galtastaða [sjá 018 og 030], þá upp götusneiðinga beint upp af bænum; þær götur voru farnar til Hrærekslækjar og einnig mikið notaðar fyrir fénað, t.d. kvíaær. Loks voru götusneiðingar fram og upp frá bænum; var sú leið valin, þegar farið var till Hallfreðarstaða og þegar gæta þurfti myllunnar eða "smala fyrir norðan", sem kallað var, þó það væri raunar fyrir vestan." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 12

NM-096:048 *Lind* lind vatnsból
"Innarlega á Hlíðinni er dökkleitt standberg, sem heitir Svartikleggur; fram af honum og jafnvel úr honum vætlaði oft vatn, og við brekkurætur neðan hans var nokkur seyla. Þar niður af á jafnsléttu var uppspretta, kölluð Lind, þar þraut sjaldan vatn (aldrei svo ég muni). Þegar frosthörkur voru á veturna og vatn þraut í Bæjarlæknum og brunnvatn þótti ekki orðið hægt til matargerðar, var bæjarvatnið sótt í Lindina í tunnu, sem ekið var á sleða. Einnig kom það fyrir í þurrkasumrum, að þvottur var þveginn við Lindina, og þar voru hlóðir, svo hægt var að skjóða þvottinn þar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 13

NM-096:049 heimild þvottastaður
"Innarlega á Hlíðinni er dökkleitt standberg, sem heitir Svartikleggur; fram af honum og jafnvel úr honum vætlaði oft vatn, og við brekkurætur neðan hans var nokkur seyla. Þar niður af á jafnsléttu var uppspretta, kölluð Lind, þar þraut sjaldan vatn (aldrei svo ég muni). Þegar frosthörkur voru á veturna og vatn þraut í Bæjarlæknum og brunnvatn þótti ekki orðið hægt til matargerðar, var bæjarvatnið sótt í Lindina í tunnu, sem ekið var á sleða. Einnig kom það fyrir í þurrkasumrum, að þvottur var þveginn við Lindina, og þar voru hlóðir, svo hægt var að skjóða þvottinn þar." segir í örnefnalýsingu.
Ö-Gunnhildargerði B, 13

NM-096:050 heimild hlóðir
"Innarlega á Hlíðinni er dökkleitt standberg, sem heitir Svartikleggur; fram af honum og jafnvel úr honum vætlaði oft vatn, og við brekkurætur neðan hans var nokkur seyla. Þar niður af á jafnsléttu var uppspretta, kölluð Lind, þar þraut sjaldan vatn (aldrei svo ég muni). Þegar frosthörkur voru á veturna og vatn þraut í Bæjarlæknum og brunnvatn þótti ekki orðið hægt til matargerðar, var bæjarvatnið sótt í Lindina í tunnu, sem ekið var á sleða. Einnig kom það fyrir í þurrkasumrum, að þvottur var þveginn við Lindina, og þar voru hlóðir, svo hægt var að skjóða þvottinn þar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 13

NM-096:051 heimild traðir
"Vegna beytu í mýrinni neðan Hlíðarinnar og seylu frá hlíðarbrekkunni hafði verið gerð mjó, upphlaðin tröð á kafla utan við fossinn, og var ræsi í gegnum hana á móts við Svartaklett. Þar neðan traðar var Lindin." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 13

NM-096:052 heimild vatnsból
"Dálítið frá brekkurótum voru í mýrinni nokkrir smápyttir í röð skammt framan Þrístrendu, virtist vera neðanjarðargangur milli þeirra og líklega verið í sambandi við seyluna frá brekkunni. Þessi pyttir hétu Holur. Vatnið í Holunum var tært og gott, og var stöku sinnum stótt vatn í þær." segir í örnefnalýsingu. Holurnar horfnar og skurður kominn í staðinn.
Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 13-14

NM-096:053 heimild traðir

“Eins og áður segir, beygir Bæjarlækurinn og rennur áfram neðan (austan) túns, og þar sem túnið nær lengra austur, er brú á læknum og tröð þvert austur yfir mýrina neðan túnsins; hún var mun breiðari en tröðin meðfram Hlíðinni [051] .” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 14

NM-096:054 brunnur vatnsból

“Meðfram læknum neðan bæjar var hún [mýrin] kölluð Fit. Í henni niður frá bænum var brunnur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 15

NM-096:055 heimild rista

“Neðan (austan) Dranganna og utan (norðan) er blá, sem heitir Drangablá. Þar var stundum heyjað, sérstaklega í þurrkatíð. Nyrst fyrir neðan Drangana er góð velta, sem kallað er. Þar voru skornir strengir í torfveggi og torf á hústök og hey. Þar var svo góð velta (þ.e. grasrót djúp (þykk) og seig), að hægt var að skera undanskerur og jafnvel tvær sums staðar á sama blettinum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 17

NM-096:056 garðlag

“Ásinn er hæstur á móts við holtið í mýrinni. Neðan í þeirri hæð og til hliðar við hana er lægð eða botn, og þar sést móta fyrir gömlum görðum. Þetta heitir Stekkjarbotn, en varla hefur þar verið stekkur, því að garðarnir afmarka stærri blett en þarf til þeirra nota, enda sumt af honum mýri. Þetta gæti hafa verið áheldi fyrir gripi, jafnvel nátthagi fyrir fáar kvíaær.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 17

NM-096:057 varða samgöngubót

“Fyrir neðan (austan) Ásinn er Beitarhúsamýrin. Voru vörður hlaðnar yfir hana frá Ásnum (nær móts við bæ) og beint niður (austur) að Beitarhúsunum, svo að beitarhúsasmalinn villtist síðar í dimmviðri á veturna.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 17

NM-096:058 gata leið

“Götur liggja frá Ásnum niður Rimann og framan (sunnan) við Smiðjuhólsendann og þaðan beint niður að Lagarfljóti. Þar var ferjustaður, en þó eki lögferja ...[sjá 014]” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 18

NM-096:059 heimild naust

“Götur [058] liggja frá Ásnum niður Rimann og framan (sunnan) við Smiðjuhólsendann og þaðan beint niður að Lagarfljóti. Þar var ferjustaður, en þó eki lögferja, það var kallað “að fara yfir á Rimanum” ... Þar sem ferjustaðurinn var er lítið undirlendi, nema þegar mjög lítið vatn er í Fljótinu ... Hafði því verið gerður bás upp í bakkann fyrir ferjuna og hún dregin þangað upp og bundin þar, þegar “Fljótið tók að vaxa”. En stundum hrökk það ekki til og tók þá Fljótið ferjuna.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 18-19

NM-096:060 heimild mógrafir

“... og mun hann [Dragalækurinn] renna nær alveg neðanjarðar síðasta spölinn og skila vatni sínu að lokum í Nasalæk (um svarðargrafir).” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 20

NM-096:061 heimild

“Norðvestur af ytri enda Vetrarsunds og Hraunsnefs er dálítil hæðarbunga eða klettabrík, sem heitir Vörðuhraun, var þar varða.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 23

NM-097 Nefbjarnarstaðir

12 hdr. 1695, 8 hdr. 1847. 1570 og síðar er N nefndi í máldaga Kirkjubæjar. DI XV, 678. Samkvæmt þjóðsögunni byggðist jörðin snemma er Nefbjörn sonur Gunnhildar á Gunnhildarstöðum fékk jörðina úthluta að eignum móður sinnar. Kirkjubæjarkirkjueign. HÞ: Næfbjarnarstaðir. Næ er upprunalega, jörðin gæti verið nefnd eftir Næfur-Byrni. Af því dregnar hinar myndirnar sem eru Næbjarnarstaðir og Nefbjarnarstaðir. Árbók 1923, 90. Jörðin í eyði frá 1946. "... en jörðin á land austur að Lagarfljóti og skammt vestur fyrir bæjarstæðið. Stekkásar eru á Geirastaðamörkum, Hrútahrun á Gunnhildargerðismörkum, og að vestan er land Galtastaða út." SJM I, 336.

1918: Tún 3 ha. 1917: "Túnið er talið um 320 arar að stærð, þýft, snögglent og brunahætt. Gefur af sér að meðaltali um 100 hesta. ... Útengi snögglent, meirihl. þýft, fremur votlent og ósamfelt. Engjavegur stuttur. Hey létt og fremur óholt. meðalheyfengur c: 300 hestar. Beitiland er fremur lélegt fyrir allar skepnur, bæði til sumar- og vetrarbeitar, þröngt, skjóllítið, snjóþungt, en fremur nærtækt. Fjárgeymsla hæg." Ö-Nefbjarnarstaðir, 4. "Engjar þóttu allgóðar á samfelldum mýrum, nokkuð blautum að vísu. Bærinn stóð austan undir lágri klettahæð og túnið í kring, mjög þýft en grasgefið. ... Túnið var sléttað 1946-´48 að undanskilinni dálítilli spildu kringum gömlu fjárhúsin ..." SJM I, 336.

NM-097:001 *Nefbjarnarstaðir* bæjarhóll bústaður
"Gamli bærinn á Nefbjarnarstöðum stóð á hól neðarlega í túninu. Það var torfbær byggður fyrir síðustu aldamót." segir í örnefnalýsingu. "Baðstofan mun hafa verið 6/4x5 álnir, portbyggð og tvílyft, og öll var hún þiljuð innan nema gangur niðri, þar sem stiginn var upp í baðstofuna. Niðri var eitt herbergi og eldhús. ... Bæjardyr voru næst utan (norðan) baðstofu, sneri þil þeirra fram að hlaði (austus) með dyrum og tveim gluggum á. Geymsluloft var yfir bæjardyrum. Til hliðar við bæjardyr (norðan) var skemma með þil fram að hlaði (austus) með þremur gluggum á. Loft var yfir skemmunni, kallað skemmuloft. Bak við þessi hús voru búr, eldhús og fjós." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Nefbjarnastaðir, 5

NM-097:002 heimild hlaða
"Heyhlaða var framan (sunnan) við baðstofuna og önnur heyhlaða ("kúahlaða") var skammt sunnan við hana, en þó nokkurt bil á milli stafna þeirra. Báðar heyhlöðurnar sneru frá norðri til suðurs (þ.e. "út", "fram") eins og baðstofan." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 6

NM-097:004 heimild hlaða
"Heyhlaða var framan (sunnan) við baðstofuna og önnur heyhlaða ("kúahlaða") var skammt sunnan við hana, en þó nokkurt bil á milli stafna þeirra. Báðar heyhlöðurnar sneru frá norðri til suðurs (þ.e. "út", "fram") eins og baðstofan." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 6

NM-097:005 brunnur vatnsból
"Brunnur var ofan við þetta sund milli heyhlaðanna, sem aldrei þraut vatn í; var í honum mjög gott vatn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 6

NM-097:006 *Lambhús* heimild fjárhús
"Skammt ofan (vestan) við bæinn voru tvö samhliða fjárhús, kölluð Lambhúsin, nær brekkunni, var lítill hesthúskofi (fyrir einn hest)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 6

NM-097:007 heimild hesthús
"Skammt ofan (vestan) við bæinn voru tvö samhliða fjárhús, kölluð Lambhúsin, nær brekkunni, var lítill hesthúskofi (fyrir einn hest)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 6

NM-097:008 *Hjáleiguhús* heimild fjárhús
“Talsverðan spöl fyrir utan (norðan) bæinn voru þrjú samhliða fjárhús, sem hétu Hjáleiguhús, sneru dyr þeirra í austur. Stuttu fyrir ofan (vestan) Hjáleiguhúsin var stór aflangur hóll í túninu. Í kringum Hjáleiguhúsin var tún, sem kallað var Hjáleigutún, og var það afmarkað af gömlum, vallgrónum túngörðum. Talið var, að þarna hafi verið hjáleiga fyrir löngu síðan.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 6-7

NM-097:009 *Hringhús* heimild fjárhús
“Skamt utan (norðan) við Hjáleiguhúsin beygði túnið til austurs, og var þar eitt fjárhús, sem hét Hringhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 7

NM-097:010 heimild hesthús
“Í norðavesturhorni túnsins, upp undir brekkunni, var lítill hesthúskofi (fyrir einn hest), og nær fast utan (norðan) við hann var allstór fjárrétt utan túns.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 7

NM-097:011 heimild rétt
“Í norðavesturhorni túnsins, upp undir brekkunni, var lítill hesthúskofi (fyrir einn hest), og nær fast utan (norðan) við hann var allstór fjárrétt utan túns.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 7

NM-097:012 heimild hesthús
“Suðvestur (“inn og upp”) frá bænum utan túns stóð hesthús og hlaða við það upp á klettabrík.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 7

NM-097:013 gata leið
“Fyrir ofan (vestan) túnið er Ásinn ... Beint upp af litla hesthúskofanum ofan Lambahúsa, sem áður er nefndur, lá götusneiðingur upp á Ásinn; þar var brekkan kölluð Kvíabrekka.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 7

NM-097:014 heimild kvíar
“Fyrir ofan (vestan) túnið er Ásinn ... Beint upp af litla hesthúskofanum ofan Lambahúsa, sem áður er nefndur, lá götusneiðingur upp á Ásinn; þar var brekkan kölluð Kvíabrekka. Kvíar höfðu verið uppi á Ásnum, og sáust þar tóftarbrot af þeim og þangað höfðu götur þessar legið.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 7

NM-097:015 *Kletthús* þjóðsaga huldufólksbústaður
“Af bæjarhlaðinu lá gata fram (suður) túnið (neðan hóla, sem þar voru í túninu) til Gunnhildargerðis. Svo kallað Kletthús er þar sem túnið þraut, og lá gatan rétt ofan (vestan) við það. Kletthúsið er allstór og sérkennilegur klettastallur við suðausturhorn túnsins; sú hlið þess, sem austur snýr að Fitinni, er snarbrött og sést þar eins og móta fyrir dyrum. Talið var, að huldufólk byggi í Kletthúsinu ...” segir í örnefnalýsingu.

Saga Ingibjargar Halldórsdóttir sem bjó að N 1927-1932. “Undir haust er svo boðað til þings og allir bændur taka reiskjóta sína og mæta þar sem vera ber. Nú dettur okkur Þórunni í hug að hafa það gott og huggulegt, bara tvær heima með lítin dreng á 1. ári, setjumst inn í baðstofu, hún með drenginn, en ég tek spenandi sögubók og les upphátt fyrir okkur. En ekki búin lengi að lesa, þegar barið er knálega að dyrum. Okkur kom þetta mjög á óvart, og ég bið Þórunni að fara fram, “far þú”, segir hún “ég er teppt með barnið” og ég þýt fram, en lít til þeirra, þegar ég er að fara niður stigann, og þá var sú aldraða [föðursystir Björgvins eiginmanns Ingibjargar] kímin á svip. Ég fer svo út og allt í kringum bærinn. Enginn maður, engin skepna, því hundarnir höfðu auðvitað brugðið sér líka á þingið. Allt grafarkyrrt og hljótt.”Jæjar, þá fekkstu að vita það” var sagt með spotzkum róm, þegar ég kom inn, “ég vissi strax, að erindið var við þig, þegar barið var.” En ég segi mig ekki betri en það, að mér var um og ó og ekki sama svona í bili. Oftar en einu sinni sá ég ríðandi fólk á ferð, sem hvergi kom fram, þegar ég spurði, og hef ég hvergi verið í jafn dularfullu umhverfi. Einn vetur, sem ég var á Nefbjarnarstöðum, var skóli á næsta bæ, Geirastöðum, Einar Jónsson

kennari. ... Svo fklýti ég mér að koma frá hádegismatnum, svo allt sé klárt fyrir gestakomuna. Fer fram á dyraloft að sækja eitthvað, glugginn vissi út á hlaðið, en þegar ég er að fara inn aftur, heyri ég skraf og skellihlátra, flýti mér inn og bið Björgvin fara út og fylgja gestum til baðstofu, það hafi verið að koma utan að bænum með óskapa ærslum og galsa, séu sjálfsagt allir krakkarnir úr skólanum. Já, já! en þegar út er komið er enginn kominn og kom aldrei þann dag."

Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 8; Nefbjarnarstaðir 1-3

NM-097:016 *Kletthús* heimild fjárhús

"Á Kletthúsinu hafði áður staðið fjárhús, sem fyrir löngu hafði verið rifið, sökum þess, að erfitt þótti að hýsa þar fé í vondum veðrum að vetrarlagi, því það vildi hrekja fram af klettabrúninni." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Nefbjarnastaðir, 8

NM-097:017 gata leið

